FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

94. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 22. APRÍL 2017

Reif sig frá ruglinu og ætlar upp

Aron Can gaf út plötu í vikunni sem fjallar um tímann síðan hann varð frægur, hæðir og lægðir. Hann missteig sig í byrjun en setur núna markið á útlönd, áframhaldandi velgengni og að koma vel fram við fólkið sitt. →30

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Stærsti leikur ársins

Bestu lið Spánar, Real Madrid og Barcelona, mætast á sunnudag. →78

Andvökunætur í lögreglunni

Snorri Birgisson um hættulega árás og mansal. →24

Herskár forseti sækir sér meiri völd

Hver er Recep Tayyip Erdogan? →76

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA ● ORKA ÍSLANDS

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Veður



Austlæg eða breytileg átt, víða hæg. Él í flestum landshlutum og dálítil snjókoma syðst á landinu um kvöldið. Hiti víða 0 til 5 stig að deginum. SJÁ SÍÐU 44

Kostnaðarsamt óhapp varð í óveðri.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tjón WOW yfir 100 milljónir

SAMGÖNGUR „Það er ekki búið að taka saman hversu mikið tjónið er en ég get sagt að kostnaður verður yfir 100 milljónir króna," segir Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW air, en ein af þremur Airbus A330 breiðþotum flugfélagsins skemmdist eftir að farangursvagn frá IGS, dótturfélagi Icelandair, fauk á hana í óveðrinu á annan í páskum.

Vegna atviksins varð keðjuverkun þannig að fjölmargir farþegar komust ekki til Íslands á réttum tíma og munu síðustu farþegarnir lenda í dag.

Flugfélagið þurfti að leigja 529 sæta tveggja hæða breiðþotu til að koma strandaglópunum til landsins.

Svanhvít segir að starfsfólk WOW air sé búið að vinna hörðum höndum að því að leysa málin síðan flugvélin skemmdist. „Fjöldi starfsfólks WOW air hefur unnið í þessu máli, dag og nótt síðustu daga. Starfsfólk okkar hefur eftir fremsta megni reynt að koma farþegum til landsins sem fyrst en þetta hefur verið erfitt og flókið mál."

Lokið var við viðgerð og yfirferð breiðþotu WOW í morgun og mun vélin hefja áætlunarflug síðar í dag.
– bb

Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW Air.

Gráir fyrir járnum á Grettisgötu

Mikill viðbúnaður var hjá sérsveit ríkislögreglustjóra í gær er fregnir bárust af manni á Grettisötu sem talinn var ætla að vinna sjálfum sér mein. Höfðu sérsveitarmennirnir meðferðis ýmis verkfæri, til að mynda gula höggboltabyssu. Aðgerðirnar vöktu nokkur ónot meðal vegfarenda.

Tugmilljóna bíll ekki afhentur

DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að tugmilljóna króna Tesla-bifreið stofnanda United Silicon á Íslandi yrði áfram í haldi yfirvalda.

Stofnandinn, Magnús Ólafur Garðarsson, er grunaður um „stórfelldan og ítrekaðan hraðakstur" á bílnum sem og að hafa valdið slysi á Reykjanesbrautinni þann 20. desember síðastliðinn.

Í dómsgögnum segir að Magnús sé sakaður um að hafa keyrt of hratt vestur eftir Reykjanesbrautinni í slæmum aðstæðum. Magnús hafi misst stjórn á bílnum og ekið utan í annan bíl. Í dómnum kemur fram að Magnús segi málið einfalt. Hann hafi misst stjórn á bílnum vegna ytri aðstæðna. Saksóknarar telja bílinn hafa sönnunargildi og segja líklegt að gerð verði krafa um að bíllinn verði gerður upptækur. **– þea**

Hér skortir eftirlit með duldum auglýsingum

Forstjóri Neytendastofu segir þörf á meiri mannafla vegna dulinna auglýsinga á samfélagsmiðlum. Neytendastofa hefur ekki haft samband við áhrifavalda á samfélagsmiðlum vegna dulinna auglýsinga líkt og bandarísk yfirvöld hafa gert.

VIÐSKIPTI Að mati Tryggva Axelssonar, forstjóra Neytendastofu, skortir mannafla til að taka á duldum auglýsingum áhrifavalda á samfélagsmiðlum á borð við Instagram.

„Við erum með 15 stöðugildi á Neytendastofu og starfsemi okkar er svo víðtæk þannig að það gefur augaleið að það er skortur, það þarf aukinn kraft í þessa hluti," segir Tryggvi. Stöðugt þurfi að forgangsraða.

„Það eru ekki bara auglýsingar þarna heldur líka verðmerkingaeftirlit. Við erum að fá fleiri og fleiri eftirlitsverkefni. Þetta er mjög víðtæk starfsemi," segir Tryggvi.

Greint var frá því í gær að samtökin Public Citizen í Bandaríkjunum hefðu sent yfir 90 erindi til svokallaðra áhrifavalda: Hollywood-stjarna, íþróttamanna og fyrirsæta, til að ítreka að þeir ættu að taka það fram í upphafi hvers innleggs á Instagram ef verið væri að auglýsa vörur.

„Við gáfum út leiðbeiningar árið 2015 og sendum á fjölmiðla og einhverja bloggara. En við höfum ekki farið af stað aftur með svona kynningarátak," segir Daði Ólafsson, lögfræðingur hjá Neytendastofu.

Daði segir Neytendastofu nú með eitt mál í gangi sem augljóst sé að tilefni hafi verið til að skoða. Fyrirtæki auglýsti á Instagram og voru innleggin ekki nægilega vel merkt. Neytendastofa getur gefið fyrirmæli um breytingar og lagt á sektir.

Að sögn Daða hefur Neytendastofa fengið margar fyrirspurnir um hvernig eigi að standa að þessu.

„Þó að við sjáum að framkvæmdin sé ekki alveg fullkomin þá virðist þetta vera að mjakast í rétta átt miðað við hvernig ástandið var áður." **saeunn@frettabladid.is**

Margir áhrifavaldar auglýstu Þrastarlund í merktum bloggfærslum en tóku ekki fram að þetta væri auglýsing á Instagram.

Auglýsingar oft skýrari á bloggum en Instagram

Athygli var vakin á því í byrjun þessa mánaðar að veitingastaðurinn Þrastarlundur væri að bjóða mörgum áhrifavöldum á samfélagsmiðlum til sín í bröns. Þegar áhrifavaldar auglýstu svo staðinn í bloggfærslum og á myndum á Instagram var það ekki alltaf tekið skýrt fram, sérstaklega ekki á Instagram.

Aðalheiður Ýr Ólafsdóttir, eða Heidi Ola eins og hún er þekkt, er ein þeirra sem var boðið og bloggaði um staðinn í færslu sem tekið var fram að var kostuð og setti mynd á Instagram. „Ég held að við megum alveg bara pósta myndum, eins og við viljum það eru hvergi til reglur um það."

UP!LAGÐUR

Nýr up! frá aðeins
1.890.000 kr.
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen

Einnig fylgja 40.000 Vildarpunktar Icelandair með öllum Auris út apríl.

NÚ ER LAG AÐ STÖKKVA Á AURIS

Við blásum í lúðra í tilefni af því að hinn sparneytni Auris er á sérstöku tilboðsverði í apríl. Jafnframt fylgja **fjórfaldir Vildarpunktar** með öllum Auris. Ef þú vilt finna gleðina í liprum akstri, skaltu bruna til næsta viðurkennda söluaðila og nýta þér þetta sértilboð. Núna er tíminn.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

5 3+2 ÁBYRGÐ

FLEX

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

ICELANDAIR

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

ÍSLENSKA SÍA ÍS/TOY 84101 0417

TÖLUR VIKUNNAR 16.0.2017 – 22.04.2017

3 milljarða
króna framkvæmdir á Akranesi hafa Faxaflóahafnir heimilað.

5 milljarðar
fara á ári hverju úr ríkissjóði í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

1.500
kílóum af grænlensku hreindýrakjöti sem Esja gæðafæði flutti inn verður fargað.

13
íbúar eru með lögheimili á Borðeyri.

2 milljarða
króna vill verktakafyrirtækið ÍAV fá frá United Silicon.

280
skákmenn eru skráðir til leiks á Alþjóðlega Reykjavíkurskákmótinu.

6
hænur má hvert heimili hafa í Kópavogi samkvæmt nýrri samþykkt um hænsnahald.

Þrjú í fréttum
Lagasetning, kísill og vörusvik

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
sjávarútvegsráðherra

sagði að hún myndi á næstunni skipa þverpólitíska nefnd sem ætti að finna fyrirkomulag varðandi gjaldtöku í sjávarútvegi. Dragi áform HB Granda um að flytja landvinnslu sína frá Akranesi fram mikilvægi þess að allt fyrsta ákvæði laga um fiskveiðistjórnun sé virkt. Í ákvæðinu segir meðal annars að lögin eigi að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu.

Björt Ólafsdóttir
umhverfisráðherra

sagði að loka þyrfti kísilveri United Silicon þar til fengist á hreint af hverju íbúar sem búa næst verinu upplifi einkenni sem mengunarmælingar geti ekki útskýrt. Svo fór að Umhverfisstofnun fór fram á ótímabundna lokun kísilversins og sagði sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun að úrvinnsla málsins væri í forgangi.

Davíð Þór Jónsson
prestur

sagði að útúrsnúningar og brandarar í stað málshátta í páskaeggjum væru vörusvik. Sagðist hann svikinn þegar hann fékk slíkan „málshátt“ fyrir nokkrum vikum. Ef ætlunin sé að vera með grín og fíflaskap eigi að selja slík egg undir heitinu „grínegg“.

Bæjarstjórinn á biðilsbuxunum á skrifstofu Granda í Reykjavík

Fulltrúar Akraness og HB Granda funduðu í gær um framtíð landvinnslu fyrirtækisins á Akranesi. Forstjóri HB Granda segir Akranes reyna sitt besta til að fá fyrirtækið til að hætta við áform um að loka landvinnslu.

HB Grandi áformar að hætta landvinnslu á Akranesi. Sú ákvörðun myndi kosta tugi manns vinnuna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

SJÁVARÚTVEGUR „Það er gott að menn eru að ræða saman,“ segir Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri Akraness. Hann átti fund í hádeginu í gær með Vilhjálmi Vilhjálmssyni, forstjóra HB Granda, um framtíð landvinnslu fyrirtækisins á Akranesi.

Til umræðu voru áform HB Granda um að hætta landvinnslu á Akranesi, sem munu að óbreyttu kosta tæplega 100 starfsmenn fyrirtækisins vinnuna. Sævar Freyr segir að aftur verði fundað í næstu viku.

„Þeir komu hérna fulltrúar Akraness og við hittumst hérna í Norðurgarði hjá HB Granda,“ segir Vilhjálmur Vilhjálmsson. Forstjórinn segir engar ákvarðanir hafa verið teknar á fundinum.

Fréttablaðið greindi frá því á miðvikudaginn að Faxaflóahafnir hafa gefið grænt ljós á uppbyggingu hafnarmannvirkja á Akranesi, með þeim skilyrðum að fyrir liggi samkomulag milli Faxaflóahafna sf. og HB Granda um nýtingu mannvirkjanna. Kostnaður við verkefnið yrði samtals 3 milljarðar króna.

„Það er í sjálfu sér bara ánægjulegt að menn skuli vera að fara í lagfæringar á höfninni á Akranesi. Það er orðið tímabært en það mun taka sinn tíma og við eigum bara alveg eftir að sjá hvort það sé eitthvert innlegg í þetta mál. Það er ekki komin nein ákvörðun eða niðurstaða í málið,“ segir Vilhjálmur.

Hann kveðst ekki vera að leita neinnar sérstakrar niðurstöðu í viðræðunum við Akranes.

„Þeir eru að gera sitt besta til að sannfæra okkur um að láta ekki verða af ákvörðunum okkar og um það snúast þessar viðræður,“ útskýrir Vilhjálmur. Hann segir HB Granda ekki hafa átt frumkvæðið að viðræðunum en leggur áherslu á að engar ákvarðanir hafi verið teknar um framhald málsins.

> **Það er í sjálfu sér bara ánægjulegt að menn skuli vera að fara í lagfæringar á höfninni á Akranesi.**
>
> Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda

Þá hefur Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, einnig sagt að hún muni skipa nefnd til að fjalla um framtíðarfyrirkomulag varðandi gjaldtöku.

„Það er ekkert óeðlilegt að þessi nefnd horfi til þessara sjónarmiða einnig,“ sagði sjávarútvegsráðherra.

jonhakon@frettabladid.is

ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Jeep á Íslandi - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16
Jeep

HÚSASMIÐJAN | blómaval

SUMARIÐ ER KOMIÐ HJÁ OKKUR!

SUMAR TILBOÐ

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
Tilboð gilda til 23. apríl 2017

weber

Þú sparar: 9.000 kr.

72.990 kr

~~82.990 kr~~

Gasgrill Weber Q3200
Brennari: 6,35 kW/h – 21.700 BTU.
Grillflötur: 63x45 cm, ljós í handfangi.
3000380

AFSKORNAR RÓSIR 10 STK.

1.990 kr

~~3.490 kr~~

Rósir
10 stk.

BLACK & DECKER

33% afsláttur

SÚPER TILBOÐ

9.995 kr

~~14.995 kr~~

Hleðsluborvél
10,8V, tvær 1,5Ah Li-ion rafhlöður, led ljós sem auðveldar vinnu, hersla 26Nm.
5245565

OUTBACK

Þú sparar: 5.000 kr.

15.990 kr

~~20.990 kr~~

Gasgrill
2ja brennara með hliðaborði.
Grillflötur: 50x36 cm.
3000225

weber

Þú sparar: 9.910 kr.

49.990 kr

~~59.900 kr~~

Gasgrill Q2200
Gasgrill á fótum, Grillflötur: 39x54 cm, ryðfrír brennari.
3000378

30% afsláttur

SÚPER TILBOÐ

29.990 kr

~~42.990 kr~~

Trampolín 4.26 m
14 fet/4,26 m, 6 fætur með öryggisneti.
3900586

FLOTTUR SÝPRIS Í ÚTIPOTTANA

SÚPER TILBOÐ

1.299 kr

~~2.490 kr~~

Sýpris
80-100 cm
10327160

Sumartilboð á AUTHOR reiðhjólum fyrir alla fjölskylduna!

Sumar tilboð

24.900 kr

~~29.900 kr~~

AUTHOR BELLO 16", JET 9" STELL
Hvítt og rautt 9" stell úr álblöndu 6061.
Tektro bremsur Coasterhub.
3901370

Sumar tilboð

28.900 kr

~~32.900 kr~~

REIÐHJÓL 20" ENERGY 10"STELL
Author Energy, 10" stell úr álblöndu 6061.
Shimano 6 gíra Revoshift. Tektro bremsur 855AL.
20"x1,75 dekk. 10,6 kg.
3899968-9

Sumar tilboð

34.900 kr

~~38.900 kr~~

AUTHOR MATRIX 24"
Author Matrix rautt og svart, 12,5" stell úr álblöndu 6061.
Shimano 18 gíra, Revoshift Tektro bremsur 855AL,
dempari ZOOM (40 mm), 24"x1,95 dekk, 12,5 kg.
3901313

Sumar tilboð

34.900 kr

~~39.900 kr~~

AUTHOR TROPHY 26"
Stell úr álblöndu, 3,3 kg. Skipting: SHIMANO TY21 18 gírar, TEKTRO V bremsur. Dekk: AUTHOR Speed master 26"x2,0". Þyngd: 14,3 kg/19".
3901410-1

Byggjum á betra verði

husa.is

Útivist við Bled vatn

10. - 17. júní Fararstjóri: Steinunn H. Hannesdóttir

Náttúran skartar sínu allra fegursta við hið töfrandi Bled vatn sem er umvafið tignarlegum Ölpunum og falleg skógarsvæði blasa við í fjarska. Í ferðinni verður áhersla lögð á að njóta fjölbreyttrar útivistar, en bæði verður gengið og hjólað. Ferðin hentar öllum sem eru í ágætis gönguformi og vilja njóta hreyfingar með góðum hópi fólks í dásamlegu umhverfi.

Verð: 178.700 kr. á mann í tvíbýli. ÖRFÁ SÆTI LAUS
Mjög mikið innifalið!

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 RVK

spir ehf.

Málstofa í Háskólanum í Reykjavík, 24. apríl

ENDURVINNSLA MÁLMA

Söfnun og flokkun, framleiðsluferli og umhverfisáhrif

Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík stendur fyrir málstofu sem er liður í eflingu efnisfræði og efnisverkfræði sem fræðigreina hér á landi.

DAGSKRÁ

13:30 – 14:00 **Endurvinnsla málma, ferli og umhverfisáhrif:** Þröstur Guðmundsson & Guðrún A. Sævarsdóttir frá Háskólanum í Reykjavík

14:00 – 14:20 **Endurvinnsla málma, tölfræði og skuldbindingar Íslands:** Guðmundur B. Ingvarsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun

14:20 – 14:40 **Verðmæti á villigötum:** Sigurjón Svavarsson, EHS Manager Elkem Iceland

14:40 – 15:00 **Kaffihlé**

15:00 – 15:20 **Niðurrif mannvirkja, efnisstraumar og endurvinnsla byggingarefna:** Eyþór Sigfússon, ráðgjafi hjá HSE Consulting

15:20 – 16:00 **Móttaka, flokkun og meðhöndlun málma til endurvinnslu:** Daði Jóhannesson, framkvæmdastjóri Hringrásar ehf.

16:00 – 16:15 **Umræður og málstofulok**

Fundarstjóri: Guðrún A. Sævarsdóttir, forseti tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík.

Málstofan verður haldin í stofu M208 og verður streymt, sjá nánar á **hr.is**
Aðgangur er ókeypis og málstofan er öllum opin.

Herfangið skoðað

Jemenskur vígamaður, hliðhollur forsetanum Abdrabbuh Mansur Hadi, handleikur jarðsprengju í fjalllendi norðvestur af borginni Taiz. Hermenn forsetans endurheimtu svæðið af Hútum á dögunum í borgarastyrjöldinni sem hefur geisað í landinu undanfarin ár. Allt að 16.000 hafa látið lífið í átökunum. NORDICPHOTOS/AFP

Telur Óttar skila auðu varðandi einkarekstur

Stjórnarandstöðuþingmenn kalla eftir pólitískri stefnumótun og skýrari svörum frá heilbrigðisráðherra um einkarekna heilbrigðisþjónustu. Ráðherra segir bagalegt að upp sé kominn ágreiningur. Séu lögin óskýr þurfi að skoða það.

STJÓRNMÁL Stjórnarandstaðan á Alþingi er ósátt við óskýr svör Óttars Proppé heilbrigðisráðherra í málefnum Klíníkurinnar. Athygli var vakin á málinu þegar landlæknir sendi frá sér yfirlýsingu á fimmtudag þar sem gagnrýnd var afstaða heilbrigðisráðuneytisins til starfsemi Klíníkurinnar.

Embætti landlæknis telur rekstur fimm daga legudeildar, sambærilega þeirri sem Klíníkin rekur, þurfa rekstrarleyfi frá ráðherra en ráðuneytið telur svo ekki vera. Landlæknir telur að afstaða ráðuneytisins verði til þess að einkarekin heilbrigðisþjónusta þrífist þannig nánast ótakmarkað, meðal annars í krafti þess að sjúklingar greiði þjónustuna dýru verðu.

„Ef þetta er eitthvað málum blandið og lekur áfram yfir í einkavæðingu í sjúkrahúsþjónustu, þá er það mjög alvarlegt mál," segir Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna, sem situr í velferðarnefnd Alþingis. Hann segir að skoðanamunur landlæknis og Landspítalans annars vegar og heilbrigðisráðuneytisins hins vegar hafi verið nefndarmönnum ljós.

> **Það er ekki boðlegt að ráðuneytið geti ekki gefið skýrari svör.**
>
> Lilja Alfreðsdóttir, alþingismaður Framsóknarflokks

Lilja Alfreðsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, segir málið fyrsta stóra próf ráðherrans.

„Það er ekki boðlegt að ráðuneytið geti ekki gefið skýrari svör varðandi veigamikinn þátt sem varðar framtíðarmótun íslensks heilbrigðiskerfis. Pólitískt ákvörðunarvald liggur hjá ráðherranum."

Eins og fram hefur komið starfar Klíníkin núna óhindrað vegna þeirrar afstöðu ráðuneytisins að ekki þurfi rekstrarleyfi til starfsins. Í Fréttablaðinu í gær sagðist framkvæmdastjóri Klíníkurinnar, Hjálmar Þorsteinsson, ekki skilja bréf landlæknis öðruvísi en svo að hann vildi hefta starfsemina eða skerða hana með boðvaldi ráðherra.

„Í svona stóru máli er ekki hægt að skila auðu. Ráðherrann þarf að koma vel undirbúinn inn í ríkisstjórn með svör við því hvernig hann ætlar að taka á þessu máli. Þetta er það pólitískt mál og það er eins og Landlæknisembættið sé að leita eftir leiðsögn í málinu, sá vegvísir kemur frá stjórnvöldum," segir Lilja.

Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra sagði í útvarpsfréttum Bylgjunnar í gær að bagalegt væri að ágreiningur væri á milli ráðuneytisins og Landlæknisembættisins.

„Það þarf að athuga hvort þurfi að skoða lögin og skýra. Ef það er niðurstaðan þá einhendum við okkur í það vegna þess að það er mjög mikilvægt að þetta sé skýrt," sagði Óttarr. **snaeros@frettabladid.is**

RENAULT
Passion for life

Renault **Clio**

ÍSLANDSMEISTARINN Í SPARAKSTRI

KOMDU OG REYNSLUAKTU RENAULT CLIO Í NÝRRI OG SPENNANDI ÚTFÆRSLU

DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,4 L/100 KM*

Það er kominn nýr Renault Clio með vandaðri innréttingu og nýju, spennandi útliti. Komdu og reynsluaktu Íslandsmeistaranum í sparakstri 2017 í nýrri spennandi útgáfu og þú kemst að raun um að þú kemst víðar og tankar sjaldnar á nýjum Renault Clio.

„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT"

VERÐ FRÁ: 2.090.000 KR.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

Útbúnaður bíla á mynd er frá mismunandi aukabúnaði og/eða verði.

ENNEMM / SÍA / NM80215

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Útlit fyrir afar spennandi fyrri umferð

Fyrri umferð forsetakosninga í Frakklandi fer fram á morgun. Fjórir eiga raunhæfan möguleika á að komast áfram í aðra umferð. Kannanir benda ekki til spennandi seinni umferðar, sama hverjir verða þar. Arftaki Hollande mælist með minna fylgi.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

FRAKKLAND Á morgun ganga Frakkar að kjörborðinu og kjósa þann frambjóðanda sem þeim líst best á í fyrri umferð forsetakosninga. Ellefu frambjóðendur verða á kjörseðlinum en fjórir mælast með mun meira fylgi en aðrir.

Tveir hlutskörpustu munu mætast í síðari umferð forsetakosninga, það er að segja ef enginn frambjóðandi fær meira en helming atkvæða á morgun.

Lengi vel naut Marine Le Pen, frambjóðandi Frönsku þjóðfylkingarinnar, mests stuðnings. Allt frá því í ágúst og fram undir lok mars mældist hún efst.

Eftir að upp komst að frambjóðandi Repúblikana, Francois Fillon, hefði mögulega greitt fjölskyldu sinni laun fyrir uppskálduð störf sem aðstoðarmenn hans, missti hann talsvert fylgi til hins frjálslynda Emmanuels Macron, frambjóðanda En Marché!. Nú mælist Macron efstur.

Þá hefur sósíalistinn Jean-Luc Mélenchon, frambjóðandi La France Insoumise, sótt í sig veðrið undanfarið og siglt upp að hlið þeirra þriggja fyrrnefndu.

Benoit Hamon, frambjóðandi Sósíalistaflokksins, flokks Francois Hollande forseta, mælist hins vegar með innan við helming fylgis fjórmenninganna.

Macron mælist með 24 prósent samkvæmt meðaltali skoðanakannana sem The Financial Times tekur saman. Le Pen er með 22 prósent, Fillon og Mélenchon með 19 prósent en Hamon ekki nema átta prósent.

Sé litið til kannana á fylgi frambjóðenda í seinni umferð mælist Le Pen jafnvel ekki. Hún mælist um tuttugu prósentustigum veikari en Fillon og Mélenchon og þrjátíu prósentustigum neðar en Macron. Fillon mælist fjórtán prósentustigum neðar en Mélenchon og 32 neðar en Macron.

Þá er ótalin hugsanleg barátta milli Macrons og Mélenchons en þar mælist Macron með 59 prósenta fylgi en Mélenchon 41 prósent.

Ljóst er því að miðað við skoðanakannanir stefnir ekki í spennandi kosningabaráttu í seinni umferð.

Óljóst er hvaða áhrif skotárás fimmtudagsins mun hafa á kosningarnar.

Þá skaut 39 ára maður að nafni Karim Cheurfi lögreglumann til bana. Er hann talinn íslamskur öfgamaður og fannst haglabyssa og hnífar í bíl hans. Hollande forseti kallaði árásina hryðjuverk og hefur Íslamska ríkið lýst yfir ábyrgð á henni.

Varð árásin þess valdandi að Le Pen, Fillon og Macron aflýstu síðustu kosningafundum sínum og hvöttu stjórnvöld til aðgerða til að fyrirbyggja frekari árásir.

Le Pen sagði á blaðamannafundi að herða ætti landamæraeftirlit og vísa innflytjendum á eftirlitslistum lögreglu úr landi.

Fillon sagði að baráttan gegn íslömskum öfgamönnum ætti að vera forgangsatriði næsta forseta á meðan Macron hvatti Frakka til að láta óttann ekki heltaka sig.

thorgnyr@frettabladid.is

Helstu baráttumál frambjóðenda

Emmanuel Macron
En Marche! – 24%
- Fjárfesting fyrir 5.800 milljarða króna í innviðum og endurnýjanlegri orku
- Gjaldfrjáls gleraugu, heyrnartæki og tannlækningar
- Lækka skatta á fyrirtæki
- Minnka atvinnuleysi

Francois Fillon
Repúblikanar – 19%
- Fækka um hálfa milljón störfum hjá hinu opinbera
- Afnema eignaskatt
- Afnema ríkisborgararétt íslamskra öfgamanna
- Berjast með Bashar al-Assad Sýrlandsforseta gegn ISIS

Marine Le Pen
Franska þjóðfylkingin – 22%
- Þjóðaratkvæðagreiðsla um útgöngu úr ESB
- Vísa ólöglegum innflytjendum úr landi
- Loka moskum íslamskra öfgamanna
- Setja Frakka í forgang þegar kemur að félagslegu húsnæði



Jean-Luc Mélenchon
La France Insoumise – 19%
- Lækka kosningaaldur í sextán ár
- Færa meiri völd til þingsins og breyta forsetaþingræðisfyrirkomulaginu
- Gjaldfrjáls heilbrigðisþjónusta á öllum sviðum
- Uppræta heimilisleysi í Frakklandi

24% segjast ætla að kjósa Emmanuel Macron, frambjóðanda En Marche!

22% segjast ætla að kjósa Marine Le Pen, frambjóðanda Frönsku þjóðfylkingarinnar.

VIÐ OPNUM Í

KAUPTÚNI

23. MAÍ KL. 9.00

Costco Wholesale er vöruhús og meðlimaklúbbur, sem leggur metnað sinn í að bjóða meðlimum sínum hágæða vörur og þjónustu á lægsta mögulega verðinu.

Fyrirtækjaaðild

COSTCO WHOLESALE FYRIRTÆKJAAÐILD ÓFRAMSELJANLEG

Þér er heimilt að sækja um fyrirtækjaaðild, ef þú átt eða rekur fyrirtæki.Til þess að gerast meðlimur hjá Costco, og byrja að spara, er nauðsynlegt að framvísa kennitölu fyrirtækis.
Árgjald fyrirtækjaaðildar er **3800 kr.** með vsk og með aðildinni fylgir aukakort fyrir maka, sambýling eða fjölskyldumeðlim, 18 ára eða eldri, með sama heimilisfang.

Einstaklingsaðild

COSTCO WHOLESALE EINSTAKLINGSAÐILD ÓFRAMSELJANLEG

Öllum einstaklingum, 18 ára og eldri, er heimilt að sækja um einstaklingsaðild.
Árgjald einstaklingsaðildar er **4800 kr.** með vsk og með aðildinni fylgir aukakort fyrir maka, sambýling eða fjölskyldumeðlim, 18 ára eða eldri, með sama heimilisfang.

COSTCO WHOLESALE Cash

Sækið um aðild og fáið gjafabréf í Costco og njótið sértilboða!*

Skráning aðildarumsókna er hafin
á www.costco.is

Skráningarskrifstofur í Kauptúni eru opnar mánudaga til laugardaga 10-19 og sunnudaga 10-18.

Costco Iceland, Kauptún 3, 210 Garðabær - Sími 532 5555 - Netfang costco@costco.is - www.costco.is

*Tilboðið gildir þegar þú sækir um aðild í Kauptúni fyrir opnunardag. Tilboðið er einungis hægt að nýta fyrsta aðildarárið.
Eitt gjafabréf er í boði fyrir hvert heimili. Tilboðið er ekki hægt að yfirfæra á aðra meðlimi og gildir ekki með öðrum tilboðum.
Gjafabréfin er ekki hægt að innleysa fyrir reiðufé. Costco tekur við greiðslum í formi reiðufjár, kreditkorta eða debetkorta.
Til þess að nýta tilboðið er nauðsynlegt að vera með aðild.

Armenía syndir á móti straumnum

Tímamótaþingkosningar fóru fram í Armeníu í byrjun mánaðar, þær fyrstu eftir stjórnarskrárbreytingar sem breyttu landinu í þingræðisríki. Í kosningaeftirliti á vegum ÖSE fékk blaðamaður tækifæri til að kynnast armenskum stjórnmálum.

Atli Ísleifsson
@365.is

Armenar á kjörstað. Þróun þar í landi er með öðrum hætti en víða annars staðar. AFP PHOTO/KAREN MINASYAN

Þær fóru ekki hátt í erlendum fjölmiðlum, þingkosningarnar í Armeníu sem fram fóru í byrjun mánaðar. Raunar ratar Armenía sjaldan í fréttir á Vesturlöndum og margir sem vita lítið um þetta land sem er það minnsta af fyrrverandi lýðveldum Sovétríkjanna, á stærð við Belgíu.

Það er helst að Armenía rati í fréttirnar vegna deilna við nágrannaríki sín eða afrek knattspyrnumannsins Henrikh Mkhitaryan, leikmanns Manchester United. Svo á Kardashian-fjölskyldan að sjálfsögðu rætur sínar að rekja til Armeníu.

Nýafstaðnar þingkosningar voru þó á engan hátt eins og hverjar aðrar í sögu landsins eftir hrun Sovétríkjanna. Síðla árs 2015 var haldin þjóðaratkvæðagreiðsla þar sem um 66 prósent kjósenda samþykktu breytingar á stjórnarskrá landsins – breytingar sem fólu í sér að Armenía yrði gert að þingræðisríki.

Forseti í stólaleik?

Forsetaþingræði hefur verið við lýði í Armeníu allt frá því að landið hlaut sjálfstæði frá Sovétríkjunum 1991, þar sem forsetinn hefur stýrt skútunni og verið manna valdamestur. En nú er hafið umbreytingatímabil sem lýkur á næsta ári þegar þingið kýs nýjan forseta sem samkvæmt nýrri stjórnarskrá er ekki ætluð mikil völd. Valdið færist þá nær allt til þingsins og ríkisstjórnar með forsætisráðherrann í broddi fylkingar.

Margir telja að með breytingunum hafi forseti landsins, Serzh Sargsyan, verið að búa þannig um hnútana að hann geti setið áfram við völd þegar síðara kjörtímabili hans lýkur á næsta ári. Fyrri stjórnarskrá tók fyrir að forsetinn gæti setið lengur en tvö kjörtímabil, líkt og tíðkast í Bandaríkjunum. Nú er í raun ekkert því til fyrirstöðu, nema náttúrulega pólitískt bakland Sargsyans sjálfs, að hann gerist forsætisráðherra landsins þegar hann lætur af forsetaembætti að ári.

Segja má að með þessum breytingum á stjórnskipan séu Armenar að synda á móti straumnum þar sem í þessum heimshluta, og raunar víðar, er jafnan mikið gert úr hinum sterka leiðtoga. Við sjáum það í Rússlandi og í Tyrklandi hefur Recep Tayyip Erdogan forseti og flokkur hans nú fengið í gegn stjórnarskrárbreytingar sem fela í sér stóraukin völd forseta.

Kosningabaráttan fyrir armensku þingkosningarnar hinn 2. apríl síðastliðinn fóru að mestu leyti vel fram. Ekki hafa heldur borist fréttir af miklum óeirðum eða ólgu eftir að niðurstöður lágu fyrir. Repúblikanaflokkur Sargsyan forseta og Karen Karapetyan forsætisráðherra hlaut þar tæplega helming atkvæða en öruggan meirihluta þingsæta.

Kjósendum hótað

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) fylgdist grannt með aðdraganda og framkvæmd armensku þingkosninganna og í bráðabirgðaskýrslu stofnunarinnar, sem kynnt var daginn eftir kosningar, kom fram að framkvæmd kosninganna sjálfra hafi farið vel fram og mannfrelsi almennt virt.

Stofnunin tók þó einnig fram að þrátt fyrir að breytingar hafi verið gerðar á kosningalögum sem almenn sátt virðist ríkja um, og ný tækni tekin upp til að draga úr misfellum við framkvæmd kosninganna, hafi henni borist trúverðugar upplýsingar um að kjósendum hafi verið greitt fyrir og að vinnuveitendur hafi þrýst á og hótað starfsmönnum, bæði hjá hinu opinbera og á einkamarkaði, að kjósa ákveðinn flokk. Þetta hafi spillt fyrir tiltrú armensks almennings á kosningunum og úrslitum þeirra.

Meira af því sama

Kosningabaráttan einkenndist að langstærstum hluta af persónum og fór lítið fyrir umræðu um hugmyndafræði – hvert Armenía skuli stefna. Alls voru níu flokkar eða kosningabandalög í framboði og þegar búið var að telja upp úr kjörkössunum höfðu fjögur þeirra náð mönnum inn á þing.

Repúblikanaflokkur Sargsyans og Karapetyan náði rúmlega 49 prósent atkvæða og tryggði sér 58 af 101 þingsæti í boði. Kosningabandalag Gagiks Tsarukyan, viðskiptajöfurs og fyrrverandi atvinnumanns í sjó- ➔

Glæsilegur

Hyundai Tucson

Fjórhjóladrifinn sjálfskiptur eða beinskiptur, bensín eða dísil

Nýr Hyundai Tucson er einstakega fallegur, með sjálfskiptingu, framhjó drifinn eða fjórhjóladrifinn með sparneytna bensín- eða dísilvé . Komdu og upplifðu gæð Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð. **Hyundai Tucson - 4wd, dísil, ssk. Verð frá 4.890.000 kr.**

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

HYUNDAI

Hyundai Tucson 2wd / Dísilvél 1,7 lítrar, 141 hestöfl, eldsneytisnotkun 4,9 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 171 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,8 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og áskrifarkaðurakstur.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

JÁRNPRÝÐI
ALMENN SÉRSMÍÐI

ÍTALSKT SMÍÐAJÁRN

Eigum til á lager ítalskt skrautjárn sem hentar í handrið o.fl.
Getum einnig sérpantað smíðajárn.

Ingi@jarnprydi.is | Gsm: 822 1717

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

Ársfundur Íslandsstofu

ÍSLANDSSTOFA

Föstudagur 28. apríl | Silfurbergi í Hörpu | kl. 11 - 13

Hvers virði er traustið?

Mikilvægi sjálfbærni- og umhverfisvottana í alþjóðlegu markaðsstarfi

DAGSKRÁ

Ávarp formanns
Sigsteinn Grétarsson, formaður stjórnar Íslandsstofu

Ávarp ráðherra
Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra

Skýrsla stjórnar
Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu

Sustainable Leadership as driver in International Branding
Sandja Brügmann, sérfræðingur í sjálfbærum rekstri

Sandja Brügmann, sem rekur ráðgjafastofuna The Passion Institute, fjallar um mikilvægi sjálfbærni- og umhverfisvottana í alþjóðlegu markaðsstarfi.

Skráning á **islandsstofa.is** eða í síma **511 4000**

Armenía

manni, hlaut rúmlega 27 prósent atkvæða og 31 þingsæti, stjórnarandstöðubandalagið Yelk (Leiðin út) níu þingsæti, og Armenska byltingarsambandið, sem studdi ríkisstjórn Repúblikanaflokksins, sjö þingsæti. Flokkur Levons Ter-Petrosyan, forseta Armeníu á árunum 1991 til 1998, hlaut ekki náð fyrir augum kjósenda og náði ekki mönnum inn á þing.

Fátækt og spilling

Þó að það sjáist ekki endilega í miðborg höfuðborgarinnar Jerevan þá er fátækt mjög mikil í Armeníu. Landsframleiðsla á hvern Armena var rúmlega fimm sinnum minni en á hvern Íslending á síðasta ári. Landið er sérstaklega háð fjárfestingum Rússa og brottfluttra Armena og er stór hluti innviða Armeníu í eigu Rússa.

Spilling er samkvæmt flestum mælingum mikil og viðvarandi vandamál í Armeníu og hefur fyrrverandi forsætisráðherra, Tigran Sargsyan, sagt hana mestu hindrunina sem ryðja þurfi úr vegi til að hægt sé að koma á nauðsynlegum umbótum með það að markmiði að bæta efnahaginn og leysa þjóðina úr viðjum fátæktar.

Rótgróin menning valdamisnotkunar, frændhygli og mútuþægni og óljós skil stjórnmála og viðskiptalífs eru á meðal þátta sem gera það að verkum að landið skipar nú 113. sæti á 176 ríkja lista samtakanna Transparency International yfir spilltustu ríki heims þar sem minnst spilling mælist í því ríki sem skipar efsta sæti listans.

Fangar sögunnar

Annar þáttur sem gerir Armenum erfitt fyrir og hamlar framþróun í landinu er samskipti landsins við tvö af þeim fjórum ríkjum sem Armenía á landamæri að. Vegna langvinnra deilna Armeníu við Tyrkland og Aserbaídsjan hafa landamæri bæði í austri og vestri verið lokuð frá fyrstu árum tíunda áratugarins.

Deilur Armena og Tyrkja má rekja lengst aftur í aldir en kristallast nú í þeirri kröfu Armena að Tyrklandsstjórn viðurkenni atburði sem urðu árið 1915 sem þjóðarmorð. Þegar Tyrkir urðu þátttakendur í fyrri heimsstyrjöld sáu stjórnvöld sér leik á borði og ráku Armena sem bjuggu í austurhluta Anatólíuskagans og höfðu gert tilraun til uppreisnar um tuttugu árum fyrr, á brott til landsvæða sunnar í heimshlutanum. Gríðarlegur fjöldi Armena lét lífið á leiðinni og er fullyrt að sveitir tyrkneska hersins hafi skipulega beitt Armenana ofbeldi.

Ómögulegt er að segja til um það hve margir Armenar hafi látið lífið á þessum tíma en er talið að það geti hafa verið allt að ein og hálf milljón manna. Tyrkir hafna þessu og segja Armenana einfaldlega hafa verið fórnarlömb átaka heimsstyrjaldarinnar. Alls hafa nú tæplega þrjátíu ríki viðurkennt atburðina sem þjóðarmorð, meðal annars Þýskaland, Frakkland, Ítalía, Rússland, Kanada og 45 ríki Bandaríkjanna.

Víglína í austri

Deilurnar við Asera snúast hins vegar fyrst og fremst um Nagorno Karabagh, landsvæði innan landamæra Aserbaídsjan þar sem íbúar eru að langstærstum hluta Armenar. Armenar og Aserar áttu í mannskæðu stríði á árunum 1988 til 1994 þar sem tugir þúsunda féllu í valinn áður en samið var um vopnahlé. Mikil spenna hefur verið á landamærum ríkjanna æ síðan og blossuðu átök síðast upp á ný fyrir alvöru fyrir um ári í Fjögurra daga stríðinu svokallaða. Er áætlað að um 350 manns hafi þar fallið þó að þær tölur séu vissulega mjög á reiki.

Það segir sig sjálft að rótgrónar deilur Armeníu við nágrannaríkin og landlæg spilling heima fyrir munu áfram reynast Armenum erfið. Ekki lítur út fyrir að einhver lausn náist í þessum málum á næstu árum. Hvert Armenía stefnir á sömuleiðis enn eftir að koma í ljós en með nýafstöðnum kosningum hafa hins vegar verið ritaðar fyrstu línur nýs kafla í áhugaverðri og á löngum köflum sorglegri sögu armensku þjóðarinnar.

AÐALFUNDUR FLOKKS FÓLKSINS

Verður haldinn á skrifstofu flokksins að Hamraborg 10, Kópavogi, þann 29. apríl 2017 kl. 13.00.

Dagskrá:
- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar lögð fram
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Lagabreytingar
- Ákvörðun félagsgjalds
- Kosning stjórnar og endurskoðanda
- Önnur mál

Fundurinn er aðgengilegur félagsmönnum í Flokki Fólksins sem staðfest hafa félagsaðild sína með greiðslu félagsgjalds.

Tilkynna skal þátttöku á fundinn, með minnst viku fyrirvara með því að senda tilkynningu í gegnum heimasíðuna flokkurfolksins.is eða með því að hafa samband við skrifstofu í síma 555 0001 eða 863 6200.

Ef um framboð til stjórnar eða varastjórnar er að ræða þá skal skila þeim skriflega á skrifstofu flokksins fyrir kl. 14.00 miðvikudaginn 26. apríl n.k

Stjórnin

Mikið úrval af vönduðum húsgögnum og gjafavöru!

Islandia borðstofuhúsgögn
Tilboðsverð -25%. Borðstofuborð 100 x 200/300 cm kr. 306.000,-, **nú 229.500,-.** Borðstofuborð 100 x 160/260 cm, kr. 288.000,- **nú 216.000,-.** Glerskápur 110 x 200 cm,kr. 279.000,-, **nú 209.250,-.**
Skenkur 3ja hurða 189 x 50 x 88 cm, kr. 275.000,-, **nú 206.250-.** Skenkur 4ra hurða 240 x 50 x 88 cm, kr. 355.000,-, **nú kr. 266.250,-.** Borðstofustóll í leðri (-30%), 32.700,-, **nú kr. 22.890,-.**

Leðursófasett idp Sphera 3+1+1, verð kr. **796.000,-,**
stakur 3ja sæta sófi verð kr. **380.000,-**

Púði Day Home, kr. 15.800,-

Teppi Elvang, kr. 15.900,-

PB home sófaborð 90x45 cm,
verð frá kr. 68.000,-

PB home sófaborð 70x70x45 cm,
verð frá kr. 49.000,-

Crescent áklæðissófi, verð frá kr. 324.000,-

KAK 5237 tungusófi m/einu hvíldarsæti
verð kr. 498.000,-, tilboðsverð (-30%) kr. 373.500,-

PB home spegill, kr. 6.800,-

PB home gangaborð 110x35x80,
verð kr. 68.000,-

PB home borðlampi
verð frá kr.25.800,-

Beni Ourain motta frá Day Home 60 x 90 cm,
verð kr. 23.400,-

Blómavasi LSA, kr. 3.900,-

Pure Sabina round, kr. 75.900,-

HEIMAHÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.


GARÐHEIMAR
KRAKKAR! VILJIÐ ÞIÐ SITJA Á HESTBAKI?
HESTAR FRÁ KRAKKAHESTUM VERÐA HJÁ OKKUR
Á LAUGARDAG MILLI 14 OG 16 OG FARA MEÐ YKKUR
HRING Á ÚTISVÆÐINU OKKAR.

Vorgleði Garðheima

Frábærir gestir, fróðleikur og tilboð

20 - 30% afsláttur

GARÐHÚSGÖGN ★ ÚTIPOTTAR ★ SÝPRUSAR
KRYDDPLÖNTUR ★ VORLAUKAR ★ VERKFÆRI
GARÐÁBURÐUR ★ KLIPPUR ★ SLÁTTUVÉLAR

TILBOÐ

- ★ VORGLEÐIVENDIR 2.900KR
- ★ KRYSI 590KR
- ★ IÐNA LÍSA 990KR
- ★ ÞYKKBLÖÐUNGAR 490KR
- ★ BIG GREEN EGG KOL 2.790KR

LAUGARDAG OG SUNNUDAG MILLI 13 OG 15
GRILLAÐAR PYLSUR OG DRYKKUR Á 200KR

BLÖÐRUR FYRIR KRAKKANA
PARTÝLURKUR Í BOÐI emmessís

KYNNINGAR:

- » **NÝ BATTERÍSLÍNA FRÁ STIHL**
  -GÆÐATÆKI Á FRÁBÆRU VERÐI
- » **BIG GREEN EGG KOLAGRILLIN**
  -SMAKKAÐU SNILLDINA
- » **LÍFRÆNAR VARNIR**
  -SJÁIÐ LIFANDI BÝFLUGNABÚ
- » **HANDKLIPPUR**
  -PRÓFAÐU HVAÐA KLIPPUR PASSA ÞÉR

GRÆNMETISRÆKTUN | LAUGARDAG KL. 12:00
FYRIRLESTUR MEÐ STEINUNNI REYNISDÓTTUR, GARÐYRKJUFRÆÐINGI

KLIPPINGAR OG FRAMKVÆMDIR Í GARÐINUM | LAUGARDAG FRÁ 13:00 TIL 16:00
JÓNAS FREYR HARÐARSON GARÐYRKJUMAÐUR VEITIR RÁÐGJÖF

GÓÐ RÁÐ FRÁ GUGGU | LAUGARDAG OG SUNNUDAG FRÁ 13:00 TIL 16:00
GUÐBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR, GARÐYRKJUMAÐUR VEITIR RÁÐGJÖF UM ÝMSA RÆKTUN

SUMARHÚSIÐ OG GARÐURINN | LAUGARDAG OG SUNNUDAG FRÁ 14:00 TIL 16:00
KYNNING Á GARÐYRKJURITINU SKEMMTILEGA

KRYDDJURTARÆKTUN | SUNNUDAG FRÁ 13:00 TIL 16:00
AUÐUR RAFNSDÓTTIR KYNNIR KRYDDJURTABÓK SÍNA OG VEITIR RÁÐGJÖF

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Brexit einstigi

Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Evrópa verður fyrir tjóni ef forsvarsmenn Evrópusambandsins ganga of hart fram í viðræðum við Breta um útgöngu þeirra úr sambandinu, sagði Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra á fundi með þýskum starfsbróður sínum í Berlín.

Ráðherrann hitti naglann á höfuðið varðandi þann vanda sem Evrópusambandið stendur frammi fyrir vegna Brexit.

Samningamenn ESB mega ekki vera svo undanlátssamir við Breta að aðrar aðildarþjóðir vilji fylgja í kjölfarið og segja sig úr ESB. Þeir þurfa líka að varast að beita Breta svo hörðu að þær Evrópuþjóðir sem eftir standa verði fyrir tjóni. Þetta er vandratað einstigi.

Evrópusambandið hefur ýmis vopn á hendi gagnvart Bretum. Hægt er að fyrirskipa tollmúra milli Bretlands og Evrópusambandsins, takmarka aðgang þeirra að innri markaðnum, og hefta frjálsa för breskra borgara um lönd sambandsins.

Slíkar aðgerðir kæmu ekki einungis niður á Bretum heldur líka viðskiptaþjóðum þeirra innan sambandsins. Bretar yrðu að finna nýjan farveg með nýjum viðskiptasamningum, og bresk fyrirtæki myndu beina viðskiptum sínum í aðrar áttir. Slíkt myndi valda evrópskum fyrirtækjum miklum tekjumissi og stuðla að auknu atvinnuleysi innan sambandsins.

Eins og Guðlaugur Þór sagði er erfitt að réttlæta slíkt með vísan til þess að nauðsynlegt hafi verið að ganga fram af hörku gagnvart Bretum.

Þetta breytir því þó ekki að enn er erfitt að finna sannfærandi rök fyrir útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. Heilli meðgöngu eftir Brexit atkvæðagreiðsluna er framtíðarsýn Breta á alþjóðavettvangi enn þá afar þokukennd.

Margir telja að Bretar ættu að einbeita sér að bakdyraaðgangi að innri markaðnum gegnum EFTA eða Evrópska efnahagsvæðið. Erfitt er að sjá hvernig slíkt samstarf myndi gagnast Bretum. Þeir myndu þurfa að taka upp tilskipanir, lög og reglur frá Evrópusambandinu án þess að sitja við borðið þegar slíkir bálkar verða til. Slíkt fyrirkomulag kann að henta smáþjóðum eins og Íslandi eða Noregi, en hlýtur að vera ófullnægjandi fyrir stórþjóð í viðskiptum og stjórnmálum, eins og Bretland.

Theresa May forsætisráðherra hefur boðað til kosninga í júní og bendir flest til að hún fái mikinn meirihluta í þinginu. Gangi það eftir verður staða hennar við samningaborðið mun sterkari og hún mun geta haldið á lofti sínum áherslum í viðræðunum án þess að hafa áhyggjur af andófi í eigin flokki og stjórnarandstöðu.

May virðist leggja áherslu á að Bretar lúti ekki lögsögu Evrópudómstólsins og að þeir geti heft frjálsa för fólks. Öðrum meginstoðum fjórfrelsisins, frjálsu flæði fjármagns, vöru og þjónustu vill hún viðhalda eins og kostur er. Hún hefur sömuleiðis sagt að útganga Breta úr Evrópusambandinu megi ekki þýða að tengslin við Evrópu rofni.

Vonandi verður henni að ósk sinni. En þá þurfa báðir að láta hagsmuni ráða frekar en hefndarhug.

Vonandi verður henni að ósk sinni. En þá þurfa báðir að láta hagsmuni ráða frekar en hefndarhug.

Aðalfundur KEA

verður haldinn í Menningarhúsinu Hofi miðvikudaginn 26. apríl kl. 20:00.

Á dagskrá fundarins eru venjubundin aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.

Dagskrá og ársreikningur munu liggja frammi á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund.

Einnig verður hægt að nálgast upplýsingar á heimasíðunni www.kea.is

KEA

Gunnar

Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir

Kunnáttulaus ráðherra sem finnst

Hvert er hlutverk stjórnmálamanna? Að gæta hagsmuna almennings, ekki rétt? Rangt.

Í byrjun mánaðarins lýsti borgarstjóri Lundúna, Sadiq Khan, því yfir að hann hygðist grípa til aðgerða til að minnka loftmengun í borginni. Þeir sem aka dísilbifreiðum um miðbæinn munu senn þurfa að greiða fyrir það tuttugu og fjögur pund í mengunarsekt á dag.

Dísilbílar eru mesti mengunarvaldurinn í London en talið er að loftmengun þar valdi níu þúsund ótímabærum dauðsföllum á ári og fimmtíu þúsund dauðsföllum í Bretlandi öllu. Mengun af völdum ökutækja er auk þess talin auka líkur á krabbameini, hjarta- og lungnasjúkdómum, heilablóðfalli og heilabilun.

Ekki voru þó allir á einu máli um ágæti þess að draga úr dauðsföllum. „Við höfum miklar áhyggjur af kostnaðinum sem þetta mun skapa fyrirtækjum," sagði Colin Stanbridge, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Lundúna.

Khan lét sér fátt um finnast um gagnrýnina og gekk skrefinu lengra. „Ég hvet ríkisstjórnina til að sýna af sér metnað og taka þátt í að bæta skelfilegt loftið sem við öndum að okkur."

Svar forsætisráðherra landsins birtist í fyrirsögnum blaðanna næsta dag: „Theresa May lofar að stöðva árás á eigendur dísilbifreiða."

Nóg komið

En hingað heim. Allt ætlaði um koll að keyra í vikunni vegna frétta af kísilmálmverksmiðju United Silicon í Helguvík. Verksmiðjan var gangsett fyrir rúmum fimm mánuðum og hefur starfsemin gengið brösuglega. Súra brunalykt lagði yfir Reykjanesbæ þegar verksmiðjan var tekin í gagnið. Íbúar í nágrenni við hana kvarta undan sviða í augum og hálsi, ertingu í lungum, hausverk, ógleði og kláða í andliti. Eldur kom svo upp á þremur hæðum verksmiðjunnar á aðfaranótt þriðjudags. En það var ekki þetta sem olli fjaðrafokinu.

Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra tjáði sig um verksmiðjuna á Facebook og í fjölmiðlum. Hún sagði „nóg komið" og sér fyndist að loka ætti verksmiðjunni meðan starfsemi hennar væri skoðuð. Það væri skylda hennar að „standa með almenningi í landinu en ekki erlendum stórfyrirtækjum".

Fyrir þetta var Björt höfð að háði og spotti. Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, sakaði hana um „virðingarleysi gagnvart lögum og reglum" er hann vændi hana um að ætla að hunsa stjórnskipunarlög. Karl Th. Birgisson ritstjóri skrifaði: „Björt Ólafsdóttir kann ekki að vera ráðherra. Umhverfisráðherra lýsti því yfir ... að Umhverfisstofa [sic] ætti að loka verksmiðju United Silicon ... Hvers vegna? Jú, henni fannst það bara."

Ekki allt með felldu

Það er gott að vita til þess að málsmetandi mönnum sé annt um að leikreglur þeirra séu virtar sem ekki virða leikreglur. Það væri hins vegar óskandi að einhver passaði svona vel upp á rétt okkar hinna til að draga andann.

„Ég er reiður," sagði Sadiq Khan þegar hann frétti af skipulögðu aðgerðaleysi ríkisstjórnar Bretlands í mengunarmálum. „Hvern einasta dag sem við gerum ekkert í málinu anda börnin okkar að sér eitruðu lofti, gamla fólkið okkar nær ekki andanum og fólk lætur lífið."

Ekki er allt með felldu í Helguvík. Hvaða efni eru það sem valda íbúum Reykjanesbæjar óþægindum? Geta þau valdið fólki langvarandi heilsutjóni? Eru þau jafnvel lífshættuleg?

Ef það er „kunnáttulaus" ráðherra sem „finnst" að verksmiðju sem hugsanlega spúir hættulegum eiturefnum út í andrúmsloftið eigi að loka meðan málið er skoðað, má ég þá biðja um fleiri kunnáttulausa ráðherra sem „finnst". Má ég biðja um ráðherra sem „finnst", af algjöru þekkingarleysi, mannréttindi að fá að anda. Má ég biðja um ráðherra sem „finnst", eins og hverjum öðrum óbreyttum aula, að mannslíf séu æðri peningum. Má ég biðja um ráðherra sem „finnst", eins og Sadiq Khan, fráleitt að grípa ekki til aðgerða sem vernda heilsu fólks. Má ég biðja um ráðherra sem „finnst", eins og versta viðvaningi, að það sé hlutverk stjórnmálamanna að gæta hagsmuna almennings.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

OKKAR SÝN Á LÚXUS

Volvo XC90 AWD er skandínavískur lúxus.
Rómaður snertiskjárinn, mögnuð sætin,
há sætisstaðan og einstök veghæðin
endurspegla sænska natni við smáatriði.
Aflið og mýktin ásamt einstöku öryggi,
Volvo öryggi, sýna vel sænska snilli
bílahönnuða Volvo.

RAFDRIFIN FRAMSÆTI MEÐ MINNI
BAKKMYNDAVÉL
LEIÐSÖGUKERFI MEÐ ÍSLANDSKORTI
NÁLÆGÐARSKYNJARI AÐ FRAMAN OG AFTAN
NETTENGDUR 9 TOMMU SNERTISKJÁR
VERÐ FRÁ 9.990.000 KR

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU
VOLVO XC90 AWD

Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfinningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg | Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000 | Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050 | volvocars.is

PEPSI-DEILDIN SPÁ 2017

1. ?
2. ?
3. ?
4. ?
5. ?
6. ?
7. ?
8. Víkingur R.
9. ÍBV
10. ÍA
11. Grindavík
12. Víkingur Ólafsvík

ÍBV: Á svipuðum slóðum og í fyrra

Íþróttadeild 365 heldur áfram niðurtalningu fyrir nýtt keppnistímabil í Pepsi-deild karla í dag með árlegri spá sinni um deildina. Spánni verða gerð skil í öllum miðlum okkar – hún birtist fyrst í Fréttablaðinu en verður svo fylgt eftir í ítarlegri útgáfu á Vísi sem og í kvöldfréttum Stöðvar 2.

Íþróttadeild 365 spáir ÍBV 9. sæti deildarinnar, sama sæti og liðið endaði í í fyrra.

Kristján Guðmundsson er nýr þjálfari ÍBV en hann var síðast í Pepsi-deildinni með lið Keflavíkur, sumarið sem liðið féll úr deildinni.

Eins og Óskar Hrafn Þorvaldsson, einn sérfræðingur Pepsi-markanna, bendir á heldur liðið miðvarðaparinu sínu sem var besti hluti liðsins í fyrra. En það séu stærri spurningamerki við sóknarleik liðsins.

„Þeir eru að treysta að nokkru leyti á Arnór Gauta Ragnarsson, ungan strák sem var með Selfossi í fyrra. Hann gæti fundið fyrir því að það er munur á því að spila í Inkasso-deildinni og Pepsi-deildinni," sagði Óskar Hrafn.

Stemningin í Eyjum er rómuð þegar vel gengur en getur verið fljót að fara með versnandi gengi.

Markaðurinn

KOMNIR
Alvaro Montejo Calleja (Fylkir)
Arnór Gauti Ragnarsson (Breiðablik)
Atli Arnarson (Leiknir R.)
Jónas Þór Næs (B36)
Kaj Leo í Bartalsstovu (FH)
Viktor Adebahr (Svíþjóð)

FARNIR
Aron Bjarnason (Breiðablik)
Benedikt Októ Bjarnason (Fram)
Guðmundur Steinn Hafsteinsson (Víkingur Ó.)
Jonathan Barden (Mees Siers)
Simon Smidt (Fram)
Sören Andreasen

Þjálfarinn

Kristján Guðmundsson

Fimmta árið í röð hefja Eyjamenn leik með nýjan þjálfara. Kristján var hársbreidd frá því að gera Keflavík að Íslandsmeistara árið 2008 en hefur síðan þá stýrt Val og Leikni.

Þrír sem stólað er á

- Hafsteinn Briem
- Avni Pepa
- Pablo Punyed

Besti og versti mögulegi árangur 1. 2. 3. 4. 5. (6.) 7. 8. 9. 10. (11.) 12.

Erfitt sumar í fiskibæjunum

Grindvíkingar og Ólafsvíkingar kveðja Pepsi-deildina ef spá íþróttadeildar 365 rætist þetta sumarið.

FÓTBOLTI Íþróttadeild 365 opinberar hér að ofan og neðan hvaða liðum hún spáir 8. og 9. sæti Pepsi-deildar karla í fótbolta í sumar. Víkingar í Reykjavík og Eyjamenn halda sætum sínum en eins og kom fram á síðustu dögum er Grindavík og Ólafsvíkingum spáð falli en ÍA gælir við það og hafnar í 10. sæti ef spáin rætist.

Fallbaráttan gæti orðið spennandi í sumar en aðeins annar nýliðinn, Grindavík, er talinn þurfa að berjast við falldrauginn. KA-menn koma mun betur mannaðir til leiks og hafa ekki enn birst í spá íþróttadeildar.

Fiskiþorpin falla

Grindvíkingar hafa styrkt sig ágætlega en byggja ekki á sama svakalega grunni og Akureyringarnir. Í liðinu er mikið um leikmenn sem hafa aldrei sannað sig í deild þeirra bestu og má búast við erfiðu sumri í Grindavík.

Það sama má segja um Ólafsvík en lærisveinar Ejubs Purisevic eru í neðsta sæti í flestum spám sem birst hafa fyrir mótið. Þeir hafa misst sterka leikmenn og lofa ekki nógu góðu fyrir sumarið. Liðið hélt sér í raun uppi á frábærri byrjun á síðustu leiktíð og mörkum Hrjve Tokic sem er nú farinn frá liðinu í Breiðablik.

Ólafsvíkurliðið skoraði ekki nema 23 mörk í fyrra og hefur ekki bætt við sig alvöru markaskorurum. Það bendir því ekkert til þess að liðið geti leikið sama leik og í byrjun mótsins í fyrra. Það vann svo ekki í tíu leikjum í röð í seinni hlutanum áður en það hélt sér uppi.

Sama góða sagan á Skaganum?

Skagamenn urðu fyrir miklu áfalli við að missa Ármann Smára Björnsson og Iain Williamson fyrir mótið en báðir lögðu skóna á hilluna. Skagamenn þurftu að leita út fyrir landsteinana til að fylla í skörðin og eru því meira spurningarmerki en áður.

Þrír af fjórum bestu leikmönnum Skagans í fyrra; Árni Snær í markinu og tveir fyrrnefndir, eru allir frá en Ingvar Þór Kale er mættur í markið á Skaganum.

Gunnlaugur Jónsson hefur gert ótrúlega hluti með ÍA-liðið og gæti gert aðra eins hluti af erlendu leikmennirnir standa sig, en stuðningsmenn ÍA ættu ekki að búast við alltof góðu tímabili þetta sumarið.

Ejub Purisevic og lærisveinar hans í Ólafsvík kveðja deildina ef spáin rætist að þessu sinni en Ólsarar voru nýliðar í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Aftur nýr þjálfari

Fimmta árið í röð mætir ÍBV með nýjan þjálfara til leiks en Kristján Guðmundsson er tekinn við liðinu. Kristján hefur sjálfur ýmislegt að sanna en lítið hefur gerst hjá honum síðan hann gerði Keflavík næstum því að Íslandsmeistara árið 2008.

Eyjamenn eru áfram með mjög sterka varnarlínu en þá vantar markaskorara. Mættur til starfa er tvítugur Bliki, Arnór Gauti Ragnarsson og vonast er til þess að Gunnar Heiðar Þorvaldsson geti beitt sér eitthvað af viti.

Eyjamenn fá mjög þægilega byrjun á mótinu þar sem þeir verða að safna stigum en svo þarf stemningin að halda því þrátt fyrir góða byrjun í fyrra voru Eyjamenn hársbreidd frá því að falla en björguðu sér á lokametrunum. **tomas@365.is**

Víkingur R.: Hvernig verða nýju mennirnir?

Íþróttadeild 365 heldur áfram niðurtalningu fyrir nýtt keppnistímabil í Pepsi-deild karla í dag með árlegri spá sinni um deildina. Spánni verða gerð skil í öllum miðlum okkar – hún birtist fyrst í Fréttablaðinu en verður svo fylgt eftir í ítarlegri útgáfu á Vísi sem og í kvöldfréttum Stöðvar 2.

Íþróttadeild 365 spáir Víkingi 8. sæti Pepsi-deildarinnar. Liðið náði ekki að standa undir miklum væntingum í fyrra þrátt fyrir að hafa sett persónulegt stigamet.

Liðið hefur fengið nokkra nýja leikmenn, þar af þrjá erlenda sem verða í stóru hlutverki ef af líkum lætur. Óskar Hrafn Þorvaldsson, sérfræðingur í Pepsi-mörkunum, segir nauðsynlegt að þeir eigi toppsumar en setur spurningarmerki við varnarleikinn.

„Hverjir verða miðverðir? Verða það Halldór Smári og Alan Lowing? Er það nógu sterkt par til að fara þangað sem Víkingur vill fara?" segir hann.

Víkingar hafa burði til að vera um miðja deild og gott betur ef allt gengur upp. En ef illa fer gæti liðið sogast í fallslag.

Markaðurinn

KOMNIR
Geoffrey Castillion (Debrecen)
Gunnlaugur Fannar Guðmundsson (Haukar)
Muhammed Mert (Holland)
Milos Ozegovic (Radnicki Pirot)
Ragnar Bragi Sveinsson (Fylkir)
Örvar Eggertsson (Breiðablik)

FARNIR
Gary Martin (Lokeren)
Igor Taskovic (Fjölnir)
Josip Fucek (Rúmenía)
Kristófer Páll Viðarsson (KA, á láni)
Marko Perkovic
Óttar Magnús Karlsson (Molde)
Stefán Þór Pálsson (ÍR)
Viktor Jónsson (Þrótt R.)

Þjálfarinn

Milos Milojevic

Þjálfari Víkings er Milos Milojevic. Serbinn tók einn við liðinu á miðju sumri 2015 þegar Ólafur Þórðarson var látinn fara og setti stigamet á sinni fyrstu heilu leiktíð einn sem aðalþjálfari liðsins.

Þrír sem stólað er á

- Róbert Örn Óskarsson
- Alex Freyr Hilmarsson
- Vladimir Tufegdzic

Besti og versti mögulegi árangur 1. 2. 3. 4. 5. (6.) 7. 8. 9. (10.) 11. 12.

Nýjast

Domino's-deild karla
Lokaúrslit, 2. leikur

Grindavík - KR 88-89

Grindavík: Lewis Clinch Jr. 33/4 fráköst/7 stoðsendingar, Ólafur Ólafsson 21/12 fráköst, Dagur Kár Jónsson 15/5 fráköst, Þorsteinn Finnbogason 7/6 fráköst, Ómar Örn Sævarsson 4/14 fráköst, Þorleifur Ólafsson 4, Ingvi Þór Guðmundsson 4/6 fráköst.
Grindavík: Jón Arnór Stefánsson 24/5 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 18/5 fráköst/6 stoðsendingar, Philip Alawoya 14/10 fráköst/5 stoðsendingar, Kristófer Acox 9/13 fráköst, Sigurður Á. Þorvaldsson 8, Darri Hilmarsson 7/5 fráköst, Pavel Ermolinskij 5, Þórir Guðmundur Þorbjarnarson 4/4 fráköst.
Staðan í einvíginu er 2-0, KR í vil.

VALDÍS ÞÓRA ÁFRAM

Valdís Þóra Jónsdóttir lék annan hringinn á Estrella Damm-mótinu á Spáni á einu höggi yfir pari. Hún er samtals á tveimur höggum undir og komst auðveldlega í gegnum niðurskurðinn sem miðaðist við tvö högg yfir pari. Valdís er í 22.-29. sæti á mótinu, sem er hennar þriðja í Evrópumótaröðinni í golfi. Sýnt verður frá mótinu á Golfstöðinni um helgina.

Um helgina

Stöð 2 Sport:
L 09.00 Estrella Damm Golfst.
L 13.25 Frankf. - Augsburg Sport 3
L 13.25 Bayern - Mainz Sport
L 13.50 Swansea - Stoke Sport 2
L 16.05 Chelsea - Spurs Sport 2
L 17.00 Valero Texas Open Golfst.

S 09.00 Estrella Damm Golfst.
S 13.05 Burnley - Man Utd Sport
S 13.50 Arsenal - M. City Sport 2
S 15.20 Liverpool - C. Palace Sport
S 17.00 Valero Texas Open Golfst.
S 18.40 R. Madrid - Barca Sport 2
S 18.50 Snæfell - Keflavík Sport
S 19.30 OKC - Houston Sport 3

Frumsýningar á leikjum:
L 16.15 West Ham - Everton Sport
L 18.15 B'mouth - Boro Sport 2
L 20.00 Hull - Watford Sport2

Olís-deild karla - undaúrslit:
L 15.00 Afturelding - FH Varmá

Áskorendabikar karla - undaúrslit:
L 18.00 Valur - Potaissa Valshöll

Olís-deild kvenna - undaúrslit:
S 14.00 Grótta - Stjarnan Hertzhöll
S 16.00 Haukar - Fram Ásvellir

Domino's-deild kvenna - lokaúrs.:
S 19.15 Snæfell - Keflav. Stykkish.

Úrslit Lengjubikarsins á Valsvelli
M 16.00 Valur-Breiðablik Kvenna
M 19.15 Grindavík - KR Karla

TAX FREE DAGAR

Nýjn litirnir í léttlopanum eru komnir

Handklæði
2 stór og 2 lítil
2.822
verð áður
3.499

Viskastykki
2 stk í pk
1.047
verð áður
1.299

Verðdæmi
verð frá
281
verð áður
349

Verðdæmi
verð frá
556
verð áður
690

ÖLL BÚSÁHÖLD OG GARN

ÁN VIRÐISAUKASKATTS*
DAGANA 21.-23. APRÍL

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.
*Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Ertu að flytja til

Noregs, Danmerkur eða Svíþjóðar?

27. apríl n.k. kl. 17:00 býður Norræna félagið, í samstarfi við Halló Norðurlönd, og EURES evrópsk vinnumiðlun upp á upplýsingafund þar sem farið verður yfir hagnýt atriði varðandi flutning, atvinnuleit og nám í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Fulltrúar frá EURES, Halló Norðurlönd og Ríkisskattstjóra verða með kynningu og sérfræðingur frá Rannís kynnir upplýsingastofu um nám erlendis og Europass.

Fundur er haldinn í húsnæði Vinnumálastofnunar, Kringlunni 1, 103 Reykjavík í fundarsal á 1. hæð. Gestir eru hvattir til að mæta stundvíslega.

Skráning á fund fer fram með því að senda tölvupóst á netfangið: eures@vmst.is fyrir 26. apríl.

Norræna félagið
www.norden.is

Norræna ráðherranefndin

EURES

Kalina Karpalova vísindamaður við Líffræðideild HÍ, Anna Heiða Ólafsdóttir, í stjórn Samtaka kvenna í vísindum, Bryndís Marteinsdóttir, formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags, Erna Magnúsdóttir, forseti Vísindafélags Íslendinga, Sigrún Ólafsdóttir, félagsfræðingur og prófessor við HÍ, og Henning Úlfarsson, stærðfræðingur og lektor við HR.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ganga fyrir vísindi

Gengið verður frá Skólavörðuholti klukkan 13 í dag, á Degi jarðar. Eftir gönguna er efnt til fundar í Iðnó um stöðu vísinda í heiminum.

Hugmyndin að vísindagöngu á Degi jarðar kviknaði í Bandaríkjunum í tilefni af ákvörðunum Donalds Trump um að virða vísindi á sviði loftslagsmála að vettugi. Úr henni varð alþjóðahreyfing svo í dag verður gengið víða um lönd í þágu vísindanna. Í Reykjavík verður lagt upp frá Skólavörðuholti klukkan 13.

Erna Magnúsdóttir er forseti Vísindafélags Íslendinga. Hún segir niðurskurð fjármagns til vísindaiðkana í Bandaríkjunum hafa víðtæk áhrif og takmarka möguleika fólks til að stunda rannsóknir og miðla þekkingu sinni.

„Ef Bandaríkjastjórn ætlar í alvörunni að afneita loftslagsvísindum þá snertir það alla á jörðinni, meðal annars okkur Íslendinga," segir hún og heldur áfram: „Bandaríkjamenn setja tóninn í stóru samhengi, bæði menga þeir þjóða mest en hafa líka verið leiðandi á flestum sviðum vísinda lengi, þannig að ef þeir draga úr stuðningi við rannsóknir og uppgötvanir þá hefur það áhrif um allan heim."

> **ÞAÐ ER EKKI NÓG AÐ HLUSTA Á FRÆÐAFÓLK ÞEGAR ÞAÐ HENTAR OG TALA ÞAÐ SVO NIÐUR ÞEGAR RANNSÓKNIR ÞESS PASSA EKKI EIGIN SKOÐUNUM.**

Erna segir háskólana hér á landi búa við viðvarandi niðurskurð sem einnig hafi áhrif á rannsóknir. „Búið er að gefa okkur loforð í meira en áratug um að við ætlum að ná meðaltali OECD-landanna í fjárframlögum til vísinda en það er alltaf svikið. Ný ríkisstjórnaráætlun sýnir svart á hvítu að ekki eigi að standa við þau nú. Það telst ekki metnaðarfull stefna því mörg OECD-landanna eru mun fátækari en Ísland."

Annað sem gangan stendur fyrir er krafa um að teknar séu upplýstar ákvarðanir sem byggja á staðreyndum, meðal annars á Alþingi að sögn Ernu. „Það er ekki nóg að hlusta á fræðafólk þegar það hentar og tala það svo niður þegar rannsóknir þess passa ekki eigin skoðunum. Skemmst er að minnast umræðunnar á þingi um nýlegt áfengisfrumvarp. Þar var gert lítið úr faraldsfræðilegum niðurstöðum rannsókna á sölu áfengis í matvöruverslunum. Við viljum koma vísindum á dagskrá því við notum vísindi í lífinu, sama hvað okkur finnst."

gun@frettabladid.is

LANDSPÍTALI

Ársfundur 2017 / Hilton Reykjavík Nordica 24. apríl, kl. 14:00

FRAMTÍÐ LANDSPÍTALA

DAGSKRÁ

Ávarp
Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra

Hvert er hlutverk Landspítala?
Páll Matthíasson forstjóri

Ársreikningur Landspítala 2016
María Heimisdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Mannauður í brennidepli
Kynning á verkefnum, sjá lista hér til hægri

Heiðranir starfsfólks
Tilnefningar kollega
Ásta Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs

Fundarstjóri: Guðfinna S. Bjarnadóttir

Kaffiveitingar að fundi loknum

Aukaverkanir lyfja og SENATOR verkefnið
Aðalsteinn Guðmundsson yfirlæknir
og formaður lyfjanefndar Landspítala

Rannsóknir á prótónpumpuhemlum
Hólmfríður Helgadóttir læknir

Umhverfismál og samgöngur Landspítala
Hulda Steingrímsdóttir umhverfisstjóri

Blóðbankinn og stofnfrumurannsóknir
Ólafur Eysteinn Sigurjónsson náttúrufræðingur

Umbótastarf Landspítala (lean)
Viktoría Jensdóttir verkefnastjóri

Rannsóknir í hjúkrun og bráðaþjónustu
Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir verkefnastjóri

Skráning á landspitali.is

KIRUNA
U-sófi. Hægri eða vinstri tunga.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 301 × 200 × 78 cm

179.990 kr. ~~239.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

35% AFSLÁTTUR

MORO
Hægindastóll og skammel í grá-brúnu eða rauðu slitsterku áklæði.

119.980 kr. ~~189.980 kr.~~

EASY
Þriggja sæta sófi.
Dökk- eða ljósgrátt áklæði.
Stærð: 232 x 95 x 85 cm

35% AFSLÁTTUR

69.990 kr. ~~109.990 kr.~~

OSWALD
Þriggja sæta sófi. Dökkgrátt eða dökkblátt slitsterkt áklæði. Viðarfætur.
Stærð: 185 x 84 x 87 cm

25% AFSLÁTTUR

74.990 kr. ~~99.990 kr.~~

TWIST
Hægindastóll.
Appelsínugulur ljósblár eða dökkgrár.

Skammel selt sér. Tilboðsverð: 19.992 kr.

20% AFSLÁTTUR

47.992 kr. ~~59.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR

TWIST
2,5 sæta sófi. Ljósblár, dökkgrár eða appelsínugulur.
Viðarfætur. Stærð: 159 x 92 x 95 cm

71.990 kr. ~~89.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

DEVON
Tveggja sæta svefnsófi. Grátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 151 x 86 x 82 cm

99.990 kr. ~~139.990 kr.~~

Reykjavík
Bíldshöfði 20
10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1
10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

LOKA-HELGIN

MORRISON
Borðstofuborð úr olíuborinni gegnheilli eik.

30% AFSLÁTTUR

MORRISON borðstofuborðið er 100 cm breitt, 200 cm langt og hæðin er 73 cm. Það er stækkanlegt í 358 cm með þremur stækkunum sem fylgja. Hægt er að kaupa viðbótarstækkanir sem gera það mögulegt að stækka borðið í 512 cm. Hvíttuð eða olíuborin eik.

279.993 kr.
~~399.990 kr.~~

PÁSKA TILBOÐIN

MOSS
Borðstofustóll. Svart microfiber áklæði og viðarlappir.

30% AFSLÁTTUR

7.990 kr. ~~11.990 kr.~~

ALBERTA
Borðstofustóll, grátt eða svart PVC áklæði.

20% AFSLÁTTUR

6.990 kr. ~~8.990 kr.~~

EIFFEL
Eldhússtóll með krómlöppum. Litur: Rautt.

25% AFSLÁTTUR

8.990 kr. ~~11.990 kr.~~

FRIDAY
Fjölskyldusófinn, hægri eða vinstri tunga. Brúnt og dökkgrátt áklæði.

Stærð:
330 × 230/170 × 90 cm

25% AFSLÁTTUR

224.990 kr. ~~299.990 kr.~~

EIFFEL
Eldhússtóll með svörtum löppum. Litur: Hvítt.

25% AFSLÁTTUR

7.490 kr. ~~9.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

ELLY
Ljós- og dökkgrátt áklæði. Einnig dökkblátt, dökkgrátt og rauðvínslitt í sléttflauel. Stærð: 183 x 82 x 85 cm.

64.990 kr.
~~89.990 kr.~~

OMAHA
Borðstofustóll. Turkisblátt eða grátt áklæði.

35% AFSLÁTTUR

9.990 kr. ~~15.990 kr.~~

Bæklinginn okkar finnur þú á www.husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Andvökunætur lögreglumanns

Fyrsta vaktin rennur lögreglufulltrúanum Snorra Birgissyni seint úr minni, því hann kom heim í blóðugum búningi. Snorri segir frá hættulegri árás og ógnvekjandi staðreyndum varðandi mansal.

„Einn einstaklingur í máli hjá okkur vildi til að mynda fá að taka lest frá Íslandi til heimalandsins á meðan annar spurði hvað þetta land héti," segir Snorri og segir málin geta verið flókin og erfið viðureignar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Snorri Birgisson lögreglufulltrúi starfar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og fer fyrir mansalsteymi embættisins.

Snorri er reynslumikill lögreglumaður. Hann hefur starfað í lögreglunni í þrettán ár, þar af í tíu ár við rannsóknir á skipulagðri brotastarfsemi. Hann ætlaði sér ekki að verða lögreglumaður. Eins og hjá svo mörgum hófst ferillinn í sumarafleysingum og það varð ekki aftur snúið þrátt fyrir erfiða fyrstu vakt.

Búningurinn var blóðugur

„Þrettán ár eru fljót að líða í lögreglunni en ég man eftir fyrstu vaktinni minni eins og það hefði gerst í gær. Ég var tvítugur sumarafleysingamaður í glænýjum lögreglubúningi. Eftir fjögurra klukkutíma vakt upplifði ég prófraun sem reyndi á allar hliðar andlegrar heilsu tvítugs einstaklings. Búningurinn minn var blóðugur og hjá mér stóð grátandi kona með barnið sitt sem hafði séð barnsföður sinn látinn á slysavettvangi þar sem endurlífgunartilraunir okkar og síðar sjúkraflutningamanna báru ekki árangur," segir Snorri frá fyrstu klukkutímunum í starfi hjá lögreglunni. „Ég hafði aldrei kynnst svo mikilli og yfirþyrmandi sorg. Þekkti það ekki hvernig sorgin getur brotist út í öskri og örvæntingu. Ég vissi ekki hvernig ég átti að tækla þessar aðstæður. Maður reyndi kannski að hugga, segja: Þetta verður allt í lagi. En auðvitað verður þetta ekki í lagi."

Hann velti því fyrir sér hvort hann ætti að hætta. Á þessum tíma var engin áfallahjálp í boði. Faðir hans, Birgir Ólafsson fyrrverandi lögreglumaður í heimabænum Keflavík, ræddi við hann um atvikið.

„Ég naut aðstoðar föður míns sem var þá líka í lögreglunni og hafði verið í 30 ár og það hjálpaði að geta rætt þetta fram og aftur. Ég hringdi strax í hann um leið og við vorum búin að vinna á vettvangi.

Hann lýsti fyrir mér aðstæðum sem hann hafði sjálfur upplifað sem voru af svipuðu tagi. Það hjálpaði mér mikið. Það veitti mér ákveðinn styrk. Þessu atviki fylgdu martraðir og margar andvökunætur en ég ákvað að halda áfram þetta sumar og fór svo í Lögregluskólann í framhaldi. Því hef ég aldrei séð eftir en þessi fyrsta vakt mótaði mig að vissu leyti og styrkti mig í að takast á við erfiðar aðstæður sem hafa verið þó nokkrar," segir Snorri.

Ótrúlegur skóli

„Síðan þá hefur maður séð samfélagið með öðru ljósi en almenningur getur gert sér grein fyrir og í raun skuggahliðarnar," segir Snorri sem segir þó að frá upphafi hafi hann fundið að þótt starfið geti reynst erfitt á köflum sé það mjög gefandi. „Ef þú hefur áhuga á þessu og getur átt góð mannleg samskipti. Þetta er bara þessi klassíska klisja, þú festist í þessu starfi."

Snorri starfaði á almennum vöktum lögreglunnar fyrst um sinn en fljótlega eftir að hann lauk námi í Lögregluskólanum var Snorri ráðinn til starfa í fíkniefnadeildina. Karl Steinar Valsson var þá yfirmaður deildarinnar. Stór og flókin mál voru til rannsóknar.

„Þegar ég var að byrja var fyrra skútumálið í rannsókn, aðgerðir ekki hafnar en í undirbúningi. Þá var stór amfetamínverksmiðja upprætt og seinna skútumálið líka tekið til rannsóknar. Þetta var ótrúlegur skóli og það sem var einkennandi fyrir starf deildarinnar var samstarf og samstaða lögreglumanna. Það var unnið í opnu vinnurými og ákveðin verkaskipting. Lögreglumenn unnu í eftirliti með sölumönnum eða í langtímarannsóknum."

Alvarleg líkamsárás

Á þessum tíma stýrði Snorri verkefni sem snerist um kortlagningu sölumanna á fíkniefnum. Teymið hafði kortlagt um 150 sölumenn og hafði afskipti af þeim reglulega. Þann 11. janúar 2008 var hann á hefðbundinni vakt þegar hann og tveir félagar hans urðu fyrir alvarlegri líkamsárás á Laugavegi.

„Við vorum að hafa eftirlit með sölumönnum fíkniefna og höfðum síðar afskipti af konu, óskuðum eftir leit. Konan brást illa við því og við lentum í einhverjum stympingum.

Upp úr þurru stoppar bíll og út koma þrír þrekvaxnir Litháar. Við sjáum þá bara koma hlaupandi með reidda hnefa.

Við vorum allir með lögregluskilríkin á lofti, kynntum okkur strax í þessum átökum. En svo gerðist þetta rosalega hratt. Við dreifðumst strax um svæðið og lentum tímabundið undir í þessum átökum.

Ég man eftir því að hafa verið að reyna yfirbuga einn af þessum aðilum og hann losaði sig undan og hljóp og ég lá eftir á Laugaveginum og var að fara að standa upp þegar ég fékk þungt spark í höfuðið aftan frá. Ég vankaðist í smástund eftir það, sá bara hvítt, en tókst með óskiljanlegum hætti að standa upp og hljóp á eftir þeim sem ég hafði verið að reyna að yfirbuga niður hliðargötu. Ég var gersamlega búinn á því og varð svo feginn þegar ég sá sérsveitarmenn koma til móts við mig. Við náðum að setja hann í handjárn og síðan man ég bara eftir því að sérsveitarmaðurinn spurði mig: Snorri, er í lagi með þig? Ég var náfölur og útataður í blóði. Eftir það hneig ég niður meðvitundarlaus og rankaði við mér á gjörgæslu síðar."

> UPP ÚR ÞURRU STOPPAR BÍLL OG ÚT KOMA ÞRÍR ÞREKVAXNIR LITHÁAR. VIÐ SJÁUM ÞÁ BARA KOMA HLAUPANDI MEÐ REIDDA HNEFA.

Fengu áfallahjálp

Snorri segir atvikið hafa sýnt þá hörku sem einkenndi skipulagða brotastarfsemi á þessum tíma. Árásin gegn honum og félögum hans vakti óhug. Þeir og fjölskyldur þeirra þurftu á áfallahjálp að halda.

„Ég held ég hafi verið heppinn að sleppa ágætlega úr þessu. Hinir sluppu betur, fengu bólgur í andliti. Það tók tíma að jafna sig. Áverkunum fylgdi sár hausverkur í langan tíma. Ég þurfti lyfjagjöf til að varna frekari skaða á heila," segir Snorri og segir að atvikið hafi sem betur fer orðið til þess að beina athyglinni að öryggi lögreglumanna.

„Lögreglumönnum var gert auðveldara fyrir að fá neyðaraðstoð á vettvangi. Dómsmálaráðherra skoðaði málið og skrifaði okkur bréf. Það var gott að finna fyrir stuðningi í þessu máli," segir hann frá.

Á þessum tíma sem árásin var gerð á lögreglu voru tíðar fréttir af glæpagengjum. Ofbeldi og átök voru sýnileg í samfélaginu. Það voru einnig Litháar sem komu við sögu ári seinna, þegar reyndi í fyrsta sinn á brot gegn 227. grein laganna er varðar mansal.

Í október 2009 barst lögreglunni tilkynning um litháíska stúlku sem hefði tryllst um borð í flugvél sem var á leið til Íslands frá Varsjá í Pólland. Málið markaði ákveðið upphaf á rannsókn mansals hjá lögreglunni. Íslenskir lögreglumenn fóru meðal annars utan til Litháen að safna sönnunargögnum og mansalsteymi lögreglu vann við rannsóknina. Í ljós kom að stúlkan var upphaflega seld í vændi í Litháen. Þar hafði henni verið haldið og misþyrmt og henni haldið í vímuefnaneyslu. Í Litháen var hún ginnt til Íslands. „Þetta mál var fordæmisgefandi fyrir rannsóknir mansals hér á landi. Frumkvæði þeirra sem komu að þessari rannsókn var algjört og í raun nýleg þekking á þessum tíma sem skilaði því að málið fékk þann framgang sem það hlaut og endaði með þungum dómum fyrir mansal í fyrsta sinn á Íslandi," segir Snorri frá.

Breytt landslag eftir hrun

Snorri segir að eftir hrunið hafi margir þeirra sem voru hvað mest áberandi í erlendum glæpagengjum farið úr landi. „Það breyttist margt. Margir þeirra sem voru tengdir skipulagðri brotastarfsemi voru líka að starfa hér eða með rekstur. Bankahrunið hafði þau áhrif að aðstæður voru ekki lengur ákjósanlegar. Þess vegna fóru margir aftur út. Sáu sér einfaldlega ekki fært að vera hérna lengur.

Mér finnst landslagið frá því fyrir hrun hafa breyst verulega. Ofbeldið hefur færst til, frá okkur. Menn geta ekki rekið þetta þannig að þeir séu alltaf með allt samfélagið upp á móti sér. Menn reka þetta með leynd, með kúgunum, hótunum og aðstöðumun. Það er einmitt það sem við sjáum í mansalsmálum en líka öðrum brotum. Fólk þorir ekki að leita til okkar og það er mikið áhyggjuefni. Við vitum að í þessu breytta landslagi eru einstaklingar sem ➜

Umsóknarfrestur er til 15. maí

Góður leiðtogi nær betri árangri

Meistaranám í forystu og stjórnun

Nýtt: Forysta og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun

Meistaranám í forystu og stjórnun við Háskólann á Bifröst er sérsniðið að þörfum þeirra sem vilja styrkja sig í starfi og efla leiðtoga hæfileika sína fyrir forystu og stjórnunarstörf. Námið hefur hlotið frábærar móttökur og samanstendur af fjölbreyttum námskeiðum sem veita nemendum víðtæka þekkingu og sérstökum námskeiðum um ólíkar kenningar innan forystu- og stjórnunarfræða.

Til að mynda er sérstakt námskeið í þjónandi forystu (e. servant leadership). Í náminu er sérstök áhersla lögð á að efla samskiptahæfni nemenda.

Frá hausti 2017 verður í boði nýr valkostur, Forysta og stjórnun með sérstaka áherslu á mannauðsstjórnun, sem byggir á fjórum námskeiðum á sviði mannauðsmála.

Nám í forystu og stjórnun er kennt í fjarnámi og nemendur geta tekið námið á eigin hraða.

Umsóknarfrestur fyrir haustönn 2017 er til 15. maí

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

- fyrir þá sem ætla lengra

Ársfundur 2017

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar verður haldinn mánudaginn 8. maí kl. 17.00 í húsakynnum Brúar lífeyrissjóðs, Sigtúni 42, 2. hæð, Reykjavík.

Dagskrá
1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Önnur mál löglega upp borin

Allir sjóðfélagar, fulltrúar launagreiðenda og fulltrúar viðkomandi stéttarfélaga eiga rétt til fundarsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt.

Reykjavík, 7. apríl 2017

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Yfirlit yfir afkomu ársins 2016

Efnahagsreikningur (í milljónum kr.)	2016	2015
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	9.670	7.731
Skuldabréf	64.218	63.521
Bundnar bankainnistæður	172	1.757
Kröfur	237	306
Handbært fé	60	105
Skuldir	-295	-195
Hrein eign til greiðslu lífeyris	74.062	73.225
Breyting á hreinni eign (í milljónum kr.)		
Iðgjöld	2.527	2.109
Lífeyrir	-4.138	-3.606
Hreinar fjárfestingatekjur	2.606	6.458
Rekstrarkostnaður	-159	-151
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris	836	4.810
Hrein eign frá fyrra ári	73.226	68.415
Hrein eign til greiðslu lífeyris	74.062	73.225
Kennitölur		
Nafnávöxtun	3,4%	9,3%
Hrein raunávöxtun	1,3%	7,2%
Raunávöxtun (5 ára meðaltal)	4,0%	4,4%
Raunávöxtun (10 ára meðaltal)	4,0%	4,3%
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	22,9%	26,7%
Virkir sjóðfélagar	446	498
Fjöldi lífeyrisþega	3.480	3.299

Starfsemi sjóðsins á árinu

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti. Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 74.062 m.kr. í árslok 2016 en raunávöxtun sjóðsins nam 1,3%. Á árinu 2016 greiddu 446 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins en 17.257 sjóðfélagar eiga réttindi í sjóðnum. Að meðaltali fengu 3.480 einstaklingar greiddan lífeyri frá sjóðnum á árinu 2016 og nam hann um 4.138 m.kr. Rekstrarkostnaður sjóðsins var um 159 m.kr., sem jafngildir 0,2% af meðalstöðu eigna. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum, en Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hefur frá 1. júní 1999 annast rekstur sjóðsins.

Tryggingafræðileg úttekt sem miðar við árslok 2016 sýnir að heildarstaða sjóðsins var jákvæð um 22.676 m.kr. ef tekið hefur verið tillit til hlutdeildar launagreiðenda í greiddum lífeyri.

Sjóðfélagar

Á árinu 1998 var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Aðeins þeim sem greiddu til sjóðsins á þeim tíma er heimilt að greiða áfram til hans, enda hafi iðgjald verið greitt til sjóðsins óslitið frá þeim tíma. Þetta eru þeir sem greiddu iðgjöld vegna starfa hjá Reykjavíkurborg, stofnunum borgarinnar, sjálfseignastofnunum eða félögum skrásettum hjá borginni eða sem borgin á aðild að og voru iðgjaldaskyldir til sjóðsins.

Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir að iðgjöld til hans og ávöxtun þeirra dugi fyrir lífeyrisgreiðslum. Borgarsjóður og aðrir launagreiðendur greiða tiltekinn hundraðshluta lífeyris samkvæmt ákvörðun borgarstjórnar að fenginni umsögn sjóðstjórnar og tryggingastærðfræðings.

Ársreikning LsRb 2016 er hægt að finna í heild sinni á lifbru.is/lsr.

Í stjórn sjóðsins eru Skúli Helgason, formaður, Ása Clausen, Heiðar Ingi Svansson, Hildur Sverrisdóttir og Þorgrímur Hallgrímsson.

Framkvæmdastjóri er Gerður Guðjónsdóttir.

Birt með fyrirvara um prentvillur.

Lífeyrissjóður
starfsmanna Reykjavíkurborgar

eru gjörsamlega fastir í aðstæðum og finnst þeir ekki geta leitað sér hjálpar."

Þarf meiri skilning

Snorri segir að á þessum tíma hafi fáir haft áhuga á þessum málaflokki, mansali. „Nema lítill hópur sem vildi auka fræðslu og færni til þess að takast á við þessi mál. Þetta viðgekkst ekki hér á landi, að mati margra, og eina sakfellingin tengdist erlendum aðilum," segir Snorri og vísar í mál Litháanna. „Það hefur þurft að velta mörgum steinum til að breyta viðhorfi fólks og með fræðslu hefur það tekist mjög vel. Það vantaði meiri skilning á mansali og þekkingu og þegar það gerðist fór fólk að taka við sér. Ekki bara í samfélaginu heldur líka hjá lögreglu. Enn í dag hafa einstaklingar samt ekki sýnt þessu skilning og bent á að lögreglan ætti að sinna mikilvægari málefnum jafnvel þó að flestallar alþjóðastofnanir og erlend lögregluyfirvöld hafi varað við þeirri hættu sem steðjar að gagnvart mansali í skipulagðri brotastarfsemi. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu bætti við einingu sem rannsakar þessi mál og það má segja að þar sé mesta þekkingin í dag en hún er að aukast hjá öllum lögreglumönnum jafnt og þétt. Við verðum líka að vera vakandi fyrir því sem er að gerast hér með auknu flæði fólks.

Hvað var til að mynda dæmdur nauðgari grunaður um mansal í heimalandi sínu að gera með barni sem hann sagði yfirvöldum hér á landi að væri sonur sinn sem hann var svo alls ekki? Þetta er eitt dæmið um birtingarmyndir þeirra mála sem lögreglan hefur fengist við á síðustu árum," nefnir Snorri og vísar í mál Skender Berisha sem var dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir að hafa smyglað fjórtán ára dreng til landsins. Skender framvísaði fölsuðum skilríkjum, bæði fyrir sig og drenginn, og hélt því fram að hann væri faðir hans.

Dæmdur fyrir smygl

„Við rannsókn málsins kom í ljós að þessi maður var dæmdur fyrir smygl á fólki í heimalandi sínu og grunaður um mansal. Stráksins var leitað af foreldrunum. Þessi ungi strákur var orðinn háður geranda sínum þarna og það var erfitt að nálgast hann. Það skorti úrræði og hann var sendur á Stuðla sem var auðvitað ekki nægilega gott. Það tókst ekki að sýna fram á hver hagnýtingin var og því var Skender dæmdur fyrir smygl en ekki mansal. Strákurinn er að því ég best veit nú kominn til foreldra sinna. Er orðinn sextán ára gamall og ég vona að hann nái sér," segir Snorri.

> ÞANNIG SAGÐI EIN KVENNANNA EFTIR AÐ HAFA SAGT OKKUR ÁKVEÐNA FRÁSÖGN AÐ HENNI ÞÆTTI ÓTRÚLEGT AÐ HÚN VÆRI EKKI DÁIN. HÚN VAR HISSA Á AÐ VERA Á LÍFI EFTIR AÐ HAFA SAGT FRÁ.

Hann minnir á að langoftast sé mjög erfitt að nálgast þolendur í mansali. „Þetta eru einstaklingar sem hafa misst allt traust á mannskepnunni vegna ofbeldis og svika og rannsóknir byggjast á samstarfi við þolendur. Sumir þeirra sem við höfum rætt við hafa þurft að upplifa ítrekaðar nauðganir og annað ofbeldi og stundum gera þeir sér ekki grein fyrir því hvar í heiminum þeir eru staddir og eru algjörlega háðir þeim sem hagnýta sér þá. Traust til yfirvalda getur svo verið af skornum skammti og það hjálpar ekki við að mynda traust.

Einn einstaklingur í máli hjá okkur vildi til að mynda fá að taka lest frá Íslandi til heimalandsins á meðan annar spurði hvað þetta land héti," segir Snorri og segir málin geta verið flókin og erfið viðureignar.

Flókin mál og þung

„Ég minnist þess eitt árið þegar við ræddum við erlendar konur sem grunur lék á að væru þolendur mansals. Þær voru barnshafandi. Við tókum grunsemdirnar mjög alvarlega. Grunur lék á að þær hefðu verið sendar hingað til að eiga börn. Svo stóð mögulega til að börnin yrðu tekin af þeim, þær settar aftur í sömu aðstæður, vændi og annað slíkt. Þær voru skíthræddar og það kom í ljós að á þær höfðu verið lögð álög í heimalandinu sem þær lögðu trúnað á. Þær höfðu verið látnar sverja svokallaðan ju-ju eið og trúðu því að segðu þær frá þá myndu þær veikjast og deyja. Þannig sagði ein kvennanna eftir að hafa sagt okkur ákveðna frásögn að henni þætti ótrúlegt að hún væri ekki dáin. Hún var hissa á að vera á lífi eftir að hafa sagt frá."

Í þessu máli fékk lögreglan til liðs við sig kaþólskan prest. „Það átti að reyna það, fá hann til að fremja særingarathöfn, en þær treystu honum ekki. Rannsókn þessa máls sýnir hversu flókin málin geta verið og rannsókn þeirra," segir Snorri og minnir á að í þessum málaflokki eigi lögregluvinna eigi ekki bara að snúast um handtökur, gæsluvarðhald eða dóma. Það sé mikilvægt að fyrirbyggja og koma þolendum til hjálpar.

„Þetta snýst líka um að koma í veg fyrir brotastarfsemi, sama af hvaða tagi hún er og mansal er engin undantekning hjá okkur í dag. Auðvitað glímum við síðan við erfiðan niðurskurð og það hefur því miður bitnað á allri starfsemi lögreglu en maður vonar alltaf að bjartari tímar séu fram undan, það er ekkert annað hægt."

Heldur þú að þrátt fyrir þessi dæmi sem hefur verið greint frá í fréttum síðustu ár séu Íslendingar enn í afneitun? „Já, auðvitað, það er bara mannlegt. Við viljum ekki viðurkenna að hér á Íslandi séu þrælar þó að þau mál sem hafi komið upp hér á landi sýni það svart á hvítu. Þau mál sýna okkur það að við getum ekki leyft okkur að vera í afneitun."

Þótt þau hafi ekki öll leitt til ákæru eða sakfellingar? Eins og varð raunin með meint mansal í Vík í Mýrdal? „Já, mikið rétt, þetta eru raunveruleg dæmi. Við erum hreinlega að kljást við það að fá fólk til samstarfs. Það er fullkomlega eðlileg ástæða fyrir því. Fólk er hrætt. Það vill segja manni söguna en svo kemur að því að maður tilkynnir að nú verði að halda áfram með rannsókn, handtaka gerendur sem eru tengdir þessu. Þá fer fólk alveg í baklás.

Ég vil ekki ræða sérstaklega um þá niðurstöðu sem varð í máli kvennanna sem var haldið í Vík. Það lágu ákveðin gögn fyrir ákæruvaldinu sem það tók afstöðu til. En ég gleymi aldrei svipnum á þeim þegar við framkvæmdum húsleit vegna þessa máls og sögðum þeim að við værum komnir til að hjálpa þeim. Gleðin í svip þeirra var svo mikil."

visir.is Lengri útgáfa af greininni er á Vísi

Neita að hafa barið löggur

Litháarnir þrír sem ákærðir eru fyrir að hafa ráðist á fíkniefnalögreglumenn á Laugaveginum aðfaranótt 11. janúar neituðu sök í dómsal í gær. Lögreglumennirnir þrír fengu áfallahjálp eftir árásina.

DÓMSMÁL „Ég man eftir því að barna voru einhver læti en ég sá lítið," sagði félagi Litháanna þriggja fyrir dómi sem ákærðir eru fyrir að hafa ráðist á fjóra lögreglumenn aðfaranótt 11. janúar með höggum og spörkum. Litháarnir gerðu allir lítið úr málinu og neituðu sök sem fram kemur í ákæru.

Lögreglumennirnir eru í götuhópi fíkniefnadeildarinnar og voru að störfum við eftirlit þegar ráðist var á þá fyrir utan barinn Monte Carlo um eitt að nóttu, samkvæmt ákæru.

Ákærðu neita að hafa vitað að mennirnir hafi verið lögreglumenn og sögðust hafa verið að verja stúlku sem lögreglumennannarra," sagði einn lögreglumannanna þegar hann útskýrði að einn ákærðu gæti varla hafa annað en tekið eftir því að þeir væru lögreglumenn. „Ég var með lögreglu-skilríki um hálsinn og sýndi þau," sagði lögreglumaðurinn. Lögmaðurinn sem hafði ýjað að því að mis-ræmi væri í vitnisburði lögreglu-mannsins frá því skýrsla var tekin af honum hætti snögglega að spyrja um málið eftir þetta. „Þetta segir allt sem segja þarf," sagði Arngrímur Ísberg dómari þá.

Einn ákærðu barði tvo lögreglu-menn niður með þungum hnefa-höggum, samkvæmt vitnisburði lögreglumannanna. Annar lög-reglumannanna fékk högg á gagnaugað og vankaðist við það en

Grunaður um að hafa ætlað sér táningsdreng til Íslands

Kolbeinn Tumi Daðason skrifar 27. ágúst 2015 14:20

LÖGREGLAN 112 POLICE

Barnshafandi í mansalsmáli

Allt að tíu mansalsmál koma til kasta lögreglunnar á Suðurnesjum á hverju ári. Hér á landi er stödd ung, barnshafandi kona sem er grunuð mansalsfórnarlamb. Hún afþakkar aðstoð og hefur sótt um hæli.

Brot af fréttum um mál sem Snorri Birgisson ræðir um.

Danmörk: Vespuhreiðrið

Hundruð Rúmena voru lokkuð til landsins með loforði um atvinnu. Þegar þeir voru komnir til Danmerkur og komnir með kennitölur og aðgang að dönsku bankakerfi upphófst misneytingin. Þeir voru neyddir til að skuldsetja sig og stela. Til dæmis voru þeir neyddir til að kaupa dýra síma á lánum og leigja bíla. Símarnir og bílarnir voru svo teknir af fólkinu og seldir úr landi. Skuldir Rúmenanna eru metnar á samtals 40 milljón danskar krónur.

Fórnarlömb sem báru vitni sögðu frá illri meðferð, barsmíðum og hótunum. „ED“, maðurinn sem var talinn forsprakki mansalsins á danskri grund, hélt því hins vegar fram að Rúmenarnir vissu allir af fyrirkomulaginu áður en þeir komu til Danmerkur. Hann viðurkenndi að hafa útvegað eitt þúsund Rúmenum skilríki með því að útvega þeim falsaða starfssamninga. Fórnarlömbum var fylgt til að kaupa og leigja bíla og dýran varning, fatnað, skart og fleira. Þá voru þau neydd til að taka sms-lán, þiggja bætur og greiðslur frá ríkinu sem þau þurftu svo að millifæra á gerendur.

Þann 25. febrúar 2015 gerði danska lögreglan ásamt danska mansalsteyminu húsleit á 64 stöðum og handtók 98 manns. Tugir fengu stöðu þolenda mansals, langflestir þeirra karlmenn, en grunur var um misneytingu á meira en þrjú hundruð manns. Aðgerðir lögreglu fóru einnig fram í Rúmeníu, þar voru gerðar 20 húsleitir og átta manns handteknir.

Rúmlega tuttugu voru ákærðir. Þrettán voru dæmdir til fangelsisvistar frá einu til átta ára. Þegar afplánun lýkur verða tólf þeirra sendir úr landi og fá aldrei að snúa aftur til Danmerkur. Sá þrettándi sem hlaut dóm var danskur ríkisborgari.

Svíþjóð: Flóttabörn í hættu

Sjö karlmenn í Svíþjóð voru í mars handteknir í tengslum við barnaníð og grun um mansal.

Mennirnir höfðu verið vinir í meira en tuttugu ár og voru handteknir á heimilum sínum í tengslum við viðamikla rannsókn lögreglu.

Gögn um samskipti þeirra á milli sýna fram á skelfilega sjúkar áætlanir þeirra um að ræna flóttabörnum og nauðga til dauða. Mennirnir ræða sín á milli um það að enginn taki eftir því að þessi börn hverfi og ræða um heppilega staði til að ræna þeim, svo sem bílakjallara við stórmarkað. Þá ræða þeir um að halda börnunum í hljóðeinangraðri íbúð.

Að minnsta kosti fimmtíu börn eru talin þolendur mansals í Svíþjóð á síðasta ári. Flest málanna tengjast kynlífsþrælkun og betli og því tekur lögregla allar vísbendingar um ofbeldi gegn flóttabörnum alvarlega.

Noregur: Myrkraherbergið

Fyrrverandi stjórnmálamaður fyrir norska Verkalýðsflokkinn var ákærður í desember á síðasta ári vegna mansals í tengslum við upprætingu norsku lögreglunnar á stórum barnaníðshring. Málið er kallað Operation Dark Room af lögreglu og fjölmiðlum.

Maðurinn sem er á fimmtudagsaldri er sakaður um að hafa beðið um misþyrmingar og nauðganir á börnum á Filippseyjum sem var streymt til hans á rauntíma í tölvu hans í Noregi.

„Við höfum ákært manneskju fyrir mansal. Það er í tengslum við beinar sendingar frá Filippseyjum, og það eru vísbendingar um að þetta hafi farið fram í fjölmörg ár,“ sagði Janne Ringset Heltne ákærandi við Bergens Tidende um málið eftir handtökuna. Í svipuðu máli í Noregi hefur 62 ára gamall maður játað að hluta að hafa níðst á 62 börnum, þar af tuttugu sem var misþyrmt að beiðni mannsins.

Finnland: Lektor með kynlífsþræl

Finnskir dómstólar dæmdu hinn 54 ára gamla Kari Olavi Mauranen, lektor í háskóla í Austur-Finnlandi, í rúmlega níu ára fangelsi. Hann var ákærður vegna mansals, nauðgana, barnaníðs og vörslu og dreifingar barnakláms. Kari hélt barnungri stúlku sem kynlífsþræl.

Þolandinn hitti Kari þegar hún var fjórtán ára í gegnum netið. Hann misnotaði hana við fyrstu kynni og seldi öðrum aðgang að henni í tvö ár og hirti um 90 prósent ágóðans. Dómstólar mátu sem svo að Kari hefði selt stúlkuna um það bil 400 karlmönnum á tveggja ára tímabili. Stúlkan taldi sjálf að hún hefði verið seld 640 sinnum og sagði frá líflátshótunum hans í sinn garð. Hún var bundin, þrengt að hálsi hennar og hún barin. Hún þurfti að biðja Kari leyfis um alla hversdagslega hluti og bar vitni um að hann áliti hana eign sína.

Stúlkan glímdi enn enn við afleiðingar ofbeldisins ári seinna og í máli sérfræðinga sem voru kallaðir fyrir dóminn kom fram að hún öskraði í svefni og þyrfti sterk róandi lyf til þess að komast af.

visir.is Lengri útgáfa af greininni er á Vísi

Kemur allt blautt úr uppþvottavélinni? Finnst þér það ekki aðeins hálfunnið verk? Það er þreytandi og hreinn óþarfi að þurfa að láta leirtauið þorna sjálft eftir að það hefur verið tekið úr vélinni eða þá að þurrka það með viskustykki. Hér kemur lausnin á vandanum.

Bosch uppþvottavélar með Zeolith®-þurrkun skila sérlega þurru og glitrandi hreinu leirtaui. Jafnvel plastið verður einnig þurrt.

Leyndarmálið við Zeolith®-þurrkunina felst í því að láta hið náttúrulega steinefni *seólít* soga í sig raka og gefa frá sér hita. Þetta þýðir að uppþvottavélar með Zeolith®-þurrkun lenda í besta orkuflokknum. Og þurrka dásamlega. Svo mælum við sérstaklega með nýju kerfi, 60° C hraðkerfi. Einstaklega hraðvirkt og öflugt.

Framúrskarandi fyrirtæki

Opið virka daga frá kl. 8:30 - 18
og á laugardögum frá kl. 11 - 14.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

FRUMSÝNUM NÝJAN NISSAN MICRA Í DAG

NÝR NISSAN MICRA TRAUSTUR NÝR FÉLAGI

Lífið er áhugaverðara með félaga sem þú getur treyst

Nýr Nissan Micra ögrar þeim kröfum sem við höfum gert til hönnunar og þæginda smábíla. Með nýrri framúrskarandi Nissan Intelligent Mobility upplýsinga- og öryggistækni tekur Micra nú trausta forystu í sínum stærðarflokki.

NISSAN MICRA – Verð frá: 2.190.00 kr.

Verið velkomin á frumsýningu og reynsluakstur á nýjum og tæknilegum Nissan Micra.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Aron Can segir að fjölskylda hans í Tyrklandi heyri greinilega áhrifin þaðan í melódískri raddbeitingunni, sem gefur tónlistinni þennan sérstaka tón sem hefur vakið svo mikla athygli. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Mamma heyrði allar sögurnar

Aron Can reif sig sjálfur upp eftir að hafa misstigið sig á fyrstu dögum ferilsins. Sérstakur tónn í tónlistinni kemur frá tyrkneskum uppruna sem veitir honum innblástur.

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is

„Biddu, ég þarf aðeins að laga keðjurnar," segir Aron Can þegar upptakan byrjar að rúlla. Við erum nýkomin niður af þakinu á Hótel Holti þar sem vindhviða var næstum búin að feykja tónlistarmanninum af hinu bleika íkoníska merki hótelsins og niður á malbikið fjórum hæðum neðar. Það er svo sem engin góð tímasetning til að lenda í örkumlandi slysi, en þennan miðvikudag er ný plata Arons að koma út og því sérstaklega mikilvægt að fara varlega.

Það er rétt rúmt ár síðan Aron gaf út sitt fyrsta lag, Þekkir stráginn, en þó nýja platan sé númer tvö til að koma út frá honum er þetta í fyrsta sinn sem Aron gefur út plötu sem er í alvöru hægt að halda á, snerta, skoða, fletta og setja á fóninn. „Við strákarnir töluðum alveg um þetta og vorum á báðum áttum en komumst svo að þeirri niðurstöðu að okkur langaði að gera diska. Fyrst ætluðum við bara að henda þessu á netið eins og við gerðum með síðustu plötu en þessi er svo miklu stærra verk. Mig langaði að eiga hana svo ég geti haldið á henni og skoðað. Mér þykir alveg ótrúlega vænt um þessa plötu. Og svo ég tali út frá minni eigin reynslu þá hefur mér alltaf þótt gaman að eiga bæði diska og vínyl. Það eru verk sem mér þykir vænt um og finnst gaman að eiga," segir Aron.

Á þessu eina ári hefur hann troðið upp á helstu tónlistarhátíðum landsins, átt aðallag kvikmyndarinnar Eiðsins eftir Baltasar Kormák og var á Íslensku tónlistarverðlaununum tilnefndur fyrir hiphop-lag og plötu ársins, auk þess sem að vera tilnefndur sem bjartasta vonin. Lagið Silfurskotta eftir Emmsjé Gauta, sem Aron syngur í, hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem hiphoplag ársins. Sagan segir einmitt að við tökur á því lagi hafi Gauti og félagi hans sótt hinn þá sextán ára gamla Aron í Grafarvoginn, þar sem hann er fæddur og uppalinn, til að syngja sinn hluta í laginu. Aron hafi sungið lagið í einni töku, lagað keðjurnar og farið. Fullskapaður.

Tyrkland í blóðinu

„Ég er alinn upp í Grafarvogi og hef alltaf búið þar. Mér líður langbest þar. Þar byrjaði þetta allt," segir Aron.

Faðir hans er tyrkneskur veitingahúsarekandi og á meðal annars Kebabhúsið í Austurstræti og veitingahúsið Meze á Laugavegi. „Ég á heila fjölskyldu í Tyrklandi. Þar vaknar maður bara með hlaðborð fyrir framan sig. En ég hef aðallega alist upp í kringum kebab og hamborgara.

Ég hef fengið að kynnast Tyrklandi á svo allt öðruvísi hátt. Það eru svo margir með einhverjar hugmyndir um það hvernig Tyrkland er, sérstaklega krakkar á mínum aldri sem gera sér ekki alveg grein fyrir því hvernig landið er í raun og veru, en ég hef verið þarna svo ótrúlega mikið. Ég á stærri fjölskyldu þar en hér og það skiptir mig máli að þekkja lífið í Tyrklandi, hvernig fólk er í samfélaginu, ekki bara það sem þú sérð í fréttunum. Ég á mitt fólk þar."

> EF ÞAÐ VÆRI EINHVER SAUTJÁN ÁRA DUDE ORÐINN EITTHVAÐ, ÞÁ MYNDI ÉG LÍKA ÖRUGGLEGA KALLA HANN KRAKKA.

Aron segist samt aldrei hafa fundið fyrir neinum fordómum út af upprunanum. „Ég kann tyrknesku en ég gæti aldrei rappað á tyrknesku, eða borið fram lög eða samið neitt. Eða jú, ég gæti gert það, en það væri ömurlegt. Ég hugsa á íslensku og hef auðvitað bara alltaf búið hér. En fyrsta rappið sem ég hlustaði á var tyrkneskt."

Í hátölurunum á Prikinu í Bankastrætinu ómar þungt hiphop. „Tyrknesk tónlist hefur gert alveg ótrúlega mikið fyrir mig. Söngurinn er allt öðru vísi framborinn. Röddin miklu melódískari. Pabbi vill meina að sú tenging sé það sem geri tóninn minn öðruvísi en annað hér. Öll fjölskyldan mín í Tyrklandi hlustar á sönginn minn og segir: Já, þetta, þetta er frá okkur."

Reif sig upp úr ruglinu

Það vilja oft verða til gróusögur um fólk sem verður þekkt á einni nóttu. Í vissum kreðsum hefur verið þrálátur orðrómur um að Aroni fylgi neysla fíkniefna og almennt vesen. Hann segir ekkert til í því.

„Auðvitað þegar þetta gerðist allt á einni nóttu þá fór ég ekkert hárrétta leið strax. Ég kunni ekki alveg að vera allt þetta. Ég get alveg viðurkennt að ég hef gert hluti sem ég sé kannski eftir og ég hef gert mistök. En sem betur fer náði ég að laga það strax áður en það varð of seint. Ég náði að koma mér á rétta braut og lærði ótrúlega mikið. Ég fór að einbeita mér miklu meira að tónlistinni."

Nýja platan er einmitt um þennan tíma sem liðið hefur síðan fyrsta lagið náði vinsældum. „Þetta albúm er í raun bara allt sem ég hef upplifað síðan. Til dæmis þegar ég var alls ekki á góðum stað. Ég fer alveg djúpt inn í það og tímabilið þar sem ég var að koma mér úr vissum málum. Þegar ég var að koma heim úr skólanum og mamma var alltaf með eitthvað nýtt til að spyrja mig um sem hún hafði frétt. Oft eitthvað alveg fráleitt. Það lét mig smá sjá að þegar þetta var byrjað að hafa áhrif á fjölskylduna mína og móður mína, þá vaknar maður. Þannig að í heildina er þessi plata um allt sem hefur verið að frétta."

Hann segist að mestu leyti hafa sjálfur rifið sig upp úr ruglinu. „Já, ég og fjölskyldan mín. Ég á bestu mömmu í heimi og svo hefur kærastan mín líka hjálpað mikið. Ég á ótrúlega mikið af góðu fólki að."

Enginn krakki

Aron þurfti einmitt að fá skriflegt leyfi frá mömmu sinni til að troða upp á Ísafirði um páskahelgina. Hann segist samt aldrei finna fyrir því að komið sé fram við hann eins og einhvern krakka. „Jú, kannski fólk sem þekkir mig ekki, fólk sem talar um mig og hefur ekki hitt mig. Ég skil það alveg. Ef það væri einhver sautján ára dude orðinn eitthvað, þá myndi ég líka örugglega kalla hann krakka. En mér finnst allir sem ég hef kynnst, sérstaklega hér á Prikinu, vera alveg ótrúlega gott fólk og góðir vinir manns. Hingað til hafa allir verið ótrúlega hlýir. Þetta snýst bara um að vera góður."

Hann talar einmitt um að hafa engan sérstakan áhuga á því að vera þekktur fyrir eitthvað sem engu máli skiptir. „Ég vil bara að tónlistin sé fræg. Það er það sem er svo mikið að frétta. Tónlistin er stór, lögin sjálf. Ef tónlistin er alltaf á sínum stað, þá líður mér ótrúlega vel."

Og rétt í því uppfærðust hlustunartölur fyrir lagið Enginn mórall. Lagið hefur rúllað ríflega milljón sinnum á Spotify.

„Ég er bara í skýjunum. Fólki má alveg finnast það sem því finnst og ég veit alveg að það elska ekkert allir tónlistina mína. Það er heldur ekki hægt að búast við því. En mér finnst fátt skemmtilegra en að lesa einhver komment og sjá eitthvert lið vera bara alveg ógeðslega reitt út í mig. Eins og ég hafi gert þeim eitthvað. Það hlýtur að vera eitthvað miklu verra að gerast hjá þeim en mér."

Tíu ára planið inniheldur hús, bíl og útrás. „Lífið mitt er bara rétt að byrja. Mig langar að fara út í heim, ferðast og taka upp úti. Við strákarnir erum ekkert að ýta tónlistinni neitt mikið út núna en seinna meir viljum við fara á erlenda markaði. Svo er bara að halda áfram að gera það sem mér finnst gaman og restin sér um sig sjálf. Í heildina eru allir að sýna alveg ótrúlega mikla ást. Sérstaklega fólkið sem ég vil að sé að sýna ást. Fólkið, sem mér finnst mikilvægt að fíli þetta, er að fíla þetta."

Orka Íslands

LAUGARDAGUR 22. APRÍL 2017

Kynningar: Mannvit, Orkustofnun, Sorpa, Samorka, Landsvirkjun



Þriðja og síðasta Sogsvirkjunin var reist á árunum 1957 til 1960 og fékk nafnið Steingrímsstöð. Bygging hennar tengdist m.a. stofnun Sementsverksmiðjunnar á Akranesi sem fékk raforku frá Soginu. MYND/ORKUVEITA REYKJAVÍKUR

Viðgerð á hitavatnslögn á gatnamótum Hverfisgötu og Ingólfsstrætis. MYND/ORKUVEITA REYKJAVÍKUR

Myndin er tekin til norðurs frá Öskjuhlíð um 1940. Fremst er unnið við einangrun á rörum í hitaveitustokki með reiðingi. Fjær má sjá Hlíðarenda, íþróttasvæði Vals. MYND/ORKUVEITA REYKJAVÍKUR

Land hreinnar orku

Saga hitaveitunnar og virkjana á Íslandi er saga frumkvöðla og kraftmikils fólks. Fyrsta vatnsaflsvirkjunin var sett upp árið 1904 við Lækinn í Hafnarfirði af Jóhannesi J. Reykdal. Þannig varð Hafnarfjörður fyrsti raflýsti bærinn á Íslandi. Hitaveita Reykjavíkur (síðar Orkuveita Reykjavíkur) tók til starfa árið 1930. Árið 2007 var stærsta vatnsaflsvirkjun Íslands, Kárahnjúkavirkjun, gangsett með vinnslugetu upp á 650 MW. Í hagfræðilegri úttekt frá árinu 2012 er þjóðhagslegur arður Íslendinga af jarðhitanýtingu varlega metinn á 55 milljarða króna árlega en gæti þó numið allt að 95 milljörðum króna.

Mynd tekin við Þvottalaugarnar í Laugardal á árunum 1928 til 1930 og sýnir gamla borinn. Þurrkstaurar eru í baksýn. MYND/JÓN HOFFMANN/ORKUVEITA REYKJAVÍKUR

Elliðaárstífla í Elliðaárdal árið 1921. MYND/ORKUVEITA REYKJAVÍKUR

Mikilvægi sjálfbærni

Fagleg ráðgjöf og reynsla Mannvits hefur verið eftirsótt hérlendis sem erlendis þegar kemur að endurnýjanlegum orkugjöfum.

Virkjun endurnýjanlegra orkugjafa hefur skapað grunn að velferð þjóðarinnar og einnig gegnt lykilhlutverki í þróun íslensks hugvits. Orka Íslands hefur stuðlað að sérstöðu íslenskra verkfræðinga og þá einkum þegar kemur að nýtingu jarðvarma. Þótt Ísland sé gjöfult af endurnýjanlegri orku þarf samt að huga vandlega að því hvaða svæði skuli nýtt og hvernig. Í því samhengi veitir Mannvit ráðgjöf til fyrirtækja um hagkvæma orku- og auðlindanýtingu, auk annarra þátta sem geta skilað aukinni sjálfbærni verkefna, s.s. val á byggingarefnum, endurvinnsla og meðhöndlun úrgangs svo eitthvað sé nefnt.

Fjölbreytt umhverfisráðgjöf

Mannvit veitir fjölbreytta umhverfisráðgjöf á sviði auðlindanýtingar en að sögn Axels Vals Birgissonar, fagstjóra umhverfismála hjá Mannviti, hefur áhersla á umhverfismál aukist verulega undanfarin ár. „Fyrirtæki leggja aukna áherslu á að undirbúa ný verkefni með tilliti til umhverfismála," segir hann.

Mikill ávinningur er fólginn í að huga að sjálfbærri þróun þegar kemur að skipulagi, samgöngum og í raun allri almennri verkfræðihönnun. Sandra Rán Ásgrímsdóttir, sjálfbærniverkfræðingur hjá Mannviti, segir stærri framkvæmdir í dag, bæði hérlendis og annars staðar á Vesturlöndum, helst stöðvast vegna umhverfis- eða samfélagslegra álitamála.

„Til að lágmarka þá áhættu eru til verkfæri sem geta verið framkvæmdaraðila leiðbeinandi í því hvernig megi nálgast verkefni og tryggja útkomu sem er í meiri sátt við samfélag og hefur minni neikvæð áhrif á umhverfi. Mannvit hefur unnið með sjálfbærnivottanir eins og HSAP og BREEAM sem geta minnkað áhættu, aukið hagkvæmni og lækkað rekstrarkostnað og um leið bætt lífsgæði notanda og skilað ábata fyrir umhverfi og samfélag," segir Sandra.

„Reynsla okkar er að þverfagleg nálgun tryggir bestan árangur en Mannvit hefur komið að fjölda verkefna þar sem margir ólíkir aðilar hafa komið að til þess að tryggja sem besta útkomu. Má þar nefna sjálfbærar lausnir eins og lofthreinsistöð fyrir Hellisheiðarvirkjun, auk hönnunar og uppbyggingar gas- og jarðgerðarstöðva hérlendis þar sem metan er framleitt úr hauggasi, en metan er eina Svansvottaða bifreiðaeldsneytið hér á landi," segir Axel Valur.

Skref í átt að samfélagslegri ábyrgð

„Hluti af samfélagsábyrgð fyrirtækja er að virða auðlindir landsins og nýta þær á sjálfbæran hátt, þar með talið orku landsins," segir Sandra. „Það er margt sem fyrirtæki og stofnanir geta gert til að auka samfélagslega ábyrgð sína og verkefnin þurfa ekki endilega að vera stór. Fyrirtæki geta hvatt starfsmenn til vistvænni samgangna, gætt að aukinni endurvinnslu og bættri orkunotkun en einnig eru félagsleg atriði sem er hægt að huga að, líkt og vinnuumhverfi starfsmanna og nærsamfélag vinnustaðarins."

Mannvit styður vistvænni ferðamáta

Mannvit var fyrsta fyrirtækið á Íslandi sem greiddi starfsfólki sínu samgöngustyrk til að hvetja til vistvænni ferðamáta. Að auki má nefna sem dæmi um jákvæð skref fyrir nærsamfélagið og ábata fyrirtækis, rafvæðingu fiskimjölsverksmiðja Eskju og Síldarvinnslunnar sem hefur jákvæð áhrif á umhverfið samhliða því að verja fyrirtækin gegn sveiflum í olíuverði í framtíðinni.

Haukur Einarsson umhverfisverkfræðingur, Sandra Rán Ásgrímsdóttir sjálfbærniverkfræðingur og Axel Valur Birgisson, vatna- og umhverfisfræðingur.

Gengið vonum framar

Fyrsti fundur félagsins Konur í orkumálum var haldinn í janúar 2016. Meðlimir félagsins eru mjög fjölbreyttur hópur fólks úr atvinnulífinu.

Félagið Konur í orkumálum var stofnað fyrir rúmu ári en markmið þess er að efla þátt kvenna í orkumálum, styrkja tengsl þeirra sín á milli og að stuðla að menntun og fræðslu kvenna varðandi orkumál að sögn Hörpu Pétursdóttur, formanns Kvenna í orkumálum og lögfræðings hjá lögmannsstofunni BBA. „Tilganginum viljum við ná með því að standa fyrir hvers konar viðburðum, til að kynnast betur, fræðast og laða konur að námi tengdu orkumálum. Um þessar mundir erum við einnig að leggja lokahönd á skýrslu sem við fengum Ernst & Young til að vinna fyrir okkur þar sem úttekt er gerð á stöðu kvenna í geiranum í dag. Ég er mjög spennt að sjá niðurstöðurnar en á sama tíma ansi hrædd um að hún staðfesti grun minn um hver hún raunverulega er."

Hún segir hugmyndina að félaginu hafa kviknaði einhvers staðar yfir hálendinu á leiðinni frá Akureyri til Reykjavíkur eftir stóra ráðstefnu í orkugeiranum. „Á þessum tíma hafði ég mikið velt fyrir mér félögum kvenna í ýmsum geirum og því starfi sem þau vinna. Ég bar því hugmyndina upp við sessunaut minn og þáverandi samstarfskonu mína, Petru Steinunni Sveinsdóttur, sem tók vel í hugmyndina. Ég stofnaði fljótlega Facebook-síðu en hafði hana lokaða í rúmt ár þar sem ég var ekki alveg viss um að það væri nægilegur fjöldi kvenna í geiranum til að þetta yrði almennilegt félag."

Fjölbreyttur hópur

Rúmu ári síðar hóaði Harpa í fjórar konur á fund, þær Auði Nönnu Baldvinsdóttur, Elínu Smáradóttur, Helgu Barðadóttur og Petru Steinunni Sveinsdóttur, og bar hugmyndina upp að nýju. „Þær tóku mjög vel í hana og vildu endilega standa að þessu með mér. Við funduðum reglulega í nokkra mánuði og auglýstum svo fyrsta fund félagsins í janúar 2016. Við áttum von á um 30-50 konum en þegar hátt í 300 konur höfðu boðað komu sína var ekkert annað í stöðunni en að færa fundinn í Hörpu en þangað mættu um 200 konur á fyrsta fund félagsins. Við hálfpartinn göptum þegar salurinn fylltist og það þurfti að sækja fleiri stóla. Frá þessum degi hefur starfsemin eiginlega gengið vonum framar."

> **Við áttum von á um 30-50 konum en þegar hátt í 300 konur höfðu boðað komu sína var ekkert annað í stöðunni en að færa fundinn í Hörpu en þangað mættu um 200 konur á fyrsta fund félagsins. Við hálfpartinn göptum þegar salurinn fylltist og það þurfti að sækja fleiri stóla.**
>
> Harpa Pétursdóttir

Hún segir meðlimi félagsins vera ótrúlega fjölbreyttan og kraftmikinn hóp sem nálgist nú 260 félagsmenn. „Meðlimir félagsins eru mikið til konur sem vinna hjá orku- og veitufyrirtækjunum, verkfræðistofum og við rannsóknir. Svo eru þetta konur eins og ég sem er lögfræðingur en fáum dettur í hug að vinni nær 100% við orkutengd mál. Þá eru þetta líka einyrkjar og fólk sem vinnur óbeint með orkumál og svo auðvitað námsmenn í orkutengdu námi."

Harpa Pétursdóttir er formaður Kvenna í orkumálum. MYND/ANTON BRINK

Vel heppnaður fundur

Þær sáu á fyrsta fundinum að það er mun meira af konum í þessum geira en þær grunaði. „Við héldum að við þekktum þær flestar en þar skjátlaðist okkur heldur betur. Ég vil meina að þessi fyrsti fundur hafi heppnast að öllu leyti því þarna sáum við bæði hversu margar við vorum og fundum hversu mikill áhugi var á því að koma félaginu á koppinn og þétta raðirnar á meðal kvenna í geiranum."

Harpa segir félagið vera nauðsynlegt enda sé þessum geira mestmegnis stýrt af karlmönnum auk þess sem konurnar virðast mjög lítið sýnilegar. „Stjórnendur orkufyrirtækja bæði hérlendis og erlendis hafa verið að greina kynjahlutfallið í geiranum sem eina af stærstu hindrunum hans um þessar mundir. Þessu þarf hreinlega að breyta og við teljum félag sem þetta með sterkari leiðum til þess. Við finnum það líka að þetta er ekki bara málefni sem okkur konunum er umhugað um og því er félagið í raun ekki kvenfélag heldur er aðild að því opin öllum. Það eru nú þegar um 10 karlmenn í félaginu sem vinna að markmiðum þess líkt og við sjálfar."

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Veffang: Visir.is

Búðu þig undir kröftuga framtíð

Fyrirtæki sem vilja vera í takti við samfélagið þurfa traustan samstarfsaðila sem fylgir þeim eftir á vegferðinni.

Pantaðu viðtal við fyrirtækjaráðgjafa á arionbanki.is/fyrirtaeki eða í síma 444 7000

Arion banki
– fyrir framtíðina

Snorri Jónsson
Starfsmaður í Erninum

Örninn var stofnaður 1925 *til að reiðhjólavæða landið. Í dag tekur fyrirtækið þátt í samgöngubyltingunni sem mun breyta framtíðinni.*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Framlag Íslands til orkuskipta mikilvægt

Uppbyggingarsjóður EES styður við ýmis jarðhitaverkefni í Suður- og Austur-Evrópu. Góð uppskera síðasta tímabils lofar góðu fyrir næstu áfanga.

Allt frá gildistöku EES-samningsins hafa EFTA-ríkin innan EES, Noregur, Ísland og Liechtenstein, skuldbundið sig til að leggja sitt af mörkum til að draga úr félagslegum og efnahagslegum ójöfnuði á Evrópska efnahagssvæðinu. Í því felst að þessi lönd fjármagna í gegnum sérstakan uppbyggingarsjóð ýmsar umbætur og uppbyggingu í þeim aðildarríkjum ESB sem lakar standa í efnahagslegu tilliti. Eru það allt lönd í Suður- og Austur-Evrópu. Noregur fjármagnar meirihluta sjóðsins en Ísland leggur til allt að einn milljarð á ári.

Sjóðurinn styður við uppbyggingu á sviði umhverfismála, loftslagsmála, endurnýjanlegrar orku, heilbrigðismála, menntunar og menningar svo eitthvað sé nefnt. Af 150 áætlunum á vegum sjóðsins eru sjö á sviði endurnýjanlegrar orku. Frá árinu 2010 hefur Orkustofnun, að beiðni utanríkisráðuneytisins, haft aðkomu að og tekið þátt í mótun og framkvæmd orkuáætlana í Ungverjalandi, Rúmeníu og Portúgal. „Hlutverk okkar er að aðstoða og leiðbeina þarlendum stjórnvöldum við að nýta það fjármagn sem sjóðurinn hefur til umráða til góðra verka en við höfum lagt mikla áherslu á að styrkja jarðhitaveitur að íslenskri fyrirmynd og höfum bent samstarfslöndum okkar á tækifæri sem liggja í því að nýta jarðhita til húshitunar," segir Jónas Ketilsson, yfirverkefnisstjóri Orkustofnunar og staðgengill orkumálastjóra, sem fer fyrir sjóðsteyminu innan Orkustofnunar. Jónas segir Íslendinga byggja á langri og farsælli sögu við uppbyggingu hitaveitna sem önnur ríki geti hagnýtt. Mikil verðmæti felist í þekkingu og reynslu íslenskra sérfræðinga.

Helstu verkefni Orkustofnunar á þessu sviði eru:

- Miðlun faglegrar þekkingar á sviði forðafræði, jarðvísinda, verk- og lögfræði við skipulag og framkvæmd orkuáætlana með áherslu á jarðhita. Þá einnig aðstoð við val verkefna, hönnun og markmiðssetningu og áhættu áætlana.
- Aðstoða við tengsl, samskipti og kynningu á verkefnum í viðkomandi löndum og efla tvíhliðasamskipti.
- Aðstoða við uppbyggingu og miðlun þekkingar á milli aðila í ríkjunum.

Fyrir það tímabil uppbyggingarsjóðsins sem nú er senn á enda nema framlög samtals tæpum einum milljarði evra, en af því nemur framlag Íslands um 3,23 prósentum og getur samtals orðið 31,4 milljónir evra eða 4,8 milljarðar.

Verkefni í Rúmeníu, Portúgal og Ungverjalandi

Jónas segir misjafnt eftir löndum hvaða möguleika þau hafa til að nýta jarðhita. „Möguleikarnir í samstarfslöndum okkar eru töluverðir og þar er víða að finna jarðhita sem hægt er að nýta á hagkvæman hátt og bæta loftgæði í leiðinni." Hann segir það geta verið mikið hagsmunamál en mörg lönd reiða sig á innflutt gas sem kemur að hluta frá Rússlandi.

Jónas Ketilsson, yfirverkefnisstjóri og staðgengill orkumálastjóra, fer fyrir sjóðsteyminu innan Orkustofnunar sem hefur leitt af sér stór fjárfestingaverkefni í Evrópu. Yfirumsjón með aðkomu Íslands að sjóðnum er hjá utanríkisráðuneytinu.

„Það er því ekki síst mikilvægt út frá orkuöryggi og til að tryggja sjálfstæði landsins að reyna frekar að nýta innlenda orkugjafa. Land sem tryggir auðlindir sínar og hagkvæma nýtingu þeirra er komið með ákveðnar undirstöður fyrir samfélagið sem það getur byggt á.

Verkefnin sem Orkustofnun kemur að eru margvísleg og er reynt að horfa til þeirra möguleika sem eiga við á hverjum stað fyrir sig. Þá leggur stofnunin áherslu á að auka þekkingu landanna svo þau geti sjálf hagnýtt eigin orkulindir. Í þeim tilgangi býður Orkustofnun upp á sérfræðinám við Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna.

Orkustofnun hóf samstarf vegna orkuáætlunar Rúmeníu 2012, með systurstofnun sinni í Noregi (NVE) og umhverfis- og orkusjóði Rúmeníu (AFM), en saman mynda þessir aðilar stýrihóp áætlunarinnar sem nefnist RONDINE. Tvö fjárfestingarverkefni hafa gengið vel. Eitt í Búkarest fyrir jarðhitaveitu og annað í Oradea við borun á niðurrennslisholu. Í Búkarest var jarðhitahola sem þegar hafði verið boruð endurvakin með uppsetningu dælubúnaðar og dælustöðvar sem og uppsetningu stofnlagnar að nærliggjandi opinberum byggingum.

Hitaveituverkefni í Ungverjalandi hefur gengið vel í bænum Kiskunhalas. Nú er verið að leggja lokahönd á borun vinnsluholu fyrir utan bæinn og er allt útlit fyrir að borun hafi gengið í samræmi við áætlanir.

Tvíhliðaverkefni í Rúmeníu, Póllandi, Slóvakíu og Króatíu

Orkustofnun í samstarfi við viðkomandi aðila í Rúmeníu, Póllandi, Slóvakíu og Króatíu hefur unnið að könnunarverkefnum (Pre-feasibility study) við að kortleggja möguleika og tækifæri á sviði hitaveitna á ákveðnum svæðum. Þau verkefni verða aðgengileg öllum og geta nýst aðilum á markaði við undirbúning stærri verkefna.

Ný áætlun 2014 til 2021

Nýtt tímabil sjóðsins er hafið í sumum löndum. Nú þegar hefur verið gengið frá samningum við Rúmeníu og Búlgaríu þar sem áhersla verður á jarðhita til hitaveitu með sambærilegu sniði og var á síðasta tímabili. Á þessu ári verður samið við fleiri lönd og vonast til að kallað verði eftir verkefnum jafnvel á þessu ári hjá þeim löndum sem þegar hefur verið samið við. Ljóst er að mikil tækifæri eru á sviði hitaveituverkefna í Evrópu á komandi árum.

Fyrsta jarðvarmavirkjunin á eyjunni Terceira á Azoreyjum hlaut styrk frá sjóðnum. Virkjunin verður gangsett á þessu ári. Jarðboranir boruðu fyrir nokkrum árum holurnar sem höfðu staðið ónýttar. ÍSOR veitti fyrirtækinu jarðvísindalega ráðgjöf og starfsmenn fyrirtækisins og háskólans á Azoreyjum hlutu þjálfun hjá Jarðhitaskólanum á námskeiðum sem haldin voru á eyjunum en einnig með sex mánaða námskeiði skólans.



Á eyjunni Terceira þar sem um 56 þúsund manns eiga heima er nú verið að leggja lokahönd á fyrstu jarðvarmavirkjun á eyjunni. Virkjunin verður hryggjarstykkið í raforkuvinnslu eyjunnar á móti vindafli. Jarðboranir boruðu holurnar á svæðinu sem höfðu staðið ónýttar um nokkur ár. Uppbyggingarsjóðurinn styrkti byggingu virkjunarinnar og kostaði framhaldsmenntun sérfræðinga í gegnum Jarðhitaskólann. Íslensk fagþekking hefur nýst vel í verki. Prófanir á virkjuninni hefjast í sumar.

Fólk

LAUGARDAGUR 22. APRÍL 2017

Helgin

Samtökin Stelpur rokka! fagna fimm ára afmæli sínu í dag.

helgin →4

Fæst í næsta apóteki eða heilsuvöruverslun

Valgerður Guðnadóttir söngkona hefur í nóg að snúast þessa dagana við að leikstýra söngleiknum, Nine to Five. MYND/STEFÁN

Gleði frá Dolly Parton

Nemendur í söngleikjadeild Söngskóla Sigurðar Demetz hafa staðið í ströngu undanfarna daga við æfingar. →2

Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Valgerður, Þór Breiðfjörð og nemendur söngleikjadeildar sem koma að sýningunni. MYND/STEFÁN

Valgerður Guðnadóttir söngkona er leikstjóri verksins. Hún segir söngleikinn ótrúlega fjörugan og skemmtilegan en þetta sé í fyrsta skipti sem hann er settur á svið á Íslandi. „Öll lög og textar eru eftir Dolly Parton en Þór Breiðfjörð söngvari hefur gert glænýja þýðingu á þeim ásamt Karli Pálssyni.“

Þetta er fjórða starfsár söngleikjadeildarinnar sem hefur sett upp nokkra frábæra söngleiki. „Núna langaði okkur að gera stóra uppfærslu þar sem konur væru fjölmennar. Það eru tuttugu nemendur í söngleikjadeildinni, meirihluti konur þótt strákum sé alltaf að fjölga,“ segir Valgerður. „Okkur fannst þetta verk henta vel fyrir deildina auk þess sem það er stórskemmtilegt. Margir muna eftir bíómyndinni Nine to Five og þótt hún hafi komið út árið 1980 og sé að mörgu leyti barn síns tíma þá stendur hún alveg fyrir sínu. Það er mikið líf og fjör á skrifstofu Sameignar, eins og við köllum fyrirtækið í sýningunni. Fjóla, Dóra Lín og Sissa vilja finna leið til að ná sér niðri á fordómafulla, sjálfselska karlrembusvíninu Friðjóni sem er yfirmaður þeirra. Þótt tímarnir hafi breyst frá árinu 1980 erum við enn að berjast við launamun kynjanna og verkið er því hárbeitt ádeila á misréttið,“ útskýrir Valgerður.

Samstarf við fjölbraut

Söngleikurinn verður settur upp í Fjölbrautaskólanum í Ármúla en ástæðu þess má rekja til upphafs að samstarfi. Næsta vetur geta nemendur í söngleikjadeildinni tekið allt að fjórðung eininga til stúdentsprófs í skólanum. Það er í fyrsta skipti sem boðið er upp á slíkt nám í framhaldsskóla og eykst þar með val nemenda. „Þetta eykur möguleika nemenda til mikilla muna. Deildin okkar hefur mikla sérstöðu þar sem hún er sú eina sinnar tegundar á Íslandi, nú fær hún að springa enn frekar út,“ segir Valgerður sem er upphafsmaður söngleikjadeildarinnar ásamt Þór Breiðfjörð og Jóhönnu Þórhallsdóttur.

„Við erum með harðduglega nemendur því þeir sauma búninga, gera leikmynd auk þess að leika og syngja. Við fengum Auði Snorradóttur til að aðstoða okkur við dansa og hreyfingar í nokkrum atriðum og ljósahönnun er í umsjá Jóhanns Bjarna Pálmasonar. Ég dáist að því hvað nemendur eru fjölhæfir og geta gengið í hin ýmsu störf. Það hefur verið sívaxandi áhugi á söngleikjadeildinni, rétt eins og það er mikill áhugi í þjóðfélaginu fyrir söngleikjum sem settir eru á svið hér á landi. Við verðum með inntökuprufur í lok maí en þær eru alltaf vel sóttar,“ útskýrir Valgerður. „Námið er mjög góður undirbúningur fyrir frekara nám í leiklist, söng eða söngleikjum. Nokkrir nemendur okkar eru núna í mjög góðum skólum erlendis og aðrir á leiðinni til Englands. Þetta er því frábær leið til að þjálfa sig í söngleikjaforminu sem er söngur og leikur á sviði.“

Valgerður og Þór eru bæði söngmenntuð og hafa mikla reynslu af söngleikjum. Nemendur í söngleikjadeildinni eru á aldrinum 16 ára og upp í þrítugt. „Þetta er krefjandi nám og það þarf að vera ákveðinn þroski í röddinni. Nemendur henda sér beint í djúpu laugina með því að koma á svið og syngja en söngleikir spanna mjög breitt tónlistarsvið,“ segir Valgerður.

Sjóðheitur tangó

Á undanförnum árum hefur Valgerður sinnt kennslunni í Söngleikjadeildina ásamt mörgum öðrum verkefnum en hún ætlar í leyfi næsta vetur til að sinna öðrum áhugamálum. „Leik- og söngkonan Jana María Guðmundsdóttir leysir mig af á meðan,“ segir hún. „Ég var svo heppin að fá starfslaun listamanna í eitt ár í fyrsta skipti en það er mikill heiður. Ég verð með tónleika næsta vetur og flyt meðal annars lög af plötu sem ég gaf út árið 2010 en einnig mun ég syngja með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þá fer ég sömuleiðis með til Færeyjaverk eftir Þorvald Bjarna Þorvaldsson sem heitir Völuspá,“ segir Valgerður en hún fer með eina hlutverkið í sýningunni ásamt kór og hljómsveit.

Valgerður var meðal þeirra sem stofnuðu Söngleikjadeildina en vaxandi áhugi er hjá nemendum.

> Margir muna eftir bíómyndinni Nine to Five og þótt hún hafi komið út árið 1980 og sé að mörgu leyti barn síns tíma þá stendur hún alveg fyrir sínu. Það er mikið líf og fjör í þessari sýningu.
>
> **Valgerður Guðnadóttir**

„Síðan hef ég verið að stúdera argentínskan tangó og músíkina í kringum dansinn. Ég er í kvartett sem kallast Kurr en við flytjum djass, gömul dægur- og þjóðlög og svo höfum við verið að taka sjóðheitan tangó. Við verðum með tónleika í ágúst og aftur næsta vetur. Einnig stendur til að setja upp tangódagskrá með Bjarna Þór Jónatanssyni píanóleikara og fleiri tónlistarmönnum,“ segir Valgerður. „Mig langar mikið að skella mér til Argentínu og læra tangó. Ég kynntist Snorra Sigfúsi Birgissyni sem er eldheitur áhugamaður um tangó og er að spá í að biðja hann að taka mig á tangónámskeið. Ég er mikill dansari og finnst þetta afar spennandi,“ segir söngkonan sem er óhrædd við að takast á við nýja hluti.

Sýningar í næstu viku

Valgerður hefur mikið sungið á undanförnum árum, bæði á tónleikum, í Óperunni og leikhúsunum. Hún var síðast með hlutverk í Rakaranum frá Sevilla þar sem hún fór með hlutverk Bertu. Hún var aðeins 18 ára þegar hún fór með hlutverk Maríu í West Side Story í Þjóðleikhúsinu en þá hafði hún áður farið með hlutverk Maríu Magdalenu í Jesus Christ Superstar. Valgerður hlaut Grímuna, Íslensku leiklistarverðlaunin, sem Söngvari ársins 2009 fyrir hlutverk sitt sem María í Söngvaseiði. Hún stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur en að því loknu stundaði hún söngnám í Guildhall School of Music and Drama í London.

Þegar Valgerður er spurð hvernig helginni verði varið, svarar hún: „Ég verð á fullu við undirbúning Nine to Five en sýningar verða 26. og 27. apríl í salnum í Ármúlaskóla. Söngleikurinn hennar Dollyar Parton gengur fyrir öllu núna,“ segir hún.

Þess má geta að bíómyndin Nine to Five var ákaflega vinsæl og hlaut nokkur verðlaun á sínum tíma. Með aðalhlutverkin fóru auk Dollyar Jane Fonda og Lily Tomlin. Dolly Parton er 71 árs og er enn á fullu í tónlist.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson | **Sölumenn: Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

Ráðlagt að prófa Femarelle

Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Það er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan. Dalla Gunnlaugsdóttir er ein þeirra.

Dalla segist ekki geta verið án Femarelle.

Virkni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanförnum þrettán árum. Dalla Gunnlaugsdóttir kynntist Femarelle árið 2014 eftir að hafa gengið í gegnum óþægindi af völdum breytingaskeiðs. „Óþægindin voru hitakóf, þreyta, miklar skapsveiflur og svefntruflanir. Ég talaði um þessa vanlíðan mína við heimilislækni og hann benti mér á Femarelle þar sem ég vildi ekki hormóna. Eftir tvær vikur leið mér miklu betur, hitakófin hurfu, ég svaf betur og skapið varð jafnara. Í dag get ég ekki án Femarelle verið. Fólki í kringum mig finnst ég allt önnur og finnur mikinn mun á skapinu hjá mér. Í dag er ég í meira en fullri vinnu ásamt því að stunda nám. Sem sagt, Femarelle færði mér aukna orku," segir Dalla og brosir.

Betra skap og líðan

Guðrún Ragna Ólafsdóttir prófaði Femarelle fljótlega eftir að það kom á markað fyrir þremur árum. „Þegar ég komst á breytingaskeiðið fékk ég hormóna hjá lækninum sem fóru ekki vel í mig þannig að ég ákvað að prófa Femarelle. Ég get ekki líkt líðan minni eftir að ég ákvað að prófa Femarelle við líðanina áður. Ég er

með gigt og hef verið á lyfjum við gigtinni og mörg lyfin fara ekki of vel með mig. Núna er ég betri í skapinu og líður miklu betur við að nota Femarelle, miðað við það hvernig mér leið á hormónunum. Ég er ekki sama manneskja eftir að ég kynntist Femarelle," segir Guðrún Ragna.

Femarelle er öruggur kostur

Rannsóknir hafa sýnt að Femarelle örvar estrógennema í staðbundnum vef, slær á einkenni tíðahvarfa og styrkir bein, án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vef í móðurlífi eða brjóstum. Femarelle eykur beinþéttni og viðheldur heilbrigði beina en hefur ekki áhrif á blóðstorknun. Til viðbótar við sannaða virkni hafa rannsóknir einnig sýnt fram á öryggi.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is

Femarelle.

- Femarelle er öruggur kostur
- Femarelle er öruggt fyrir konur
- Slær á óþægindi eins og höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum
- Þéttir beinin
- Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Heilbrigð melting með Active Liver

Fita getur sest víða á líkamann, m. a. innan í líffærin, þar á meðal lifrina. Active Liver stuðlar að eðlilegum efnaskiptum og Jóna er ánægð með virknina.

Þegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur veldur of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins. Matur, sem neytt er nú á dögum, inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. „Við erum ekki vön þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu. Sem betur fer eru það ekki einungis prótein sem geta örvað lifrarstarfsemina," útskýrir Ólöf Rún Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri hjá IceCare.

Active Liver inniheldur náttúrulegu jurtirnar túrmerik og svartan pipar. Einnig ætiþistil og mjólkurþistil sem eru þekktir fyrir að stuðla að eðlilegri starfsemi lifrarinnar og gallsins. Einnig inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum, viðheldur eðlilegri starfsemi lifrarinnar og stuðlar að eðlilegum efnaskiptum að því er varðar amínósýruna hómósystein.

Active Liver virkar vel fyrir Jónu.

Góður árangur

Jóna Hjálmarsdóttir hefur notað Active Liver í nokkra mánuði með góðum árangri. „Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er úr náttúrulegum efnum og ég hef fulla trú á að náttúruefnin í vörunni stuðli að eðlilegri lifrarstarfsemi. Ég er sjúkraliði að mennt og er meðvituð um líkamsstarfsemina og veit að fita getur safnast á lifrina, þess vegna vildi ég prófa."

Hún segist fljótt hafa fundið mun á sér. „Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd, enda inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum. Ég er í vinnu þar sem ég þarf að vera mikið á ferðinni, ég er í góðu formi, og hef trú á að Active Liver virki fyrir mig. Einnig finn ég mikinn mun á húðinni, hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri," segir Jóna. Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Það getur verið vegna áfengisneyslu en þetta getur einnig verið vandamál hjá fólki í yfirþyngd. Þreyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is

Unnur Gunnlaugsdóttir.

Bio-Kult góð og öflug vörn

Bio-Kult Candéa

- Styrkir meltinguna. Vinnur á candida-sveppnum.
- Kemur jafnvægi á meltingarflóruna. Bestu gæði góðgerla.

Lífið tók miklum breytingum

„Ég var búin að prófa allt til að losna við stanslausan sviða og vanlíðan. Loksins fann ég það sem virkaði, Bio-Kult Candéa, og mun halda áfram að nota það," segir Unnur Gunnlaugsdóttir.

Eru komnar til að vera

Vegleg afmælishátíð verður á KEX hosteli í dag þar sem Stelpur rokka! fagna fimm ára afmæli sínu. Fjölbreytt dagskrá er í boði og ókeypis inn.

Samtökin Stelpur rokka! eiga fimm ára afmæli í ár og verður af því tilefni boðið til veglegrar afmælishátíðar í dag, laugardag, á KEX hosteli við Skúlagötu í Reykjavík milli kl. 14 og 20.

Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá í dag að sögn Áslaugar Einarsdóttur, framkvæmdastýru samtakanna. „Þetta verður sannkölluð hátíðardagskrá fyrir alla aldurshópa og ókeypis er inn á hátíðina. Við byrjum með trylltum trommugjörningi kl. 14 og svo taka við tónleikar með t.d. böndum sem hafa orðið til í rokkbúðunum okkar. Einnig fáum við góða gesti eins og Between Mountains sem vann síðustu Músíktilraunir.“

Að tónleikum loknum verður boðið upp á lifandi samræður við samstarfsaðila þeirra, fulltrúa frá KÍTÓN, Tabú, No Borders, MFÍK, Sól í Tógó og Druslugöngunni en yfirskrift umræðnanna er „Hvernig myndum við femíníska breiðfylkingu?“.

Boðið verður upp á afmælisköku og kaffi kl. 16, raftónlistarsmiðju og fleiri spennandi föndursmiðjur fyrir ungmennin og líka gagnvirka spurningakeppni um konur og tónlist þar sem vegleg verðlaun eru í boði. „Við endum svo á glæsilegum tónleikum milli kl. 17 og 20 þar sem stórböndin Hellidemba, Gróa, RuGl, Soffía Björg og Sóley troða upp. Meðlimir Hellidembu eru einmitt reynsluboltar úr kvennarokkinu sem eru komnar á fullt núna í spilamennsku og við hlökkum einstaklega mikið til að sjá þær spila.“

Skapandi rými

Það var fámennur hópur sjálfboðaliða sem stofnaði Stelpur rokka! árið 2012. Honum fannst vanta rými þar sem stelpur, trans-strákar, kynsegin og intersex krakkar gætu tengst femínískum fyrirmyndum og prófað sig áfram í tónlistarsköpun í öruggara rými. „Helsta langtímamarkmiðið var að leiðrétta kynjahallann í tónlistarlífinu en markmiðið var líka að bjóða upp á skapandi rými þar sem þátttakendur fengu metnaðarfulla jafnréttismenntun og hvatningu til að semja og spila eigin músík.“

Fyrstu rokkbúðirnar voru haldnar árið 2012 og tókust svakalega vel að sögn Áslaugar. „Okkur var mætt hvarvetna með mikilli velvild og stuðningi. Ýmsir lánuðu okkur hljóðfæri, aðrir elduðu mat fyrir okkur, skutluðust með plaköt og peppuðu okkur áfram endalaust. Búðirnar heppnuðust rosalega vel og lokatónleikarnir voru ógleymanlegir og þá vissum við að þetta starf væri komið til að vera.“

Áslaug Einarsdóttir er framkvæmdastýra Stelpur rokka! Samtökin fagna afmæli sínu á KEX hosteli í dag. MYND/EYÞÓR

Hressar og kátar rokkstelpur.

Síðan þá hefur sjálfboðaliðahópurinn stækkað til muna, rokkbúðum og rokksmiðjum fjölgað, innra starfið eflst, tengslanetið stækkað og starfsemin margfaldast. „Í dag eigum við í fjölmörgum samstarfsverkefnum úti um allan heim, sendum sjálfboðaliða á ráðstefnur og í rokkbúðir víðsvegar um heiminn og höfum stutt við stofnun rokkbúða í fjórum löndum; Grænlandi, Færeyjum, Póllandi og Tógó svo fátt eitt sé nefnt.“

Nauðsynleg samtök

Hún segir samtök sem þessi mjög nauðsynleg í nútíma samfélagi. Stelpur, trans-strákar, kynsegin og intersex krakkar þurfi rými þar sem þau geta pönkast, tekið áhættu, látið rödd sína heyrast óhindrað og stigið upp á svið, án þess að eiga það á hættu að vera dæmd út frá kyngervi sínu. „Það er enn kynjahalli í íslensku tónlistarlífi, sem og alls staðar annars staðar í heiminum. Við þurfum að jafna þennan halla.“

Skráning í allar rokkbúðir sumarsins hefst í dag og segir Áslaug takmarkaðan fjölda plássa í boði.

> **Í dag eigum við í fjölmörgum samstarfsverkefnum út um allan heim, sendum sjálfboðaliða á ráðstefnur og í rokkbúðir víðsvegar um heiminn og höfum stutt við stofnun rokkbúða í fjórum löndum, Grænlandi, Færeyjum, Póllandi og Tógó svo fátt eitt sé nefnt.**

„Við mælum því með því að fólk skrái sig tímanlega. Búðirnar verða bæði í Reykjavík og á Akureyri í sumar, fyrir 10 til 12 ára, 13 til 16 ára og 18 ára og eldri kvennarokkbúðir. Við fáum til okkar sjálfboðaliða frá Svíþjóð, Noregi og Tógó í 13 til 16 ára búðirnar og erum sérlega spenntar að taka á móti þeim. Auk þess verðum við með gistirokkbúðir fyrir 16 til 20 ára ungmenni í haust í vetrarfríi menntaskólanna og þema búðanna verður „Rokkað gegn kynbundnu ofbeldi“.

Afmælishátíðin er fyrir alla aldurshópa og er aðgangur ókeypis. Gott aðgengi er fyrir fólk með hreyfihömlun. Nánari upplýsingar má finna á www.stelpurrokka.org.

SUMARIÐ ER KOMIÐ Í Curvy.is

Curvy býður upp á fjölbreyttan fatnað í stærðum 14-28 eða 42-58

VERTU VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9 EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!

Við erum á Snap chat - Curvy.is

Curvy.is - Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

Fuglaskoðun og býflugnarækt

Dagur Jarðar er haldinn hátíðlegur í dag. Um er að ræða árlegan viðburð til að minna fólk á að staldra við og huga að umhverfismálum.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is

Hannes Þór ætlar að leiða fuglaskoðun í Grasagarðinum í dag. „Við finnum ný hreiður svo til daglega," segir Björk. MYND/ANTON BRINK

Í tilefni dagsins standa Grasagarður Reykjavíkur, Garðyrkjufélag Íslands, Fuglavernd og Býræktarfélag Íslands fyrir áhugaverðri skemmtidagskrá fyrir fólk á öllum aldri. „Við ætlum að byrja á fuglaskoðun og fuglafræðslu í Grasagarðinum kl. 11 þar sem Hannes Þór Hafsteinsson, garðyrkjufræðingur og fuglaáhugamaður, og Einar Þorleifsson náttúrufræðingur ætla að stjórna fuglaskoðun. Hér í Grasagarðinum er formleg fuglaskoðun tvisvar á ári, að vori og í desember, og þetta árið hittist svo vel á að hún verður á Degi Jarðarinnar. Fuglaskoðunin er alltaf rosalega skemmtileg. Það er svo mikið fuglalíf í Grasagarðinum á þessum árstíma og við finnum ný hreiður svo til daglega," segir Björk Þorleifsdóttir, verkefnastjóri fræðslu og miðlunar hjá Reykjavíkurborg. „Ég mæli með að fólk taki kíki með sér í gönguna til að sjá fuglana enn betur. Við munum einnig fá félaga í Fuglavernd til að kynna sína starfsemi. Þeir hafa látið smíða flott fuglahús sem verða til sýnis inni hjá Café Flóru. Húsin eru mismunandi hönnuð eftir því fyrir hvaða fuglategund þau eru ætluð en þau eru smíðuð hér á landi. Fuglavernd hefur einnig gefið út bækling þar sem fólki er kennt að elda ofan í fuglana," segir Björk.

Svartþrestir hafa gert sig heimakomna í Grasagarðinum.

Býflugur til sýnis

Í húsi Garðyrkjufélagsins, sem er steinsnar frá Grasagarðinum, verður síðan boðið upp á súpu og brauð um eittleytið, sem stendur öllum til boða á meðan birgðir endast. „Þá hefst spennandi dagskrá á vegum býflugnaræktenda. Þeir ætla meira að segja að koma með býflugur með sér til að leyfa gestum að skoða. Oft er talað um hvað gerist þegar og ef býflugurnar hverfa en þá stöndum við frammi fyrir miklu vandamáli," segir Björk. Býflugnaræktendur ætla að halda erindi um eitur og óáran vegna innflutnings á býflugum, segja frá efnasamsetningu og geymsluþoli hunangs og loks ræða um mistök í býflugnarækt.

Fyrst haldinn 1970

Dagur Jarðar var fyrst haldinn árið 1970 í Bandaríkjunum og tóku um 20 milljónir manna þátt í hátíðarhöldunum. Þrjátíu árum síðar fögnuðu um 200 milljónir manna deginum um allan heim. Björk segir að átta árum fyrr, 1962, hafi komið út bókin Raddir vorsins þagna, þar sem vakin var athygli á þeim umhverfisskaða sem þegar var orðinn vegna notkunar á skordýraeitri í ræktun. „Bandaríski þingmaðurinn Gaylord Nelson átti frumkvæðið að því að halda Dag Jarðar en á þeim tíma var fólk að vakna til vitundar um umhverfismál. Frá árinu 2009 hefur hann verið haldinn hátíðlegur 22. apríl ár hvert en það ár tilnefndu Sameinuðu þjóðirnar þennan dag alþjóðlegan dag móður Jarðar," upplýsir Björk.

Rauðhumla að störfum.



Deloitte.

Vilt þú hafa áhrif ?

Vegna stór aukinna umsvifa leitum við að öflugum sérfræðingum í hópinn okkar.
Nánari starfslýsingar og hæfniskröfur er að finna á heimasíðu okkar **www.deloitte.is**

Salesforce sérfræðingur

Þátttaka í uppbyggingu á þjónustulínu Deloitte í Salesforce ráðgjöf og innleiðingum.

SAP sérfræðingur

Þjónusta og ráðgjöf ásamt fjölbreytilegri uppbyggingu og þróun lausna í SAP S/4HANA.

Verkefnastjóri, innra eftirlit upplýsingakerfa

Verkefnastjóri í innra eftirliti upplýsingakerfa, úttektum og ráðgjöf.

Sérfræðingur í netöryggi

Þátttaka í uppbyggingu á þjónustulínu Deloitte í netöryggi.

Sérfræðingur í IoT

Ráðgjöf og þjónusta tengd IoT (Internet of Things).

Sérfræðingur í upplýsingastýringu

Ráðgjöf, ýmsar greiningar og rekstur á umfangsmiklum vöruhúsum gagna.

Við viljum fólk sem hefur metnað til þess að takast á við spennandi verkefni í upplýsingatækniþjónustu og ráðgjöf, getur unnið sjálfstætt, tekið frumkvæði í krefjandi verkefnum og vill starfa í alþjóðlegum verkefnum sem unnin eru í nánum tengslum við Deloitte á Norðurlöndunum.

Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum heimasíðu Deloitte, **www.deloitte.is** fyrir **10. maí**.
Nánari upplýsingar veitir Harpa Þorláksdóttir, mannauðsstjóri, **harpa.thorlaksdottir@deloitte.is**

Deloitte er eitt stærsta fyrirtæki heims á sviði upplýsingatækniþjónustu og ráðgjafar. Um 50.000 manns starfa hjá fyrirtækinu í upplýsingatækniþjónustu í meira en 150 löndum. Deloitte leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð - Impact that matters

Bókhald - 50% starf

Bóksala stúdenta leitar að bókara í 50% starf. Helstu verkefni eru færsla bókhalds, afstemmingar, innheimta, reikningagerð, skil á bókhaldi til endurskoðenda og önnur tilfallandi verkefni.

Leitað er að aðila með menntun sem nýtist í starfi og reynslu af DK bókhaldskerfi. Sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, góð íslensku- og enskukunnátta og góð tölvukunnátta eru skilyrði.

Nánari upplýsingar á www.intellecta.is

bóksala stúdenta

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Átt þú heima í Austurkórs liðinu?

Okkur finnst fjársjóður liggja í fjölbreytileikanum og í Austurkór er starfsfólk með fjölbreytta menntun, reynslu og áhugasvið. Á næsta skólaári þurfum við fleiri liðsmenn í okkar faglega, metnaðarfulla og samheldna starfsmannahóp. Ýmis störf eru í boði svo sem staða deildarstjóra, sérgreinastjóra, leikskóla sérkennara og leikskólakennara. Einnig leitum við eftir starfskröftum þroskaþjálfa eða iðjuþjálfa.

Hornsteinar skólastarfsins í Austurkór eru útinám, námslotur byggðar á gildum skólans og lýðræðisleg vinnubrögð. Gildi skólans eru Samvinna, lýðræði og atorka og eru einkunnarorð skólans Austurkór, þar sem ævintýrin gerast.

Nánari upplýsingar veita Guðný Anna Þóreyjardóttir leikskólastjóri og Steinunn Jónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 441 5100 eða á netfanginu **austurkor@kopavogur.is**

Sótt er um störfin á heimasíðu Kópavogs www.kopavogur.is og er umsóknarfrestur til og með 6. maí 2017.

Kópavogsbær

kopavogur.is

JÓN & ÓSKAR
Laugavegur / Smáralind / Kringlan

Verslunarstjóri

Við hjá Jóni & Óskari erum að leita að leiðtoga í úra- og skartgripaverslun okkar í Smáralind.

Um er að ræða fullt starf í líflegu umhverfi með skemmtilega vöru.
Verslunarstjóri ber ábyrgð á sölu og þjónustu við viðskiptavini, stjórnun og þjálfun starfsmanna, uppgjöri og öðrum spennandi verkefnum.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af stjórnun og/eða verslunarstjórn
- Þjónustulund
- Reynsla af sölustörfum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mikill áhugi á skartgripum og úrum

Jón og Óskar er ein stærsta og glæsilegasta úra- og skartgripaverslun landsins og rekur verslanir við Laugaveg, í Smáralind og Kringlunni.
Umsókn ásamt ferilskrá óskast send á netfangið **info@jonogoskar.is fyrir 3. maí.**



CCP IS HIRING!

IT Solution Delivery Manager

This role will include leading and managing a team of capable technology experts and working closely with project managers and producers.

The role will also involve applying project/program management skills and mentoring others.

In co-operation with business owners, the successful applicant will translate business requirements into technology strategies.

IT Operations Manager

This role will include managing capable systems administrators in multiple locations where CCP has offices.

The successful applicant will create and maintain, in co-operation with others, processes that help deliver services to our customers and players.

CCP

Full descriptions and applications at **www.ccpgames.com/careers**

NEED A SUMMER JOB?

AÞ-Þrif is looking for people to hire for the summer.

Must speak english or icelandic.

Preferably between 20–40 years of age.

Driving license and clean criminal record is required.

If you are interested, please apply via www.ath-thrif.is or email: gerda@ath-thrif.is

PROFESSIONALISM
GOOD SERVICE
HONESTY

AÞ-ÞRIF
WWW.ATH-THRIF.IS

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2016

REYKJALUNDUR
endurhæfing

Þroskaþjálfi

Laus er til umsóknar 50% staða yfirþroskaþjálfa.
Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsækjandi þarf að hafa réttindi til að starfa sem þroskaþjálfi á Íslandi.

Laun samkvæmt kjarasamningi Þroskaþjálfafélags Íslands og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Þroskaþjálfafélags Íslands og Reykjalundar.

Upplýsingar um starfið veitir Dís Níelsdóttir, forstöðuþroskaþjálfi í síma 585 2091 dis@reykjalundur.is

Umsóknarfrestur er til 7. maí 2017.

Umsóknarform er að finna á heimasíðu Reykjalundar www.reykjalundur.is

Óskað er eftir einstaklingum sem búa yfir skipulags- og leiðtogahæfni,færni í samskiptum og sveigjanleika, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

Við leitum að

AÐSTOÐARMANNI FRAMKVÆMDASTJÓRA Í MARKAÐSMÁLUM

Helstu verkefni:
Viðburðastjórnun
Umsjón samfélagsmiðla
Samskipti við fjölmiðla
Samskipti við hönnuði
Gerð birtingaáætlana
Gerð markaðsáætlana

Hæfniskröfur:
Reynsla af viðburðastjórnun
Góð þekking á samfélagsmiðlum
Áhugi á markaðsmálum
Áhugi á tísku og hönnun
Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Vinsamlegast sækið um starfið á vef Capacent
www.capacent.is/radningar

Geysir Shops og Arctic shopping reka meðal annars fimm Geysisverslanir í Haukadal, Reykjavík og á Akureyri.

GEYSIR

Bókari/ launasérfræðingur

1912 óskar eftir að ráða bókara/launasérfræðing til starfa.
Starfið heyrir undir fjármálastjóra og þarf viðkomandi að hefja störf strax.

HELSTU VERKEFNI:

- Umsjón með launavinnslu og orlofsbókhaldi
- Úrvinnsla í málum tengdum réttindum starfsmanna
- Bókun reikninga og afstemmingar
- Önnur verkefni tengd launavinnslu og bókhaldi

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegum verkefnum
- Þekking á kjarasamningum og vinnumarkaðsmálum
- Frumkvæði, áreiðanleiki, samskiptahæfni, metnaður og ögun í vinnubrögðum
- Góð tölvufærni, þekking á H3 launakerfi kostur
- Góð íslenskukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Agla Sigr. Björnsdóttir hjá Ráðum ráðningarstofu agla@radum.is .

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir að sækja um á heimasíðu Ráðum www.radum.is

Umsóknarfrestur er til og með 1. maí nk.

1912
Klettagarðar 19 | 104 Reykjavík | +354 530 8400 | www.1912.is

ráðum ráðningarstofa

1912 er traust fyrirtæki í heildverslun með dagvöru. Í gegnum dótturfélög sín, Nathan & Olsen og Ekruna, býr félagið yfir öflugum dreifileiðum til smásöluaðila, stóreldhúsa, iðnaðar og fríverslunar með kost. Starfsfólk samstæðunnar er í kringum 100 talsins. Það býr við glæsilega aðstöðu í höfuðstöðvum fyrirtækisins að Klettagörðum í Reykjavík. Fyrirtækið er einnig með starfsstöð á Akureyri.

Heinz · Dole · Cavendish · Hamingju · Knorr · Neutral · Valrhona · Dove · Cheerios

bsi. ISO 9001 Quality Management · ÍST 85:2012 Equal pay management system

Öllum húddum kunnug/ur?

Við leitum að þjónustuliprum reynslubolta, bifvélavirkja eða viðgerðarmanni, til starfa á smurstöð okkar á Akureyri. Helstu verkefni eru almennar bílaviðgerðir og smurþjónusta, ásamt annarri þjónustu fyrir viðskiptavini N1.

Umsækjendur þurfa að vera liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hópi.

Áhugasamir sæki um á **www.n1.is** – merkt Akureyri.

Nánari upplýsingar veitir Björn Valdemarsson, stöðvarstjóri, í **síma 896 3275**

Framúrskarandi fyrirtæki

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

N1

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

Húsvörður

Húsfélagið Skúlagötu 20 óskar eftir að ráða húsvörð til starfa.
Starfinu fylgir 70 m² íbúð og er búseta þar skilyrði.

Leitað er að einstaklingi sem er:
- Handlaginn og lipur í samskiptum
- Reglusamur og samviskusamur
- Þjónustulundaður og reyklaus

Íbúar hússins eru 60 ára og eldri. Húsvörður heyrir undir hússtjórn. Helstu verkefni hans eru þrif, umsjón og eftirlit með húseigninni, minniháttar viðhald og framkvæmd húsreglna.

Upplýsingar veitir:
Guðjón Svansson
gudjon@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl nk.
Umsækjandi þarf að hafa hreint sakavottorð.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

ÁLAFOSS
WOOL STORE

Álafoss óskar eftir hressu og skemmtilegu sumarstarfsfólki í almenn afgreiðslustörf fyrir verslanir í Mosfellsbæ og á Laugavegi. Um er að ræða heilsdagsstarf ásamt hlutastörfum í kvöld- og helgarvinnu.

Við leitum að fólki sem...
- hefur framúrskarandi þjónustulund
- er hugmyndaríkt og með góða samskiptahæfileika
- býr yfir góðri íslensku- og enskukunnáttu
- er stundvíst, reyklaust og með hreint sakavottorð

Reynsla af þjónustu- og/eða sölustörfum er kostur og æskilegt að viðkomandi sé 18 ára eða eldri
Umsóknarfrestur er til 5. maí 2017 og umsóknir ásamt ferilskrá sendist á **atvinna@alafoss.is**

Stefnir þú hærra?

Húsaskjól fasteignasala leitar að einstaklingum sem vilja slást í hópinn.

ÞJÓNUSTUSTJÓRI
Við leitum að drífandi einstaklingi sem vill fara fram úr væntingum, hefur mikinn metnað og frumkvæði að nýjungum. Viðkomandi þarf að hugsa út fyrir kassann, hafa áhuga á samfélagsmiðlun, vera góður penni og tala og skrifa reiprennandi íslensku og ensku. Um er að ræða 50% starf.

SÖLUDEILD HÚSASKJÓLS
Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

Rauður varalitur setur punktinn yfir i-ið

Leikkonan Rosamund Pike klæddist svörtu frá toppi til táar á gala-kvöldverði á fimmtudaginn en það sem setti punktinn yfir i-ið var eld-rauður varalitur sem hún skartaði. Þar sýndi hún og sannaði að fallegur varalitur í rétta litnum getur svo sannarlega gert mikið fyrir annars einfalt dress. Pike var með látlausa augnförðun þetta kvöldið þannig að aðalfókusinn var varaliturinn. Þetta þarf ekki að vera flókið!

Maybelline-varalitirnir eru á frábæru verði.

Rétti varaliturinn getur gert kraftaverk.

Lady Danger frá MAC er alltaf jafn vinsæll.

Glossy Stain-varalitirnir frá YSL þekja vel en gefa líka mikinn gljáa.

Chanel Rouge Allure Intense-varaliturinn í litnum Incandescente klikkar ekki.

Sumartilboð
Opið laugardag og sunnudag frá kl. 11.00 til 16.00
Hágæða postulín blómapottar 20% afsláttur
Margar stærðir
HEILSU DREKINN
Kínverskar gjafavörur
Vasar · Diskar · Lampar · Pottar · Tesett · Myndir · o.m.fl.
Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekinn.is

Barilla

ÞEGAR **HOLLUSTA** OG GOTT BRAGÐ SAMEINAST

HEILHVEITI PASTA & BASIL PASTA SÓSA

Bragðgóð lausn fyrir langtíma orku!

Sumarleg kaka á kaffiborðið

Um helgar er gott að slaka á heima og þá er tilvalið að baka eitthvað gott með kaffinu. Þessi sumarlega sítrónukaka er bragðgóð, auðveld og fljótleg í bakstri. Hún er tilvalin fyrir krakka sem hafa gaman af því að baka.

AÐALFUNDUR
HEIMILIS OG SKÓLA

Aðalfundur Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra verður haldinn **miðvikudaginn 3. maí, kl. 16.** Fundurinn verður haldinn hjá **SAMFOK í fundarsal á 4. hæð, Háaleitisbraut 11-13, 108 Reykjavík.**

Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf og eru félagsmenn hvattir til að mæta. Lagabreytingar eru auglýstar á heimasíðu **www.heimiliogskoli.is**.

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra
SUÐURLANDSBRAUT 24 | 108 REYKJAVÍK
SÍMI 516 0100 | WWW.HEIMILIOGSKOLI.IS

Nú þegar sumarið er á næsta leiti er gott að skella í eina frískandi sítrónuköku. Þessa uppskrift má einnig nota til að baka möffins en hún ætti að duga í 12 stykki. Þá er hægt að skera hana í sneiðar og setja í frysti og eiga til góða ef gestir skyldu óvænt reka inn nefið. Loks má nota límónubörk í staðinn fyrir sítrónubörk en þá fær kakan aðeins öðruvísi bragð. Þetta er kaka sem er einföld í bakstri og hentar því vel fyrir krakka sem hafa gaman af því að baka. Gott er að borða hana með þeyttum rjóma til spari.

250 g smjör, mjúkt
250 g sykur, má nota aðeins minna ef vill
4 egg
Börkur af tveimur sítrónum, fínt rifinn
250 g hveiti
1 tsk. lyftiduft
Salt á hnífsoddi

Hitið ofninn í 180°C. Hrærið saman smjör og sykur þar til blandan er orðin létt og ljós. Best er að nota góða hrærivél. Bætið síðan einu eggi í einu saman við og hrærið áfram þar til deigið er orðið létt og ljóst. Setjið sítrónubörkinn saman við og hrærið áfram. Bætið hveiti, lyftidufti og salti út í og hrærið varlega saman. Setjið deigið í vel smurt form, 28-30 cm langt. *Einnig má baka hana í hringlagaformi, miðstærð. Bakið í miðjum ofni í 50-60 mínútur eða þar til kakan er bökuð í gegn. Ágætt er að stinga prjóni í miðja kökuna eftir um 40 mín. bakstur og athuga hvort hún er að bakast.

Sumarleg sítrónukaka með kaffinu. Ekta kaka fyrir krakka að baka.

Sítrónukrem

1 dl sítrónusafi
100 g flórsykur

Blandið vel saman. Bætið við flórsykri ef kremið er of þunnt. Ef kremið er of súrt má setja smá vatn saman við það.
Berið kökuna fram með rjóma.
Hún er ekki síðri með vanillu- eða sítrónuís.

STEMA
Allar 550 og 750 kerrur eru án skráningarskyldu

Opið í dag laugardag kl. 10 til 14

Stema 550 og 750 kerrur fyrir vorverkin



Stema 750
Lengd á palli: 201x108
Heildarstærð: 292x150x87
Dekkjastærð: 2x32,02 (13")
Þyngd: 135 kg
Burður: 615 kg

Verð á Stema 550 - kr. 113.519,- með vsk
Verð á Stema 750 - kr. 131.520,- með vsk

750 tækja og flutningakerrur fyrir iðnaðarmenn

Stærð á palli: 251x153 cm
Heildarstærð: 350x198x59.5
Burður: 573 kg
Dekkjastærð: 13"
Þyngd: 177 kg

Hægt að fá skjólborð sem eru niðurfellanleg að framan og aftan. Pallur er með sturtum og handvirkur lyftibúnaður fáanlegur.

Stema 750 Systema - Verð frá kr. 194.999.- með vsk

Fagleg þekking, varahlutaþjónusta og viðgerðir um allt land.

ÁSAFL
Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafl@asafl.is - www.asafl.is

Bílar til sölu

Ford 350 til sölu, fleiri upplýsingar í síma: 8933892



Til sölu Ford F350 '08, ekinn 69 þús km. Gott eintak. Verð Tilboð , S: 8961931

VOLVO XC 90 T8

Glæsilegur 7 manna vel búinn og klár í allt. 360 myndavél, hiti í framrúðu, stýri, öllum sætum, 2 skjáir með gps, blind spot, ofl. Ofl. Verð kr.10.890.000. Skipti á ódýrari möguleg. Uppl. S 895 3000.

500-999 þús.

4X4 - KRÓKUR - TILBOÐ 690 ÞÚS!

FORD EXPLORER 4.0 XLT 5/2004 ek.161 þús m. sjálfskiptur, skoðaður 18. dráttartengi, ný heilsársdekk, ofl. ásett verð 890 þús TILBOÐ 690 ÞÚS möguleiki á 100% láni s.841 8955

Bílar óskast

STAÐGREIÐI BÍLA 0-750 ÞÚS!

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 750 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en '05, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

Hobby 390SF 2016,970kg, loftnet, sólarsella, bakkmyndavél kr. 2.750.000. S.8926315

Þarfnast billinn viðhalds eða viltu einfaldlega losna við hann. S. 8682352

Jeppar

Grand Cherokee Overland 04, 8 cyl, 4.7l, 266 ha, ek. 150 þ. m. Í toppstandi, óryðgaður, gott lakk, gott viðhald, hlaðinn aukahlutum. v. 1150 þús., s. 691-8297

Hópferðabílar

Til sölu: MB. 404 árg. 1996, ek. 670 þ. 55 +1 +1 farþega bíll í góðu standi. Uppl. í S. 892 8888

Kerrur

Er þetta kerran sem þig vantar? Hafðu samband. Sími: 8436610

Hjólbarðar

NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

POPETURSSON/HÚSAMÁLUN

Inni og útimálun - fagmennska og vönduð vinnubrögð. Fáðu frítt tilboð og gerðu verðsamanb. S:8587531

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Gott Viðhald
Húsasmíðameistari
S. 771 6050

Nýsmíði, viðhald, sumarhús og gipsvinna.

gottvidhald@gmail.com

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

SMIÐSKRAFTUR EHF.

NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.

Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.

Uppl. í s. 663 3944 Ingi

smidskraftur@gmail.com

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Húsamíðameistari vill bæta við sig verkefnum. Nýsmíði og viðhald. Uppl. s. 845 2939

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

SPÁSÍMI 908 7000

Spámiðlun, tarot, fyrirbænir, algjör trúnaður. Opið til 22.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

jonogoskar.is s.552-4910

Fyrirtæki

HÁRGREIÐSLUSTOFA TIL SÖLU

Björt stofa í góðu leiguhúsnæði í Hf 4-5 vinnustöðvar. létt kaup góðir tekjumöguleikar. Einn starfsmaður getur fylgt með í 40% starf.

Áhugasamir sendi fyrirspurn á harmeistari@gmail.com

Skólar & Námskeið

Námskeið

ICELANDIC F. FOREIGNERS - ENSKA - ENGLISH

ÍSLENSKA f. útlendinga I, II, III. ENSKA f. Fullorðna I,II,II, ENGLISH f. Adults: Byrja/Start: 1/5, 29/5, 26/6, 22/8, 11/9, 9/10, 6/11: Morgna/Síðd/Kvölds -Morn/Aftern/Evening. 4 vikur/weeks x 5 daga/days. 2 - 5 nem/students - www.iceschool.is - ff@icetrans.is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s. 5571155 / 8981175.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.



Til sölu

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

Heimilið

Barnavörur

VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is



Húsnæði

Sumarbústaðir

64,1m2 sumarhús/starfsmanna aðstaða í byggingu til sölu. Upplýsingar fást hjá sveinnskorri@gmail.com s: 893-0422

STÓRT SUMARHÚS TIL LEIGU Í GRÍMSNESI!
12 manns. Verð 45.000 þús kr. nóttin virka daga og 49 þús kr. nóttin um helgar, lágmark 2 nætur. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 & ktsumarhus@gmail.com

Til sölu 25m2 sumarhús til flutnings. Verð 5.9 m. Uppl. í s. 898-1598.

Til sölu 50m2 sumarhús auk 30m2 svefnlofts. Einangrað og óklárað að innan. Verð 10.000.000 s: 8647550

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

GRÖFUMENN - VERKAMENN
Óskum eftir að ráða gröfumenn og verkamenn til starfa. Góð laun í boði. Uppl. í síma 893 3915

Excavator - operator We are looking for excavatior operators and handworkers because of more projcets please call 893 3915

NONNABITI
Starfsmaður óskast í Reykjavík og Kópavog í hlutastarf/fullt starf. Reyklaus. Ath vaktarvinna.
Sendið umsókn á nonnabiti@nonnabiti.is eða á stöðunum.

TMÍ
TRYGGINGAMIÐLUN ÍSLANDS

Óskum eftir fólki í verkefni. Góðir tekjumöguleikar. Upplýsingar sendist á umsoknir@tmi.is merkt verkefni eða í 770-2277

ÞRIF OG AÐSTOÐ Í BAKARÍ
Röskur, stundvís og heilsuhraustur starfskraftur óskast til vinnu við þrif og aðstoð í bakarii í Kópavogi. Vinnutími alla virka daga frá kl. 9-17 Þarf að hafa bílpróf. Framtíðarstarf/sumarstarf
Áhugasamir sendi umsókn á: kokuhornid@kokuhornid.is

Viðskiptatækifæri

HÁRGREIÐSLUSTOFA TIL SÖLU / LEIGU Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU.
Flott stofa með 4 vinnustöðvar. Gott aðgengi. Traustur leigusamningur. Kaupandi/ur geta hafið störf strax.
Áhugasamir sendi á

markmid2016@gmail.com

Atvinna

SMIÐIR, RAFVIRKJAR, PÍPARAR, BIFREIÐASTJÓRAR, VÉLVIRKJAR OG MÁLARAR

PROVENTUS Starfsmannaþjónusta **551 5000**

Ármúla 15, 108 Reykjavík - www.proventus.is - proventus@proventus.is

Húsnæði óskast

Ártúnsholt / Árbær

Hjón með þrjú börn óska eftir **einbýli/raðhúsi/hæð á svæði 110,** Ártúnsholt / Árbær.
Aðeins langtímaleiga kemur til greina.
Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Allar nánari upplýsingar sendist á:
sendtohelgi@gmail.com

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

Námskeið

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið
Þriðjudaga og fimmtudaga 10:00 - 11:30
Þriðjudaga og fimmtudaga 17:30 - 19:00
Mánudaga og miðvikudaga 19:15 - 20:45

Framhaldsnámskeið spænska II
Mánudaga og miðvikudaga 13:00 - 14:30
Mánudaga og miðvikudaga 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska III
Þriðjudaga og fimmtudaga 13:00 - 14:30

Námskeiðin hefjast 24. apríl og 25. apríl og ljúka 18. maí.
Verð á mann 25.500.-

Upplýsingar í síma 698 5033 eða spaenskuskolinnhablame@gmail.com

Facebook: Spænskuskólinn Háblame

Skemmtanir

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

HAPPY HOUR alla föstudaga 16-19

LEIKIR HELGARINNAR:
LAUGARDAGINN 22. APRÍL
16:05 Chelsea - Tottenham

SUNNUDAGINN 23. APRÍL
13:05 Burnley - Man. United
15:20 Liverpool - Crystal Palace

Hljómsveitin TRAP
Rúnar Þór, Ásgeir Óskars, Reynir, Örn og Diddi spila um helgina,
föstudag 23-02 (opið til 03) og laugardag 00-03

Gullnáman

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

Hlutfall árslauna sem fer í orkukaup frá hitaveitu fyrir 100 m² húsnæði í Evrópu, 2015



Heimild: Talnaefni Orkustofnunar: OS-2016-T006-01

„Austur-evrópsk fjölskylda ver tífalt meiru af sínum ráðstöfunartekjum til húshitunar en íslensk fjölskylda þrátt fyrir minni kyndiþörf. Hitaveituverkefni sem þessi eru því eitt besta tæki stjórnvalda til að draga úr félagslegum og efnahagslegum ójöfnuði í Evrópu til langframa."

Á Íslandi svarar jarðhiti til 97prósenta af varmaþörf landsins og hvergi er hann jafn ódýr og á Íslandi. Þjóðin sparar árlega verulegar upphæðir með nýtingu vistvænna og innlendra orkugjafa, sérlega þegar á reynir í hagkerfinu. Þótt önnur ríki búi einnig yfir jarðhita og þurfi á varma að halda þá hefur ekkert annað ríki náð jafn langt og Ísland með hlutdeild jarðhita og víða er orka innflutt langar leiðir til bæjarfélaga þar sem undir þeim er jarðhiti. Velgengni okkar má að hluta rekja til fjármögnunar í gegnum Orkusjóðinn sem nú fagnar 50 ára afmæli sínu með veitingu styrkja til borana og hitaveituvæðingar.

Heildarvarmanotkun 2016

Heildarvarmanotkun: 34 PJ
Jarðhiti: 97%



Innri hringur - Notkunarflokkar Eurostat
Ytri hringur - Notkunarflokkar IGA
Heimild: Talnaefni Orkustofnunar: OS-2017-T010-01

Rúmenía

Í bænum Oradea var byggð dælustöð og komið fyrir dælu í jarðhitaholu sem var lítið nýtt og boruð djúp niðurrennslishola til að viðhalda vatnsbúskap í jarðhitakerfinu til langframa. Allur jarðhitavökvi sem tekinn er upp fer aftur djúpt niður í jarðhitakerfið til að halda jafnvægi. Verkefninu er lokið og árangur fór fram úr væntingum. Hitaveitan hitar upp almennt húsnæði í Oradea. Samhliða þessu verkefni vann Orkustofnun að undirbúningsverkefnum með nærliggjandi bæjarfélögum um möguleika þeirra til hitaveituvæðingar. Það þykir ljóst að möguleikarnir eru miklir og víða er að finna ónýtt tækifæri. Næsta tímabil sjóðsins er þegar hafið í Rúmeníu og ákveðið að byggja orkuáætlunina á sömu nálgun eftir þennan góða árangur.

Kiskunhalas í Ungverjalandi

Borverkinu mun senn ljúka utan við bæinn Kiskunhalas ekki langt frá Búdapest. Sjóðurinn styrkti borunina sem vonir standa til að veiti varma til bæjarins þar sem fyrir er hitaveita sem nýtir jarðefnaeldsneyti. Opinberir starfsmenn í Ungverjalandi hlutu þar að auki þjálfun í gegnum Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Hugmyndafræðin að baki nálguninni byggir á jarðhitaorkusjóðsmódeli Orkustofnunar sem nú fagnar 50 ára afmæli sínu. Í gegnum íslenska sjóðinn voru veitt hátt í 500 borlán til framkvæmda með ekki ósvipuðu fyrirkomulagi og gert var í Ungverjalandi.

Búkarest

Jarðhitaveita í Ilfov ekki langt frá flugvellinum Otopeni hefur verið gangsett og nýtir jarðhita úr borholu sem fyrir var til að hita spítala og aðrar opinberar byggingar. Starfsmaður sveitarfélagsins hlaut þjálfun hjá Jarðhitaskólanum og kemur nú að daglegum rekstri hitaveitunnar hjá sínu sveitarfélagi. Aflgeta holunnar er meiri og stendur til að tengja fleiri hús í nálægð við veituna. Þar að auki eru hugmyndir uppi um að auka verulega hlut jarðhita innan Búkarest í framhaldi af þessum árangri sem verkið gaf af sér.

ORKUSTOFNUN

Hlutverk Orkustofnunar

Stefnumótun í orkumálum
- Stjórnvöldum til ráðuneytis
- Langtíma áætlanagerð í orkumálum
- Standa fyrir orkurannsóknum
- Safna, varðveita og miðla gögnum um orkulindir og nýtingu þeirra

Leyfisveitingar

Auðlindanýting
- Vatnsorka
- Jarðvarmi
- Olía og gas
- Jarðefni
- Nytjavatn
- Ár og vötn

Eftirlit með auðlindanýtingu

Raforkueftirlit

Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Alþjóðlegt samstarf
- EEA Grants - Uppbyggingarsjóður EES
- Geothermal ERA NET
- World Energy Council
- CEER, IGA, IEA
- Annað alþjóðlegt samstarf

Orkusjóður

Orkusetur

Niðurgreiðslur á húshitun

Upplýsingamiðlun

Gagnamál, orkunýting, rannsóknir

METAN umhverfisvottað eldsneyti úr ruslinu þínu

Hver íbúi á höfuðborgarsvæðinu hendir um 145 kg af úrgangi í orkutunnuna á ári. Þar af eru um 70 prósent lífræn niðurbrjótanleg efni. Úrgangurinn er urðaður hjá SORPU í Álfsnesi.

Að ákveðnum tíma liðnum, þegar súrefni er ekki lengur til staðar í haugnum, byrja örverur að mynda hauggas. Hauggasið er að stórum hluta metan sem er mjög orkuríkt, en einnig áhrifarík gróðurhúsalofttegund. Með því að hreinsa hauggasið og aðskilja metan frá koltvísýringi má nýta það sem eldsneyti á ökutæki í venjulegum bensínvélum. Þannig er bæði dregið úr notkun á jarðefnaeldsneyti og umhverfisáhrifum frá urðunarstaðnum. Árið 2016 var metan fyrsta eldsneytið hérlendis til að hljóta Svansvottun og er nú eina umhverfisvottaða eldsneytið á Íslandi.

Aukin framleiðsla metans í gas- og jarðgerðarstöð

Í lok ársins 2018 er stefnt að því að hefja starfsemi í fyrstu gas- og jarðgerðarstöðinni á Íslandi, hjá SORPU í Álfsnesi. Metanvinnsla SORPU mun þá aukast til muna og heildarframleiðslan duga til að knýja um 7-8.000 bíla. Í dag eru um 1.400 metanbifreiðar af öllum stærðum og gerðum í umferðinni, bæði frá fyrirtækjum og heimilum.

Metanbifreiðar eru umhverfisvænn kostur og eru ódýrari í innkaupum og í rekstri en sambærilegir bílar sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti. Þær eru oftast tvíorkubílar og geta því ekið á bensíni ef langt er í næstu metanstöð. Auknu framboði metans fylgja tækifæri og geta sveitarfélög og fyrirtæki aukið sjálfbærni í rekstri og dregið verulega úr sótspori sínu með því að nýta metan á ökutæki.

Ávinningur af notkun metans sem eldsneytis

- Sótspor eins bensínbíls er meira en 100 sambærilegra ökutækja sem ganga fyrir metani.
- Sótmengun er nánast engin frá metanbílum.
- Notkun metans frá því framleiðsla hófst árið 2000 hefur dregið umtalsvert úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda, eða um 343.000 tonn af CO_2. Magnið samsvarar árlegum útblæstri álversins í Straumsvík.
- Með því að nýta metanið á ökutæki er verið að nýta innlent vistvænt eldsneyti. Þannig sparast gjaldeyrir sem nýta má til betri hluta.
- Engin vörugjöld eru á ökutækjum sem ganga fyrir metani. Fyrir vikið eru smærri metanökutæki oftast mun ódýrari en sambærileg bensínknúin ökutæki.
- Metanið kostar í dag 147 kr./Nm³. Í orku svarar það til þess að lítrinn af bensíni myndi kosta 131 kr. Verðið á metaninu er óháð verðsveiflum á eldsneyti erlendis.

Metan mætti einnig vinna úr skólpi. Hér sést breskur strætisvagn sem knúinn er metani frá skólphreinsistöð.

- Metan er eðlisléttara en andrúmsloft og stígur því hratt upp, sleppi það út.
- Það er erfiðara að kveikja í metani en bensíni.
- Við bruna metans myndast aðeins koltvísýringur og vatn.

Orkugjafi	Verð á orkueiningu	Verð [kr/KWst]	Útblástur [g CO_2 KWst]
Bensín	200 kr/l	15	317
Metan úr úrgangi	147 kr/Nm³	10	<0
Rafmagn heimila	15 kr/KWst	15	1,3

Ekki er tekið tillit til nýtingar mismunandi orkugjafa út í hjól.

Dexta

Búnaður fyrir orkuflutning og orkusparnað

Dexta orkutæknilausnir ehf.

- Varmaskiptar - **Ýmsar gerðir á lager**
- Varmadælur og kælisamstæður
- Iðnaðarviftur og -blásarar
- Loftræstisamstæður
- Tæknirýmis- og tölvukælar
- Vökvakælar
- Hitabúnt
- Hitablásarar
- Loftskiljur og afloftarar
- Dælur
- Hraðabreytar
- Sjó- og vatnssíur
- og margt fleira...

Fjölnisgötu 6A, 603 Akureyri | Símar: 461 4710 og 894 4721 | www.dexta.is | gauti@dexta.is

Stórt framlag til lífsgæða í landinu

Páll Erland, framkvæmdastjóri Samorku, segir Íslendinga búa við mikil lífsgæði úr íslenskri náttúru sem séu ekki sjálfgefin.

Starfsemi orku- og veitugeirans er samofin öllu daglegu lífi og verðmætasköpun í landinu, bæði hjá almenningi og fyrirtækjum. Þetta segir Páll Erland, framkvæmdastjóri Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja. Aðildarfélög eru um 50 talsins og starfa um allt land.

Lífsgæðin ekki sjálfgefin

„Það vill oft vera svo að þau gæði sem okkur þykja hvað sjálfsögðust geta verið þau allra mikilvægustu fyrir daglegt líf. Á það svo sannarlega við þau miklu lífsgæði sem við Íslendingar búum við, þökk sé náttúrunni okkar, varmanum og vatninu," segir Páll. Á síðustu áratugum hefur orkan sem býr í landinu verið færð inn á heimilin með markvissri uppbyggingu vatns-, hita- og fráveitu og raforkukerfis. „Það gerðist ekki af sjálfu sér; til þess þurfti fólk með mikla framsýni og áræði."

Það er auðvelt að gleyma því að aðeins eru fáeinir áratugir síðan hitaveitur umbyltu húshitun í landinu. Árið 1970 voru 53 prósent heimila hituð með olíu en í dag njóta 96 prósent þeirra hitaveitu. „Hitaveituvæðingin var mikið hitamál á sínum tíma en nú efast enginn um ábata hennar fyrir íslenskt samfélag," segir Páll. Hann nefnir einnig mikla gangskör í fráveitumálum undanfarin ár sem mun leiða til þess að um 85 prósent landsmanna verða tengd skólphreinsistöð í lok næsta árs miðað við aðeins 6 prósent árið 1993.

Þjóðhagsleg hagkvæmni ótvíræð

Íslendingar neyta langsamlega mest af vatni af íbúum Norðurlandanna, nota mikið rafmagn og hita húsin sín vel. Þegar kostnaður heimila í Reykjavík vegna húshitunar, rafmagns, frá- og vatnsveitu er borinn saman við aðrar höfuðborgir á Norðurlöndum kemur í ljós að hann er bæði lægstur og minnsta hlutfall af árstekjum. „Í Kaupmannahöfn þurfa hjón til dæmis að borga 730 þúsund krónur fyrir sama magn og hjón í Reykjavík sem borga 250 þúsund," segir Páll.

„Með því að nota innlenda, endurnýjanlega orkugjafa í stað þess að flytja inn kol og olíu sparar íslenskt þjóðarbú sér einnig árlegan viðbótarkostnað á bilinu 60-110 milljarðar króna," segir Páll. Í þessu samhengi er fróðlegt að sjá að viðskiptaafgangur Íslands fyrir árið 2015 var 125 milljarðar.

Mikilvægt framlag til loftslagsmála

Íslendingar búa við þá sérstöðu að nánast öll raforka og orka til húshitunar er fengin frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Þess vegna er beislun þeirra og nýting ekki einungis heillaskref fyrir fjárhag heimila og samfélagið í heild heldur um leið framlag landsmanna í baráttunni gegn hlýnun jarðar.

„Orkunotkun almennra notenda myndi skila 26 sinnum meiri útblæstri ef orkuframleiðsla væri með svipuðum hætti og hjá ríkjum OECD, segir Páll. „Á Norðurlöndunum er útblásturinn þrettán sinnum meiri en á Íslandi."

Tækifærin blasa við

„Okkar umhverfisvænu orkugjafar verða áfram í lykilhlutverki við að draga úr brennslu jarðefniseldsneytis hér á landi," segir Páll. Hann segir tækifærin blasa við þjóðinni. „Stærsta framfaraskrefið væri að nýta innlenda, græna orkugjafa í samgöngur að svo miklu leyti sem unnt er." Fyrir tilstilli orku- og veitufyrirtækjanna, sem leitt hafa innleiðingu hleðslustöðva, hefur rafbílum til dæmis fjölgað mikið á skömmum tíma. „Íslendingar hafa einu sinni leitt orkuskipti með hitaveituvæðingu, svo eftir var tekið um allan heim," segir Páll. „Við getum nú sýnt gott fordæmi enn á ný því hér eru allar forsendur til þess."

„Það vill oft vera svo að þau gæði sem okkur þykja hvað sjálfsögðust geta verið þau allra mikilvægustu fyrir daglegt líf," segir Páll Erland framkvæmdastjóri Samorku. MYND/ ANTON BRINK

FYRIR LÍFSGÆÐI OKKAR ALLRA

SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Orku- og veitufyrirtækin eru samofin verðmætasköpun og almennum lífsgæðum í landinu

Íslendingar neyta mest af vatni af íbúum Norðurlandanna, eru stórnotendur rafmagns og hita húsin sín vel. Kostnaður heimila fyrir þessa þjónustu er lægstur á Íslandi af öllum Norðurlöndunum.

Íslenskir orkugjafar eru endurnýjanlegir og umhverfisvænir. Þeir spara þjóðarbúinu einnig tugi milljarða á ári hverju.

Nánari upplýsingar á www.samorka.is

Raforka í sátt við samfélagið

Landsnet hefur það hlutverk að tryggja hagkvæma uppbyggingu og rekstur raforkukerfisins á Íslandi. Stefna fyrirtækisins er örugg raforka.

Sigrún Björk Jakobsdóttir, stjórnarformaður Landsnets, segir að stærsta áskorun fyrirtækisins verði hvernig hægt sé að ná sátt í samfélaginu til þess að Landsnet geti uppfyllt sínar skyldur. „Skyldur sem snúast um uppbyggingu og rekstur flutningskerfisins og tryggja jafnan aðgang að öruggri raforku um allt land. Núna er Landsneti ekki gert kleift að uppfylla þessar skyldur. Sem fyrrverandi sveitarstjórnarkonu finnst mér það vera grafalvarlegt mál því að orkumálin eru eitt af mikilvægustu byggðamálunum.“

Þörf á orkustefnu – landsáætlun

Landsnet hefur lagt fram Kerfisáætlun þar sem fram koma fjórar sviðsmyndir um þróun á raforkuþörf til ársins 2030. Þær voru dregnar upp eftir gott samráð við hagsmunaaðila og vel yfir 200 tillögur bárust í umsagnarferlinu. Sigrún Björk segir að það vanti stoðir undir kerfisáætlunina sem væri þá landsáætlun eða orkustefna Íslands.

Hún segir skýra og greinargóða stefnu, Landsáætlun, skipta máli fyrir landið enda sé hún líklegri til að stuðla að meiri sátt um uppbyggingu orkumannvirkja til lengri tíma. „Og það sé sjálfsagt að horfa til þeirra þjóða þar sem best er staðið að þessum málum.

Danir hafa sett sér metnaðarfulla orkustefnu, þeir náðu merkilegri þverpólitískri sátt um uppbyggingu flutningskerfisins og að landið verði óháð jarðefnaeldsneyti árið 2050. Við þurfum að taka tillit til metnaðarfullrar stefnu EU og Parísarsamkomulagsins að sjálfsögðu.“

Orkuskiptin mikilvæg

Sigrún segir að langstærsti hluti okkar orku sé endurnýjanlegur þannig að við séum komin vel áleiðis en stór tækifæri liggi í sjávarútveginum. Landsvirkjun og samtök fiskimjölsframleiðenda hafa nýverið gert með sér samning um orkukaup en framkvæmd hans verður hæg vegna flöskuhálsa í flutningskerfinu.

„Orkustefnuna þarf að skoða sem stefnu um atvinnuuppbyggingu og byggðastefnu. Þess vegna var farið í uppbyggingu á iðnaðarsvæðinu við Bakka en það er framtíðarverkefni. „Við undirbúning orkustefnunnar þarf jafnframt að skoða verklag og ferli,“ segir hún.



Sigrún Björk Jakobsdóttir, stjórnarformaður Landsnets.

> **Í stefnu Landsnets segir meðal annars að mikilvægt sé að sátt ríki í samfélaginu um hlutverk fyrirtækisins.**

„Við þurfum að skoða hvort það geti verið að skipulagsferlin hamli á einhvern hátt möguleikum á orkuskiptum og hvort það þurfi að breyta í kerfinu sjálfu til þess að hægt sé að ná markmiðunum. Í aðgerðaráætlun um orkuskipti er einn áherslupunkturinn að tryggt verði nauðsynlegt samstarf og samstaða allra aðila innan stjórnskipulagsins, samfélagsins og atvinnulífsins. Annað mál sem lítið hefur verið rætt um frá því að ný raforkulög voru sett og Landsnet stofnað er fyrirkomulag og þróun orkuviðskipta. Í orkustefnu EU skipta orkuviðskipti stóran sess. Undanfarið hefur verið umræða um að heimilum og smærri fyrirtækjum sé ekki tryggður aðgangur að öruggu rafmagni. Þetta þarf að skoða vel.“

Breytt umræða – aukin upplýsingagjöf

Allt síðasta ár var Landsnet mikið í umræðunni vegna dóms- og framkvæmdamála á Norðausturlandi og vegna Suðurnesjalínu 2 en Sigrún Björk segir umræðuna vera að breytast. „Umræðan hefur breyst mikið, við viljum leggja aukna áherslu á frumkvæði í upplýsingagjöf, aukið samráð og breyttan tón.“

Undanfarið hafa staðið yfir fundir og kynningar vegna Kröflulínu 3 frá Fljótsdal að Kröflu þar sem saman voru komnir fulltrúar sveitarfélaga, landeiganda og almennings.

Sigrún segir mikilvægt að allir séu tilbúnir í samtalið, hvort sem það er Landsnet, almenningur, fagstofnanir eða náttúruverndarsamtök. „Eftir átök undanfarinna ára, sem ég held að flestir séu orðnir þreyttir á, þá velti ég því fyrir mér hvort allt kerfið sé tilbúið í samtalið. Getum við sameinast um að einfalda verklag og ferli? Eru t.a.m. náttúrverndarsamtök tilbúin í samtal og að vera hluti af lausninni? Það verður ekki alltaf lausn sem öllum líkar. Við þurfum alltaf að ná málamiðlun. Það er athyglisvert að gagnrýnin síðastliðin ár hefur aðallega snúist að sjónrænum áhrifum háspennulína,“ segir Sigrún Björk og bendir á að það mætti frekar gagnrýna sóun í flutningskerfinu og að við séum ekki að nýta okkar grænu orku eins vel og hægt væri út af flöskuhálsum í kerfinu.

„Brýnasta verkefnið er að nýta okkar dýrmætu orkuauðlindir eins vel og hægt er og draga úr sóun. Málið er ekki flókið. Það snýst um lífsgæði á öllu landinu og öryggi á öllu landinu.“



ÁRSFUNDUR LANDSVIRKJUNAR 2017
Hilton Reykjavík Nordica
Miðvikudagur 26. apríl kl. 14

Þarf framtíðin orku?

Landsvirkjun hvetur til opinnar umræðu um orkumál og þau tækifæri og áskoranir sem eru framundan. Hvernig er rekstur og fjárhagur fyrirtækisins að þróast? Hvað er að gerast á orkumörkuðum heimsins? Hvaða áhrif hefur það á Íslandi? Hver er orkuþörf framtíðar og hvernig mætum við henni?

Bein útsending verður frá fundinum á landsvirkjun.is.

- **Benedikt Jóhannesson** fjármála- og efnahagsráðherra
  Ávarp
- **Jónas Þór Guðmundsson** stjórnarformaður
  Ávarp
- **Hörður Arnarson** forstjóri
  Ragna Árnadóttir aðstoðarforstjóri
  Þarf framtíðin orku?
- **Gerður Björk Kjærnested** fundarstjóri
- **Inga Lind Karlsdóttir** stjórnar umræðum að erindum loknum

Verið öll velkomin
Skráning á www.landsvirkjun.is
#lvarsfundur

Vits er þörf þeim er víða ratar

Krefjandi verkefni frá framsæknum viðskiptavinum gera Verkís kleift að standa í fararbroddi á sviði **orku** og **iðnaðar** á heimsvísu.

VERKÍS
VERKFRÆÐISTOFA

Ofanleiti 2 | 103 Reykjavík | 422 8000

Ævintýralegur ferill Tyrklandsforseta – stiklað á stóru

1994-1998
Recep Tayyip Erdogan er borgarstjóri í Istanbúl. Einhverjar áhyggjur uppi meðal andstæðinga hans um að hann myndi innleiða íslömsk lög í borgina; það gerði hann ekki og var raunar nokkuð farsæll borgarstjóri. Umdeild ákvörðun hans um að banna áfengi á kaffihúsum í borginni hleypti þó illu blóði í andstæðinga hans.

1998
Stjórnmálaflokkur Erdogans, Velferðarflokkurinn, er bannaður. Erdogan afplánar fjóra mánuði í fangelsi fyrir að lesa umdeilt íslamskt ljóð á fjöldafundi í Riiz.

ÁGÚST 2001
Erdogan er einn stofnenda hins íslamska Réttlætis- og þróunarflokks (AKP).

2002-2003
Undir forystu Erdogans vinnur AKP 363 sæti á þingi af 550. Erdogan er skipaður forsætisráðherra.

2003-2014
Sitjandi forsætisráðherra.

JÚNÍ 2011
AKP vinnur stórsigur í kosningum og þriðja kjörtímabil Erdogans hefst.

JÚNÍ 2013
Mikil mótmæli brjótast út í landinu vegna stefnumála Erdogans, m.a. umdeildra áforma um að breyta almenningsgarði í verslunarmiðstöð. Þúsundir særðust í átökunum.

MARS 2014
Erdogan forsætisráðherra heitir því að „útrýma“ samfélagsmiðlinum Twitter „sama hvað alþjóðasamfélaginu fyndist“. Twitter lokað í landinu.

10. ÁGÚST 2014
Erdogan kjörinn forseti Tyrklands.

28. ÁGÚST 2014
Erdogan settur í embætti. Hann lét þá strax hafa eftir sér að hann vildi breyta forsetaembættinu, færa því meiri völd.

NÓVEMBER 2014
Erdogan segir á kvennaráðstefnu í Istanbúl að konur og karlar séu ekki jöfn vegna þess að kynin séu eðlisólík. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hann lætur umdeild ummæli um konur falla. Áður hafði hann sagt tyrkneskum kvenkyns háskólanemum að vera ekki of vandlátar í því að velja sér eiginmenn og hafði beðið allar tyrkneskar konur að eignast þrjú börn.

Umdeildur leiðtogi marði meirihluta

Í þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fór síðastliðinn sunnudag í Tyrklandi var kosið um breytingar á stjórnarskrá landsins. Embætti forsætisráðherra verður þannig lagt niður og völd forsetans aukin – á kostnað þingsins. En hver er þessi forseti sem vill öll völdin?

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Alls vildu 51,3 prósent þeirra sem kusu á sunnudag færa Erdogan aukin völd. 48,7 prósent kærðu sig ekki um þær stjórnarskrárbreytingar sem lagt var upp með. Skoðanakannanir höfðu spáð já-hópnum meiri yfirburðum en raunin varð.

Breytingarnar sem Erdogan hefur þráð lengi taka þó ekki gildi fyrr en 2019. Þannig mun Tyrklandsforseti hafa forræði yfir fjárlögum Tyrklands, geta skipað og veitt ráðherrum lausn frá embætti og geta tilnefnt saksóknara og dómara við tyrkneska dómstóla, svo eitthvað sé nefnt.

Meðlimir stjórnarandstöðunnar höfðu lýst efasemdum um að þessar breytingar á stjórnarskránni væru yfirhöfuð nauðsynlegar, en Erdogan sagði að þeim væri ætlað að auka öryggi í landinu eftir valdaránstilraun í júlí á síðasta ári, sem misheppnaðist. Neyðarlögum var komið á eftir valdaránstilraunina. Allar götur síðan hefur Erdogan gengið einkar hart fram gegn stjórnarandstæðingum, fangelsað tugþúsundir embættismanna og stjórnarandstöðuþingmanna, hótað að taka upp dauðarefsingu á ný og ýtt grundvallarréttindum borgaranna í landinu til hliðar – þá lét hann loka hátt í 150 fjölmiðlum, sem honum þóttu sér ekki hliðhollir.

Stjórnarandstaðan telur að breytingarnar sem kosið var um feli í sér of mikið vald eins manns, forsetans, og hefur þegar krafist þess að 60 prósent atkvæða verði endurtalin vegna þess að óstimplaðir kjörseðlar voru teknir gildir. Kjörstjórn hefur tekið fálega í þær hugmyndir.

Erdogan segir hins vegar að breytingarnar séu forsenda þess að landsmenn sjái fyrir endann á þeim pólitíska óstöðugleika sem hefur viðgengist í Tyrklandi undanfarin misseri.

Úrkynjað ferli
Dr. Herdís Þorgeirsdóttir er starfandi lögmaður og einn þriggja varaforseta Feneyjanefndar Evrópuráðsins. Hún fundaði með tyrkneskum embættismönnum í Ankara vegna málsins og sagði í viðtali á Stöð 2 í vikunni:

„Það verður að tryggja að réttarríkið sé áfram við lýði og þrígreining ríkisvaldsins sé tryggð og það sé innbyggt aðhald í stjórnkerfinu. Það er ekki gert með þessum breytingum. Feneyjanefndin hefur miklar áhyggjur af þessum breytingum því þetta er mikil afturför fyrir lýðræðið í landinu. Þetta er stórt skref aftur á bak um ófyrirséðan tíma. Nefndin talaði um í sínum lokaorðum, sem Erdogan var ekki ánægður með, að þetta væri úrkynjað ferli.“

Vígalegur á vellinum

Erdogan fæddist í febrúar 1954 í borginni Rize, við strönd Svartahafsins. Hann er yngstur fimm systkina. Hann var þrettán ára gamall þegar faðir hans ákvað að flytja fjölskylduna til Istanbúl í þeirri von að börnin hans hefðu fleiri og betri tækifæri. Fjölskyldan bjó í hverfi í borginni þar sem grófir ofbeldisglæpir voru daglegt brauð. Æskuvinur Erdogans lýsti í samtali við The Financial Times árið 2004 að Erdogan hefði aldrei verið sérstakur námsmaður, en duglegur í félagslífinu, í rökræðum og haft áhuga á ljóðlist.

Sem unglingur seldi Erdogan límonaði og brauð til þess að verða sér úti um vasapeninga. Hann gekk í íslamskan grunnskóla áður en hann sótti sér menntun við Marmaraháskólann í Istanbúl. Þar lærði hann hagfræði og verslun og útskrifaðist svo árið 1981. Þá spilaði hann knattspyrnu og þótti nokkuð vígalegur á vellinum – hann velti því meira að segja fyrir sér að gerast atvinnumaður í íþróttinni. Liðsfélagi hans sagði í sama viðtali við The Financial Times 2004 að Erdogan hefði aldrei viljað fíflast með þeim eftir leikina; en hæddist að þeim fyrir að drekka áfengi og eltast við stelpur. Erdogan lifði eftir þeim gildum sem íslamstrú gerir ráð fyrir frá unga aldri.

Ekki kominn af ríku fólki
Erdogan hóf ungur þátttöku í stjórnmálum og vakti athygli fyrir vasklega framgöngu og hæfileika á pólitíska sviðinu. Það er talið honum til framdráttar að hann sé ekki af ríku fólki og margir stuðningsmenn hans lýsa honum sem „manni fólksins“ – sem þekki líf verkafólks og lægri stétta af eigin raun.

...UM ERDOGAN

- Erdogan gekk að eiga Emine Gülbaran árið 1978 og saman eiga þau fjögur börn; tvo syni, þá Ahmet og Necmettin, og tvær dætur, þær Estra og Sumeyye.
- Hann er súnní-múslimi.

15.-16. JÚLÍ 2016
Hluti Tyrklandshers og hóps sem kallaði sig Heimafriðarráðið reyndi að ná undirtökunum í tyrkneska stjórnkerfinu og hrekja forsetann frá völdum. Um þrjú hundruð manns fórust og tvö þúsund særðust í átökum við lögreglu og hermenn í kjölfar tilraunarinnar. Tyrklandsstjórn sakaði klerkinn Fethullah Gülen um að skipuleggja valdaránið.

16. APRÍL 2017
Kosið um breytingar á stjórnarskrá Tyrklands sem fela í sér grundvallarbreytingar á stjórnskipun landsins. Embætti forsætisráðherra verður lagt niður og völd forsetans aukin á kostnað þingsins.



Forsetahöll Erdogans er rétt fyrir utan Ankara. Hún er næstum þrjátíu sinnum stærri en Hvíta hús Bandaríkjaforseta og fjórum sinnum stærri en Versailles-höllin í Frakklandi. Í slúðurpressunni í Bretlandi er því haldið fram að eingöngu teppin í höllinni hafi kostað tæpan milljarð króna.

ÆSKUVINUR ERDOGANS LÝSTI Í SAMTALI VIÐ THE FINANCIAL TIMES ÁRIÐ 2004 AÐ FORSETINN HEFÐI ALDREI VERIÐ SÉRSTAKUR NÁMSMAÐUR, EN DUGLEGUR Í FÉLAGSLÍFINU, Í RÖKRÆÐUM OG HAFT ÁHUGA Á LJÓÐLIST.

Recep Tayyip Erdogan er gríðarlega valdamikill. NORDICPHOTOS/AFP

- Forsetinn er þekktur fyrir að raða í kringum sig ráðgjöfum sem standa ekki uppi í hárinu á honum, heldur eru sammála honum í nánast einu og öllu.
- Hann er mikill aðdáandi knattspyrnu og knattspyrnuleikvangurinn í hverfinu þar sem hann ólst upp er nefndur eftir honum.

NÝR byltingarkenndur vélsleði frá Yamaha:
- Turbo frá verksmiðju!
- 180 hestöfl sem skila sér strax!
- 2 ára ábyrgð
- 6 mismunandi útfærslur í boði
- Fox fjöðrun
- Camoplast® belti

Listaverð frá kr. 2.590.000,-
Ítarlegur verðlisti á www.yamaha.is

YAMAHA
www.yamaha.is
Kletthálsi 3 |110 Reykjavík | sími 540 4900

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

MIMM
Mjólk í mörgum myndum

Áttu hugmynd þar sem mjólk kemur við sögu?

Hér er tækifæri til að fá stuðning.

Auðhumla og Matís ætla að vinna saman að því að styðja og styrkja frumkvöðla til að þróa og koma nýjum hugmyndum byggðum á mjólk á framfæri.
Opið er fyrir allskonar hugmyndir og eina skilyrðið er að mjólkin gegni lykilhlutverki.
Kostur er ef hugmyndin stuðlar að jákvæðum umhverfisáhrifum og aukinni sjálfbærni.

Styrkir eru að hámarki 3 milljónir. Stuðningurinn felst í sérfræðiráðgjöf t.d. við að koma vöru á markað, aðstoð við uppsetningu vinnsluferla, vöruþróun, umbúðahönnun, matvælaöryggi og mælingar (t.d. geymsluþols-, næringargildis-, efnamælingar- og/eða lífvirknimælingar).
Einnig kemur til greina að standa fyrir námskeiðum fyrir smáframleiðendur mjólkurafurða eða afla nýrrar þekkingar á annan hátt.

Það verður ekki greitt fyrir eigin vinnu umsækjanda, hráefni eða tækjakaup.
Gert er ráð fyrir að verkefnin hefjist í júlí 2017 og séu til eins árs.

Umsóknafrestur er til 26. maí 2017

Frekari upplýsingar á *www.mimm.is* og *www.facebook.com/mjolk.i.morgum.myndum*

AUÐHUMLA
matís

LEIKVANGURINN

Svo miklu meira en bara leikur

El Clásico fer fram á sunnudag en það er stærsti einstaki deildarleikur hvers árs. Hatrið milli félaganna er mikið og nær langt aftur í tímann. Leikurinn skiptir öllu máli fyrir deildina en vinni Real Madrid eru þeir svo gott sem orðnir meistarar.

El Clásico, stærsti fótboltaleikur hvers árs, verður leikinn á Santiago Bernabeu þar sem Spánartitillinn er nánast í veði. Real Madrid hefur þriggja stiga forustu á Barcelona og á leik til góða. Vinni Real verða þeir meistarar. Vinni Barcelona er titilbaráttan galopin.

Gallinn er að líkurnar á sigri Barcelona eru ákaflega litlar. Þeir hafa verið skelfilega lélegir á útivöllum þegar kemur að stórleikjum. Þeir hafa tapað fyrir Manchester City, PSG og Juventus í Meistaradeildinni og verða án Neymar, sem blótaði dómaranum svo mikið í 2:0 tapi fyrir Malaga um daginn að hann uppskar rautt spjald. Svo það sé sagt á hreinni íslensku, þegar mikið liggur við þá er Barcelona ekki nægilega gott, sé spilað á útivelli.

Real Madrid hefur hins vegar tekið á sig rögg þegar mikið liggur við og aðallega maður að nafni Cristiano Ronaldo. Hann er búinn að skora 28 mörk í 37 leikjum, sem er kannski ekki það mesta sem hann hefur skorað á ferlinum, en mörkin hans hafa oftar en ekki skipt máli.

Í hinu liðinu er svo Lionel Messi sem hefur skorað 45 mörk og lagt upp 14 mörk. Samt hefur Messi verið mikið gagnrýndur á þessu tímabili. Aðallega fyrir framistöðu sína í stóru leikjunum. Þar virðist hann ekki lengur vera aðalmaðurinn.

Saga rígsins á milli liðanna

Sumir hafa sagt að hægt sé að rekja hatrið á milli liðanna aftur um 300 ár þegar Barcelona féll árið 1714 eftir 15 ára stríð og tveggja ára umsátur. Katalónska var í kjölfarið bönnuð í skólum. Ekki skánaði hagur Katalóníu undir stjórn Francos en hann leit á Katalóníu sem ógn við stjórn sína. Varð Real Madrid hans lið, andlit hans út á við, á meðan Barcelona varð merki þeirra sem vildu losna undan einræðisherranum.

Um sögufræga viðureign er að ræða á milli tveggja langstærstu liða Spánar sem hafa nánast einokað spænska meistaratitilinn frá upphafi. Undanfarna þrjá áratugi hafa aðeins fimm liðum tekist að skáka þeim í titilbaráttunni.

Barcelona hefur haft yfirhöndina síðustu ár en síðan 2008 hefur liðið orðið sex sinnum meistari – Real Madrid aðeins einu sinni. En nú virðist sem Madrídingar hafi yfirhöndina og tala sérfræðingar um að taka þurfi til í herbúðum Barcelona. Miðlungsmenn hafa verið keyptir í staðinn fyrir að gefa La Masia skólakrökkum tækifæri, en nýr þjálfari mun taka við í sumar.

En leikurinn er svo miklu stærri en að hann snúist bara um Messi og Ronaldo. Þetta er einn af þessum fótboltaleikjum sem er ekki bara leikur. Liðin sem ganga út á völl eru metin á vel yfir 150 milljarða. Það er eins og heildarfjárfesting Taconic Capital, bandaríska vogunarsjóðsins sem tók þátt í kaupum á Arion banka á dögunum, hér á landi eða fimmtugfaldur arður HB Granda á síðasta ári.

Neymar, krónprins Barcelona, hefur spilað 26 leiki og skorað níu mörk og lagt upp önnur níu. Samkvæmt tölfræði hefur hann búið til 79 færi fyrir félaga sína og átt 70 lykilsendingar. Hans verður því sárt saknað enda var það hann sem stýrði endurkomunni ótrúlegu á Nou Camp þegar PSG var slegið út. Annar sem hugsanlega verður frá er Gareth Bale. Hann hefur verið töluvert meiddur á þessu tímabili og virkað eins og hann sé alltaf á 90 prósent hraða og krafti. En Real Madrid hefur aðeins tapað þremur leikjum það sem af er tímabili. Og Bale hefur ekki verið með í þeim leikjum. Líklegt er þó að hann skokki inn á frá byrjun í staðinn fyrir að byrja sem varamaður.

Breiddin er einmitt svo miklu meiri hjá Real Madrid en Barcelona. Gegn Juventus skipti Luis Enrique aðeins einu sinni og hann hefur sjaldan notað 14 leikmenn í leik. Andre Gomes, Paco Alcacer og Denis Suarez eru góðir leikmenn en þeir eiga ekki heima í einu stærsta liði heims. Langt frá því. Á meðan hefur Zinedine Zidane oft hent Isco, James Rodriguez, Marco Asensio eða Alvaro Morata inn á og bjargað stigi eða jafnvel stigum.

Leikmenn Real munu koma í þennan leik fullir sjálfstrausts á meðan Barcelona-liðar eru hnípnir og brotnir eftir niðurlæginguna gegn Juventus. Það segir þó sitt um styrk Barcelona að vinni þeir þennan leik þá er titilbaráttan enn galopin. Jafnvel þótt þeir séu búnir að spila jafn illa og raun ber vitni. Vinni Real leikinn munu liðið án efa fagna Spánartitlinum og hringja gleðiklukkunum það sem eftir er tímabils. – bb

Sjónvarpsútsending El Clásico

650 milljónir manna eru sagðar horfa.

185 lönd munu sýna frá leiknum.

30 sérútbúnar myndavélar verða á vellinum.

12 4k myndavélar fylgjast með öllum hreyfingum.

2 myndavélar munu bara fylgja Ronaldo og Messi.

38 myndavélar verða með 360° tækni sem Intel hefur hannað.

400 manns sinna útsendingunni fyrir rétthafann.

1.500 fermetrar er bílastæðið fyrir sjónvarpsbílana á vellinum.

600 fréttamenn verða á staðnum.

KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA

HB
HÚSGAGNA BANKINN

Lagersala

Opið frá 13.00 - 18.00 virka daga og 13 - 16 laugardaga

Nýkomin ryksuguvélmenni frá ILIFE - Frábær kynningarverð

ILIFE A4S
Tilboð **42.000**
Ryksugar og þurrmoppar
Fjarstýring - Fer sjálf í hleðslu

ILIFE V5PRO
Tilboð **43.000**
Ryksugar og blautmoppar
Fjarstýring - Fer sjálf í hleðslu

ILIFE A6
Tilboð **53.000**
Ryksugar og þurrmoppar
Fjarstýring - Fer sjálf í hleðslu

149.000
Skenkur 175 x 50 x 92 sm

11.900
Neuveu Lotus

19.000
French Barrokk

109.000
Sjónvarpsskápur 135 x 45 x 55 sm

399.200
Borðstofuborð 180 x 100 sm
60 sm stækkun, 6 Hyper Wide stólar

159.000
Chippendale skápur
120 x 45 x 195 sm

298.000
Coltrain sófasett 3 + 1 + 1
Alklætt í ekta leður

7.500
Bluedio Hurricane
Þráðlaus heyrnatól

59.000
Hægindstóll m. snúningi
Klæddur í sterkt áklæði

89.000
Hægindstóll m. snúningi
Alklæddur í ekta leður

159.000
Rafknúinn hægindstóll
Alklæddur í ekta leður

9.900
Bluedio BS3 - 3D
Þráðlaus hátalari

www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030

Saga til næsta bæjar

Stefán Pálsson
skrifar um arkitekt og Íslandsvin.

Frá risaturnum til torfbæja

Farþegarnir setjast um borð í lestarvagninn sem rennur rólega af stað. Leiðin liggur upp í mót með skrúfgangi upp í 200 metra hæð. Ferðalagið tekur tuttugu mínútur, en allir kæra sig kollótta um það enda útsýnið stórkostlegt úr stálgrindarturninum. Á toppi turnsins er glæsilegur útsýnispallur, lýstur upp með þúsundum rafljósa og efst trónir stytta af hinum goðsagnakennda Atlas með Jörðina á herðum sér. Farþegarnir mega þó ekki drolla lengi á pallinum, því gert er ráð fyrir að tólf þúsund gestir streymi í gegnum turninn á hverri einustu klukkustund.

Eitthvað á þessa leið hefði lýsingin á Johnstone-turninum sem til stóð að reisa í Chicago árið 1893 getað hljóðað. Tilefnið var heimssýningin í borginni sama ár og tillagan var aðeins ein af mörgum hugmyndum um stóreflis turnbyggingar á sýningarsvæðinu. Ástæðan var augljós: á heimssýningunni í París fjórum árum fyrr hafði Eiffelturninn stolið senunni. Stálvirkið var hæsta mannvirki í heimi, gnæfði 300 metra upp í loftið og varð samstundis það kennileiti sem flestir tengdu heimssýninguna við.

Skiljanlega fannst skipuleggjendunum í Chicago að þeir þyrftu líka að reisa turn, helst enn hærri eða í það minnsta tæknilega fullkomnari, til dæmis með lestarvögnum fyrir gesti. Sá ljóður var þó á þeirri ráðagerð að Parísarsýningin gat gengið í digra sjóði franska ríkisins, en vestanhafs átti einkaframtakið að bera hitann og þungann af kostnaðinum. Eiffel-turninn franski fékk líka að standa eftir að sýningunni lauk, þótt ætlunin væri að rífa hann með tímanum og skapaði því tekjur á næstu árum. Borgaryfirvöld í Chicago tóku hins vegar ekki í mál að slíkar turnbyggingar fengju að standa til frambúðar, svo ljóst var að sala aðgöngumiða upp í turninn á sýningartímanum yrði að standa alfarið straum af byggingu hans. Það dæmi gat aldrei gengið upp, hversu mikið sem menn reiknuðu. Johnstone-turninn varð því aldrei annað en metnaðarfullar teikningar á blaði.

> ÖFLUGAR SPORVAGNASAMGÖNGUR MYNDU SVO TENGJA HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ SAMAN FRÁ SUÐRI TIL NORÐURS.

Turninn sem aldrei varð átti að heita eftir milljónamæringnum sem hugðist fjármagna ævintýrið og verða heimsfrægur í leiðinni. Og ekki hefði frægð bandaríska verkfræðingsins sem hannaði tækniundrið orðið minni, né danska arkitektsins sem réð útlitinu. Sá hét Alfred Råvad og átti sér merkilega sögu.

Stóra myndin

Til skamms tíma höfðu sárafáir Íslendingar heyrt getið um arkitektinn Råvad og tengingu hans við sögu íslenskrar byggingarlistar. Úr því var þó bætt í nýlegum og vinsælum sjónvarpsþáttum Péturs Ármannssonar og Egils Helgasonar, Steinsteypuöldinni. Råvad var fyrstur allra til að skrifa fræðilega um skipulagsmál á Íslandi og setti fram hugmyndir sem líklega höfðu talsverð óbein áhrif.

Alfred Råvad fæddist hið örlagaríka ár í Evrópusögunni 1848 og hét þá einfaldlega Alfred Jensen. Að loknu námi í byggingarlist áttaði hann sig hins vegar skjótt á ókostum þess að heita svo hversdagslegu nafni, en í Kaupmannahöfn einni voru þrír aðrir arkitektar sem kölluðust A. Jensen. Hann sótti því um að fá að kenna sig við fæðingarstaðinn Raadvad, sem breyttist í Råvad með örlitlum lagfæringum. Meðan á Bandaríkjadvölinni stóð breyttist rithátturinn í Roewade, til samræmis við enskan framburð og það er nafnið sem afkomendurnir notast við í dag.

Snemma varð ljóst að Råvad væri miklum hæfileikum gæddur sem arkitekt, en jafnframt komu fram önnur skapgerðareinkenni hans sem áttu eftir að móta starfsferilinn. Råvad var hálfgerður sveimhugi sem átti bágt með að festa hugann lengi við smáatriði. Þótt eftir hann lægju nokkrar ágætar byggingar, var hann miklu áhugasamari um stóru myndina: skipulag stærri svæða, bæjarhluta eða heilu borganna. Hann var sérstaklega áhugasamur um áhrif skipulags og byggingarlistar á samfélagið og voru hugmyndir hans á sviði skipulagsmála um margt langt á undan sinni samtíð.

Að mati Råvads var skortur á góðu heildarskipulagi mesta meinsemd Kaupmannahafnar og þegar árið 1886 útbjó hann sinn fyrsta skipulagsuppdrátt fyrir borgina. Stjórnendur Kaupmannahafnar höfðu á hinn bóginn lítinn skilning á þörfinni og margir áratugir áttu eftir að líða uns fyrsta heildarskipulagið var samþykkt fyrir höfuðborg Danmerkur.

Áhugaleysi Dana á skipulagsmálum átti vafalítið stóran þátt í að Råvad ákvað árið 1890 að flytja með fjölskylduna vestur um haf, rúmlega fertugur að aldri. Heimssýningin sem verið var að undirbúa í Chicago átti þó vafalaust einnig stóran hlut að máli. Hvergi á byggðu bóli var jafn mikil og stórhuga uppbygging og í Chicago. Tækifærin fyrir snjalla arkitekta og verkfræðinga voru þar á hverju strái og nýjasta tækni var allsráðandi við alla hönnun og framkvæmdir.

Af öllum þeim afburðamönnum sem að uppbyggingunni komu í borginni var enginn frægari en Daniel Burnham. Honum er eignaður heiðurinn af aðalskipulagi Chicago-borgar og skipulagi heimssýningarinnar, auk þess sem eftir hann stendur fjöldi skýjakljúfa og annarra stórhýsa í Chicago og fleiri bandarískum stórborgum. Enginn nemandi í skipulagsfræðum og sögu nútímabyggingarlistar kemst hjá því að læra um Daniel Burnham.

Eins og gefur að skilja hafði jafn afkastamikill arkitekt og Burnham fjölda aðstoðarmanna sér við hlið. Sjálfur var hann löngum stundum frekar í hlutverki stjórnmálamanns, sem hafði það aðalhlutverk að sannfæra yfirvöld og fjárfesta um ágæti tillagna sinna, þótt meira sé á huldu um það hverjir í aðstoðarliðinu fengu einstakar hugmyndir og sáu um útfærslu þeirra.

Alfred Råvad, eða Roewade eins og hann nefndist á Ameríkuárunum, var um alllangt skeið samverkamaður Burnhams og vilja ýmsir söguáhugamenn (einkum danskir) eigna honum stóra hluti í hinu fræga borgarskipulagi Chicago. Telja þessir sömu aðilar mikið óréttlæti að heilu bækurnar séu ritaðar um Burnham á meðan færslan um Råvad á ensku Wikipediunni telur 2-3 línur.

En sagan spyr ekki um sanngirni og tilgangslaust er að sýta það að bandarískar sögubækur geri mikið úr afrekum áberandi og litríks heimamanns, en gleymi hæverskum aðkomumanni sem fluttist aftur úr landi fáeinum árum síðar. Þegar fyrri heimsstyrjöldin braust út ákvað Alfred Råvad nefnilega að fósturjörðin þarfnaðist hans og hélt aftur til Evrópu.

Bróðir athafnamannsins

Á leiðinni heim ákvað Råvad að heimsækja bróður sinn í Reykjavík, kaupmanninn og útgerðarmanninn Thor Jensen. Vegna stríðsins varð hann innlyksa á Íslandi í heilan vetur árið 1915, gafst honum því rúmur tími til að kynna sér landið og sögu þess, en Råvad hafði alla tíð brennandi áhuga á norrænum fræðum.

Þegar til Danmerkur var komið setti Råvad saman stutta ritgerð um byggingarlist Íslendinga sem Dansk-íslenska félagið gaf út á báðum tungumálum.

Þótt ritgerðin sé fáar síður er hún stórmerkileg. Höfundurinn gerir sér grein fyrir því að íslensk húsagerð standi á krossgötum. Íslendingar muni á næstu árum og áratugum reisa fjölda stórhýsa, en hafi ekki miklar fyrirmyndir. Sérkenni byggingasögu landsmanna séu gömlu torfbæirnir og torfkirkjurnar, sem augljóslega geti ekki svarað kalli tímans og þá sé hætt við að útkoman verði smágerðar eftirlíkingar af evrópskum kirkjum og bárujárnsklædd timburhús með pappaklæðningum að innan, án nokkurra tengsla við íslenskar hefðir.

Svar Råvads var að leggja til að form torfbæjanna og -kirknanna yrði varðveitt þótt byggingarefnin væru látin víkja. Þykkir veggir og háir og hvassir húsgaflar myndu skapa sterkt sérislenskt yfirbragð húsa og halda þannig tryggð við ræturnar. Til að útskýra hugmynd sína betur lét arkitektinn fylgja grunnteikningar að sveitakirkju og íbúðarhúsi.

Ekki þarf að rýna lengi í teikningarnar til að sjá skyldleikann við ýmis verka Guðjóns Samúelssonar, sem hefð er fyrir að eigna hugmyndina að því að endurvekja burstabæjarformið í íslenskum arkitektúr. Á þessi tengsl var réttilega bent í þáttunum um Steinsteypuöldina.

Til að sinna stærri opinberum verkefnum á Íslandi, taldi Råvad þörf á fjórum menntuðum arkitektum í landinu, til að tryggja að unnt væri að halda samkeppnir um verkefni og koma í veg fyrir að sami maður sæti að öllum húsunum. Helsta áskorun þessara manna yrði að þróa sérislenskan byggingarstíl, en tilgangslaust væri að horfa þar til eldri stórhýsa á borð við Alþingishúsið og Landsbókasafnið, til þess væri stíll þeirra of evrópskur.

Ekki gat Råvad stillt sig um að ráða Reykvíkingum heilt í skipulagsmálum. Taldi hann einsýnt að framtíðarvöxtur bæjarins ætti að vera til suðurs í átt til Hafnarfjarðar, sem að lokum myndi renna saman í eina samfellda byggð, en ekki til austurs. Öflugar sporvagnasamgöngur myndu svo tengja höfuðborgarsvæðið saman frá suðri til norðurs. Þótt gerð Reykjavíkurhafnar væri byrjuð, taldi hann ekki of seint að hætta við og endurvekja hugmyndir um hafnargerð í Skerjafirði. Öskjuhlíð og svæðið í grennd við hana yrði svo tilvalið fyrir stórbyggingar á borð við háskólabyggingu, nýja sóknarkirkju Reykvíkinga, ýmis konar söfn og skrúðgarða.

Frá sjónarhorni skipulagsfræðinnar voru tillögurnar vafalítið bráðsnjallar, en fátt bendir til að ráðamenn hafi tekið þær alvarlega. Langþráð hafnargerðin var farin af stað og enginn áhugi á að slá henni á frest. Sum svæðanna sem Råvad sá fyrir sér sem uppbyggingarreiti tilheyrðu ekki einu sinni Reykjavíkurbæ og uppbygging bæjarlandsins mótaðist fremur af því hvaða lendur væru í eigu bæjarsjóðs en að djúp hugmyndafræði lægi að baki. En hver veit nema gesturinn danski fái uppreisn æru á næstu árum ef hugmyndir um borgarlínu verða að veruleika?

ERTU LÖNGU HÆTT/UR AÐ REYKJA EN SITUR UPPI MEÐ SKEMMDIRNAR!

ÞAÐ ER RAUNVERULEGA HÆGT AÐ FJARLÆGJA REYKINGAHRUKKURNAR

PANTAÐU FRÍAN TÍMA
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA
893-0098

Snyrtistofan Hafblik

Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

F&F

20% AFSLÁTTUR

AF F&F HERRAFATNAÐI
DAGANA 21. APRÍL - 1. MAÍ

Skeifan, Garðabær, Smáralind,
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

22. APRÍL 2017 LAUGARDAGUR

Merkisatburðir

1529 Austurhveli jarðar er skipt milli Spánar og Portúgals með Saragossasáttmálanum.

1906 Sérstakir aukaólympíuleikar eru settir í Aþenu í tilefni af tíu ára afmæli nútímaólympíuleikanna.

1917 Jón Helgason er vígður biskup.

1918 Konur eru kosnar í fyrsta skiptið til þjóðþings Danmerkur í þingskosningum.

1944 Bresk flugvél ferst rétt við nýja stúdentagarðinn í Reykjavík, Nýja garð, með allri áhöfn.

1950 Leikritið Íslandsklukkan eftir Halldór Kiljan Laxness er frumsýnt í Þjóðleikhúsinu

Í aftari röð eru Fanney Hauksdóttir, Þóra Sif Sigurðardóttir, forstöðumaður Lögmannshlíðar, Edda Friðgeirsdóttir og Kristinn Björnsson. Fyrir framan þau sitja Jenný Karlsdóttir og Orri Harðarson. MYND/RAGNAR HÓLM

Fyrst og fremst heiður

Orri Harðarson var valinn bæjarlistamaður Akureyrar 2017 til 2018 á sumardaginn fyrsta. Fleiri hlutu viðurkenningar fyrir framlög sín til menningar og lista.

Titillinn gefur mér örugglega aðeins meira svigrúm til að vinna að ritstörfunum en annars hefði orðið en ég lít ekki á hann sem pressu. Fyrst og fremst er þetta heiður," segir Orri Harðarson, tónlistarmaður og rithöfundur sem er nýkjörinn bæjarlistamaður Akureyrar 2017 til 2018.

Orri á að baki langan feril sem tónlistar- og hljóðversmaður. Eftir hann liggja fimm sólóplötur en þar sem plötuútgáfa hefur breyst síðustu ár hefur hann aðallega sett fókusinn á ritlistina. Hann hefur gefið út þrjár bækur, Alkasamfélagið 2008 og skáldsögurnar Stundarfró 2014 og Endurfundi 2016. Hann kveðst vera með tvær skáldsögur í kollinum og telur líklegt að önnur þeirra mótist að verulegu leyti á þessu ári, en hvort hún líti dagsins ljós fyrr en eftir tvö ár, viti hann ekki. „Tónlistin hefur alltaf fylgt mér frá því ég kom fyrst fram ellefu ára og ég fæst enn við að semja lög," segir Orri sem hefur búið á Akureyri um þriðjunginn af 45 ára ævi. „Konan mín er fædd hér og börnin okkar líka, svo ég fer að líta á mig sem rótgróinn Akureyring," segir hann.

Fleiri viðurkenningar voru veittar á Akureyri á sumardaginn fyrsta.

Kristinn Björnsson og Edda Friðgeirsdóttir hlutu eina úr Húsverndarsjóði fyrir viðgerðir og endurbætur á Aðalstræti 32, eitt þeirra húsa sem prýða Innbæinn á Akureyri. Fanney Hauksdóttir arkitekt fékk byggingarlistarverðlaun fyrir hjúkrunarheimilið Lögmannshlíð. Svo hlaut handverkskonan Jenný Karlsdóttir heiðursviðurkenningu Menningarsjóðs og Akureyrarstofu fyrir að varðveita og upphefja íslenska menningararfinn meðal með því að varðveita munstur sem sjá má á heimasíðunni munstur.is.

Menningarfélag Akureyrar ætlar að bjóða bæjarlistamanni ár hvert að nýta sér Menningarhúsið Hof eða Samkomuhúsið sem vettvang fyrir sýningu eða annars konar uppákomu í lok starfsársins. **gun@frettabladid.is**

Elsku mamma, tengdamamma, amma og langamma,

Hulda Jakobsdóttir

Litlagerði, Mosfellsbæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum sunnudaginn 16. apríl. Jarðarförin fer fram í Lágafellskirkju fimmtudaginn 27. apríl kl. 15.00.

Marteinn J. Stefánsson
Stefán V. Stefánsson
Linda Björk Stefánsdóttir
Arnar Stefánsson
Hulda Bergrós Stefánsdóttir
Hjalti Þór Stefánsson
Ásgerður Helgadóttir
Þórir Sigurbjörnsson
Guðný Eiríksdóttir
Hannes Kristjánsson
barnabörn og langömmubörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Kristín Ingólfsdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Nærgætni, hlýja og virðing
Við andlát ástvinar

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Ísleifur Jónsson, Útfararstjóri, Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir, Útfararþjónusta, Farsími 861 3441
Þjónusta allan sólarhringinn

Útfarar- og lögfræðiþjónusta
Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararstofa kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

Hjartans þakkir til allra sem hafa stutt okkur með vináttu og hlýhug við andlát, útför og í minningarathöfn elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

Jóhönnu Valdemarsdóttur

Norðurbyggð 31, Akureyri.

Kjartan Bjarni Kristjánsson
Sigríður Kjartansdóttir
Kjartan Bjarni Kristjánsson
Guðrún Kristjánsdóttir
Auður Kristjánsdóttir
Ingunn Jóhanna Kristjánsdóttir
Kristján Þórhallur Halldórss.
Erla Sara Svavarsdóttir

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Erling Snævar Tómasson

fv. skólastjóri, Kúrlandi 17, Reykjavík,

lést að heimili sínu 11. apríl. Útörin fer fram þriðjudaginn 25. apríl kl. 13 frá Bústaðakirkju.

Lára Erlingsdóttir
Ólöf Erlingsdóttir
Björn Erlingsson
Magnús Ingi Erlingsson
Már Erlingsson
Heiða Erlingsdóttir
Þorsteinn Jóhannesson
Bergþóra Valsdóttir
Halla Gunnarsdóttir
Rúnar Sigtryggsson

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Kristín Einarsdóttir

Hléskógum 9,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund mánudaginn 17. apríl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 27. apríl kl. 13.

Hjalti Sveinn Einarsson
Trausti Einarsson
Sigrún Einarsdóttir
Einar Magnús Einarsson
Margrét Jóna Einarsdóttir
Berglind Brynjólfsdóttir
Margrét Ingvarsdóttir
Baldur Þórólfsson
barnabörn.

Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýjar kveðjur vegna andláts og útfarar okkar ástkæru

Fjólu Björgvinsdóttur

frá Miðhúsum, Djúpavogi, síðar Kálfsárkoti, Ólafsfirði.

Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki á dvalarheimilinu Hornbrekku, Ólafsfirði, fyrir einstaka alúð og umhyggju.

Jóhannes Jóhannesson
Anna Rós Jóhannesdóttir
Hugrún Jóhannesdóttir
Skúli Gunnarsson
Hilmar B. Ingólfsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Dropinn holar augasteininn

Anna Jónsdóttir sópran og Brynhildur Ásgeirsdóttir píanóleikari flytja sönglög eftir bandarísk 20. aldar tónskáld í Norræna húsinu á morgun, 23. apríl, klukkan 15:15.

Meðal annars frumflytja þær verkið Dropinn holar augasteininn, eftir Jeffrey Lependorf, sem samið er við sjö ljóð Ingimars Erlends Sigurðssonar rithöfundar. Ljóðin fjalla um dropa, tár, sorg, náttúruna, ástina, lífið og dauðann. Tónverkið er innblásið af loftslagsbreytingum og bráðnun íslenskra jökla. Myndbandsverk sem er óskilgetið afkvæmi tónverksins verður sýnt samhliða flutningi þess.

– gun

Anna og Brynhildur hafa starfað saman í fjölda ára.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ásta V. Bjarnadóttir

(Sissa)

lést laugardaginn 8. apríl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum samúð og hlýhug. Bestu þakkir til starfsfólks Skógarbæjar.

Eyrún Ingimarsdóttir
Elías Jakob Ingimarsson
Ástmar Ingimarsson
Ingi Vífill Ingimarsson
Árni H. Ingason
Guðný Róbertsdóttir
Birna Ingimarsdóttir
Sara Harðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

Magnús Oddsson

rafmagnstæknifræðingur og leiðsögumaður, Bjarkargrund 35, Akranesi,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 11. apríl síðastliðinn. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 25. apríl klukkan 13.

Svandís Pétursdóttir
Pétur Magnússon
Ingibjörg E. Ingimarsdóttir
Ágúst Logi, Magnús Árni og Svandís Erla

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför bróður okkar og frænda,

Samúels Dalmanns Jónssonar

Dóra Guðbjört Jónsdóttir
Stefán Jónsson
og fjölskyldur.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Björn Birgir Björgvinsson

matreiðslumaður, Svöluási 34, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans 15. apríl. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 27. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð líknardeildar eða Minningarsjóð Karitas.

Agnes Sigurðardóttir
Sigrún Sif Stefánsdóttir
Jón Björgvin Björnsson
Arnar Freyr Björnsson
Ólafur Harðarson
Tinna Bessadóttir
Helga Sara Henrysdóttir
og barnabörn.

Elskulega móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,

Jenný Svana Halldórsdóttir

Borgarnesi,

lést í Brákarhlíð, Borgarnesi, miðvikudaginn 12. apríl. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju miðvikudaginn 26. apríl klukkan 15.00.

Halldór Guðmundsson
Finnur Guðmundsson
Elín Guðmundsdóttir
Sigurbjörn Ingi Guðmundsson
Íris Rut Marteinsdóttir
Angela Maria Roldos
Gunnar Þórunnarson
Rakel Björk Gunnarsdóttir
og barnabörn.
Ása Helga Halldórsdóttir
Ingvi Jens Árnason
Sigurbjörg Halldórsdóttir og aðrir aðstandendur.

Elsku móðir mín og tengdamóðir, systir okkar og amma,

Þóra Steingrímsdóttir

tónlistarmaður,

verður jarðsungin frá Fossvogskapellu mánudaginn 24. apríl kl. 15.

Steingrímur Þorbjarnarson, Rumyana Björg Ivansdóttir
Laufey Steingrímsdóttir, Sigrún Steingrímsdóttir
og barnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Gíslína Erna Einarsdóttir

Flétturima 6, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 18. apríl.

Ragnar Gunnarsson
Eiríkur Gunnarsson
Már Gunnarsson
Einar Gunnarsson
Sveinn Gunnarsson
Aldís Gunnarsdóttir
Hulda Gunnarsdóttir
Örn Gunnarsson
Guðríður Sigurjónsdóttir
Bára Jensdóttir
Erna Sigurðardóttir
Matthildur Sigurðardóttir
Jóna Guðmannsdóttir
Hafsteinn Guðmundsson
Sólveig Franklínsdóttir

Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæra föður,

Kjartans Friðrikssonar

Faxatúni 14, Garðabæ.

Ingibjörg Kjartansdóttir
Kristín Kjartansdóttir
Anna Kjartansdóttir
Brynja Kjartansdóttir
Salómon Kristjánsson
Sigurður Þór Sigurðsson
Albert B. Hjálmarsson
og fjölskyldur.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Sigríður Þóra Eiríksdóttir

Vesturbergi 60, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík þriðjudaginn 11. apríl. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 24. apríl kl. 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið endurhæfingarmiðstöð.

Jóhanna Vigdís Þórðardóttir
Eiríka Inga Þórðardóttir
Þorbjörg Þórðardóttir
Sigríður Þóra Þórðardóttir
Þórður Hall
Hans Steinar Bjarnason
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Ármann Ármannsson

skipstjóri og útgerðarmaður,

lést sunnudaginn 16. apríl sl. Útförin fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 26. apríl klukkan 13.00.

Lára Friðbertsdóttir
Ragnhildur Íris Ármannsd.
Ellý Ingunn Ármannsdóttir
Esther Ósk Ármannsdóttir
Ármann Fr. Ármannsson
Gil Chicheportiche
Guðbjartur Finnbjörnsson
Magna Huld Sigurbjörnsd.
barnabörn.

Eiginkona mín og ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Björg Andrésdóttir

sjúkraliði frá Hamri í Múlasveit, síðast til heimilis að Strikinu 12, Garðabæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold í Garðabæ 12. apríl. Jarðarför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 24. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta Alzheimersamtökin njóta þess.

Sigurður Óli Valdimarsson
Hrafnhildur Stella Sigurðard.
Sigurður Óli Sigurðsson
Guðný Sigurðardóttir
Ingibjörg Sigurðardóttir
Sigurður H. Einarsson
Ledis Bornachera Vasquez
Kristinn Þ. Vagnsson
G. Herbert Bjarnason
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Vignir Karlsson

fv. skólastjóri og framkvæmdastjóri,

lést á heimili sínu, Klifsholti við Kaldársel, mánudaginn 17. apríl. Hann verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði þriðjudaginn 25. apríl kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð líknardeildar og heimahlynningar Landspítalans.

Hjördís Edda Ingvarsdóttir
Vigdís Jónsdóttir
Ingvar Jónsson
Grímar Jónsson
Karl Gunnar Jónsson
Daníel Helgason
Sigrún Eiríksdóttir
Guðríður Lára Þrastardóttir
Karolina Cyll
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskulegi pabbi okkar, tengdapabbi, afi, langafi og langalangafi,

Magnús Steingrímsson

Hrafnistu, Reykjavík, áður til heimilis að Grensásvegi 60, Reykjavík,

lést á bráðamóttöku í Fossvogi laugardaginn 1. apríl. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 28. apríl kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

Kristjana Magnúsdóttir
Vöggur Clausen Magnússon
Svanfríður Magnúsdóttir
Sigrún Magnúsdóttir
Alda Magnúsdóttir
Stefanía Jóhannsdóttir
Sigurjón Þorláksson
Kristinn Ingi Sigurjónsson
og fjölskyldur.

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

Jónu Guðbrandsdóttur

Hörðukór 1, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu, Boðaþingi, fyrir góða umönnun, hlýhug og vináttu við Jónu og fjölskylduna.

Ásbjörn Einarsson
Einar Jón Ásbjörnsson
Elín Björk Ásbjörnsdóttir
Elísabet Reykdal Jóhannesd.
Gísli Jóhann Hallsson
og barnabörn.

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og stuðning við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Kjartans Lárusar Pétursonar

Bleiksárhlíð 44, Eskifirði, fyrrverandi bónda í Áreyjum við Reyðarfjörð,

sem lést 2. apríl sl. Sérstakar þakkir færum við öllum þeim sem sáu um að gera útförina að yndislega fallegri og góðri stund.

Hafdís S. Kjartansdóttir
María L. Kjartansdóttir
Guðrún J. Kjartansdóttir
Karen A. Kjartansdóttir
Anna J. Kjartansdóttir
Gunnar Þórðarson
Leó Óskarsson
Þórður Sveinsson
Osi Carvalho
barnabörn og barnabarnabörn.

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR

LÁRÉTT

1 Misþyrma mára í íslensku ávaxtalandi (7)
11 Það hljóðar svo: „Að vaða elg um verknaðinn“ (12)
12 Hér þarf vökustaur og dirfsku fremur en tilgerð (9)
13 Gerð eldstæðis eða það sem i það er troðið? (12)
14 Yst ruglar fáséð fiðrildi (9)
15 Klukkan þrjú? Þá fæst þessi asni ekki úr sporunum (9)
16 Óð út af gagninu í ánni (9)
17 Slá sig til riddara með för til stórborgar (4)
18 Hann heillar aldeilis heitnar, þessi (7)
19 Hef séð ríkidæmi, enda blasir það við (9)
23 Goggar þykjast eygja rannsóknartæki, en það er bara í nösunum á þeim (6)
25 Þessi hóar saman konum sem eru út af fyrir sig (9)
27 Ráðstefna í Odda breyttist í egghríð (8)
29 Gen afhjúpa ættleifð (7)
32 Hræ og höldar sem á því halda (7)
33 Atkvæðafjöldi merkingarbærrar einingar hefur verið skýrð í of löngu máli (8)
34 Djössuð rokksveit grandar rugli (7)
35 Tal um part 1 leiðir til uppnáms (7)
38 Þessar mæta þegar veturinn fer (9)
39 Helst vil ég þá sem mestan yfirgang sýnir (7)
40 Fundu guð í Lóu en drápu hana samt (6)
41 Festa sér poka hlífðarflíka (9)
42 Hefur þú gott af því að þau gerðust góð og gegn? (7)
43 500 eklar og eitt flak – það er rugl (6)
44 Et eðalsteik við margra hæða minnisvarða (9)
45 Pörun bitru og brengluðu hjónanna (5)
46 Týran frá hertri harpixkolu er minni en frá nútímafrænda hennar (8)

LÓÐRÉTT

1 Haugur af nesti en fátt um góða mola (9)
2 Gosið gefur gas (9)
3 Yrruputar eru tíkarfingur segir orðhvass ruglhaus (9)
4 Draumagambri frá Eldorado (9)
5 Svona eirmen er innantómt glingur (10)
6 Kvartlappar og nöldrandi spúsur þeirra (14)
7 Þetta Atlavíkurpartí er búið (8)
8 Bjórtegundirnar endurspegla brugghúsin (11)
9 Heiður óþokka er nokkurra kauna virði (7)
10 Hlýindaskeið ylja Unni og Hrönn (11)
20 Þoldir brókina innan brókar (12)
21 Hávaði við ákveðna öskuhauga (12)
22 Dúndruðum titti í gatið (7)
24 Nýti mér hina ættgengu ákveðni til að tryggja búseturéttinn (12)
26 Hittum Frónbúa í hverri álfu í þessum rannsóknarreisum (11)
28 Fyrir nú utan að skórinn passar á bjúgfættan (10)
30 Nart hinna guðdómlegu í eigin holdgerving (10)
31 Um máltíðirnar í sumarhögunum (10)
36 Myllumenn eru masgefnir (7)
37 Risastó gefur rokna kraft (7)





LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist iðja sem margir eru farnir að huga að (13). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 28. apríl næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „22. apríl“.

Lausnarorð síðustu viku var
KEISARAMÖRGÆS

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÉTT

			3	6				9
	5		4		9	3		7
			5				6	
6	8				3			5
3				4		9		
9	7	1	6			4		
						1		4
		9		7		2		3
7		2						

MIÐLUNGS

2	9		1		6			
1	8		3					6
			4		2		9	
		6		2				
5				1		7		4
			6				2	
8			7			1		
			9	5				
	7	3		4		8		

ÞUNG

	4				6		2	
	1			4		3		7
		7			3			6
		1						
7	9	5			1		6	
8		3		6	4			
6					9			5
		8				1		
	7				5			3

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN
Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni **Passíusálmarnir** eftir **Einar Kárason** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Gunnar Árnason, Reykjavík.**

7	8	5	2	4	6	3	1	9
2	9	3	1	7	8	5	6	4
6	4	1	5	9	3	7	2	8
3	5	7	8	1	9	6	4	2
4	1	9	3	6	2	8	7	5
8	6	2	7	5	4	9	3	1
5	7	6	4	8	1	2	9	3
9	2	4	6	3	5	1	8	7
1	3	8	9	2	7	4	5	6

8	6	1	3	9	5	4	7	2
7	4	9	2	1	6	5	8	3
3	2	5	7	4	8	9	1	6
5	8	4	6	2	9	7	3	1
6	7	3	4	8	1	2	9	5
9	1	2	5	7	3	6	4	8
1	5	7	8	6	4	3	2	9
2	3	8	9	5	7	1	6	4
4	9	6	1	3	2	8	5	7

8	1	4	9	2	5	3	7	6
5	9	6	1	3	7	2	4	8
2	3	7	8	4	6	5	9	1
6	7	9	2	8	3	4	1	5
3	4	8	7	5	1	9	6	2
1	5	2	4	6	9	8	3	7
9	6	5	3	7	2	1	8	4
7	8	1	5	9	4	6	2	3
4	2	3	6	1	8	7	5	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Skák
Gunnar Björnsson

Nansý Davíðsdóttir (1.864) átti leik gegn Birni Þorfinnssyni (2.413) í fyrstu umferð GAMMA Reykjavíkurskákmótsins.
Hvítur á leik
30. Hxg6! Dxh2 (30. ... hxg6 31. Dh3+ Kg8 32. Bb3+ Hf7 33. Dc8+). **31. Hg2 De5.** Björn reyndar hélt jafntefli í skákinni. Fimmta umferð fer fram í dag. Í kvöld fer einnig fram hin vinsæla spurningakeppni mótsins (pub quiz). Jóhann Hjartarson byrjar best íslensku keppendanna. **www.skak.is:** Allt um Reykjavíkurskákmótið.

Bridge
Ísak Örn Sigurðsson

ÚRSLIT ÍSLANDSMÓTS

Úrslitakeppni Íslandsmóts í sveitakeppni fer fram í sal Ferðafélags Íslands, Mörkinni 6. Tólf sveitir spila þar til úrslita og 4 efstu sveitirnar spila til úrslita um titilinn á sunnudaginn (23. apríl). Sveitirnar sem spila til úrslita eru: Garðs apótek, Grant Thornton, J.E. Skjanni, Jón Baldursson, Kollgáta arkitektúr, Logoflex, Lögfræðistofan, Málning, Tryggingamiðstöðin, Unaós, Vestri og Vopnabræður. Sveitir Kollgátu og Logoflex áttust við í fyrstu umferð og sveit Logoflex vann nauman sigur, 29-25 í impum talið, 11-20-8,80 í stigum. Sveit Logoflex tapaði þó heilum 16 impum í þessu spili í leiknum. Austur var gjafari og AV á hættu.

Norður
♠ KG92
♥ K7632
♦ 106
♣ G6

Vestur
♠ D108753
♥ 5
♦ Á8532
♣ 7

Austur
♠ Á
♥ DG
♦ KD94
♣ ÁKD1084

Suður
♠ 64
♥ Á10984
♦ G7
♣ 9532

Í opnum sal fetuðu Pétur Guðjónsson og Björn Þorláksson sig upp í 6 ♦ á AV-hendurnar, sem verður að teljast góð hálfslemma. Þó voru aðeins 2 borð sem náðu þeirri slemmu (sömu spilin spiluð í öllum leikjum). Fjögur borð spiluðu 5 ♦ á AV hendurnar. En í lokuðum sal var kostnaðarsamur misskilningur. Lokasamningurinn var 3 grönd og vörnin tók 5 fyrstu slagina á hjartað.

ÍSKALT TILBOÐ

BEN & JERRY´S

VERÐ

599 KR

ALLAR TEGUNDIR

500 ML.

OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Konráð og félagar á ferð og flugi 246

Bragi Halldórsson

„Þá er það næsta þraut," sagði Konráð. „Hún er svona: „Hvað er þetta Dýradýr mörg dýr?" „Dýradýr? Hvers konar bull er nú þetta?" hrópaði Róbert. „Það er ekki til neitt sem heitir Dýradýr!" En Konráð var ekki eins viss. Hann skimaði í kringum sig, og jú: „Sjáðu, Róbert! Þarna er það, Dýradýrið!"

„Óóó!" skríkti Róbert af hræðslu þegar hann sá Dýradýrið, „það er hræðilegt, það borðar okkur örugglega!" Það hnussaði í Kötu: „Bleyða, eins og alltaf."

Hvaða dýr sérð þú í þessu Dýradýri?

SVAR: 4 DÝR, SEBRAHESTÍ, FÍL, ÚLFALDA OG HREINDÝR.

Fróðleikur

Krabbadýr anda með tálknum sem þau hafa undir skurninni.

Perlur myndast á lööööngum tíma þegar aðskotahlutir eins og sandkorn eða skordýr komast inn í skeljasamloku, þá hleðst efni á innri hlið samlokunnar utan um aðskotahlutinn.

Kóralrif myndast úr dauðum kóröllum.

Skordýr eru ýmist með depilaugu eða samsett augu. Kóngulær eru með depilaugu.

Það sem veldur skærum litum kóraldýra eru þörungar sem setjast ofan á þau.

Fuglar og spendýr eru með jafnan líkamshita, óháð umhverfinu.

Heimild: Lífheimurinn

Aðalsafnaðarfundur

Aðalsafnaðarfundur Háteigssóknar verður haldinn í Safnaðarheimili kirkjunnar sunnudaginn **7. maí nk. kl. 12:00,** að lokinni messu.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknarnefnd.

Gekk inn kirkjuna undir StarWars-laginu

Íris Fjóla Friðriksdóttir fermdist á annan í páskum í Bústaðakirkju. Hún bjó til spurningaleik um sig fyrir veislugestina.

Íris Fjóla fékk nýtt rúm í herbergið sitt í fermingargjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Íris Fjóla Friðriksdóttir kveðst hafa hlakkað til fermingardagsins í tvö ár.

Hvernig leið henni svo þegar að honum kom? Vel, mér fannst fermingarathöfnin notaleg stund og líka skemmtilegt og fyndið að við gengum inn kirkjuna undir StarWars-laginu.

Tókstu undir í sálmunum? Ég fylgdist með þeim á blaðinu, en söng með í „Hallelúja" eftir Leonard Cohen.

Hvaða ritningarorð valdir þú að fara með? Ég valdi Gullnu regluna, „Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra". Mér fannst þau tengjast mér best.

Tókstu eftir einhverju sem presturinn sagði? Já, ég man sérstaklega eftir því að Pálmi sagði: „Ekki hætta að vera börn þó að þið séuð talin vera komin í fullorðinna manna tölu."

Komu gestir til þín á eftir? Já, það komu góðir gestir og héldu upp á daginn með mér. Það var gaman. Ég bjó til Kahoot-spurningaleik um mig og gestirnir kynntust mér enn betur.

Einhverjar gjafir? Ég fékk rúm, sjónvarp, hægindastól, þrjár ferðatöskur, rúmföt og margt annað fallegt.

Var eitthvað „best" við daginn? Ég veit ekki hvort það var eitthvað eitt best. Mér leið bara vel allan daginn og var ánægð þegar ég fór að sofa.

Hvert er helsta áhugamálið? Handbolti.

Ertu farin að skipuleggja sumarið? Ég hlakka til sumarsins. Ég fer í keppnisferð til Danmerkur með handboltaliðinu og til Ameríku með frænku minni. Svo ætla ég með fjölskyldunni hringinn í kringum landið. Við förum að veiða, ég elska að veiða á stöng.

Myndin

Hér flytja nemendur Ólafs Flosasonar tónlistarkennara eigið verk við ljóð Halldóru B. Björnsson á tónleikum sem Safnahús Borgfirðinga og Tónlistarskóli Borgarfjarðar efndu til á sumardaginn fyrsta. Þeir eru: Kristín Eir Holaker Hauksdóttir, Adda Karen Harðardóttir, Sædís Myst Suarez, Sesselja Narfadóttir, Vigdís Narfadóttir og Ólöf Sesselja Kristófersdóttir. MYND/GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

TIL HAMINGJU

LINDA, RAGNHEIÐUR OG GUNNAR

BARNABÓKAVERÐLAUN REYKJAVÍKURBORGAR

Pabbi prófessor
Bókaverðlaun barnanna
Besta bókin að mati
6–12 ára barna í Reykjavík

Íslandsbók barnanna
Besta myndskreytingin
Barnabókaverðlaun
Reykjavíkur

Skuggasaga – Undirheimar
Besta frumsamda bókin
Barnabókaverðlaun
Reykjavíkur





VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Austlæg eða breytileg átt á morgun, víða hæg. Él í flestum landshlutum og dálítil snjókoma syðst á landinu um kvöldið. Hiti víða 0 til 5 stig að deginum.

Heimurinn

Kaupmannah. 9°	Oslo 11°	Stokkhólmur 8°	Gautaborg 10°	Helsinki 4°	Þórshöfn 5°	Nuuk -6°
London 13°	Amsterdam 10°	Paris 15°	Berlin 10°	Madrid 19°	Brussel 10°	Róm 19°
Boston 8°	New York 12°	Orlando 20°	Moskva 8°	Singapúr 28°	Tókýó 12°	Sydney 17°

Reykjavík

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
1° ↓8	-1° ↓6	4° →7	5° ↑6	4° ↗6

Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-5° ←5	-4° ↗2	1° ↗15	2° ↗11	1° ↗5

Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-5° ↓6	-5° ↘8	1° →10	3° ↗12	5° ←4

Egilsstaðir

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-4° ↓11	-3° ↘14	1° →11	4° →5	5° ↑9

Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
1° ↓3	-0° ↓15	3° →6	5° →2	3° ↘11

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ALZHEIMER SAMTÖKIN

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Alzheimersamtakanna verður haldinn fimmtudaginn 11. maí 2017 í Hásal í tengibyggingu Hátúni 10 og hefst hann kl. 17:00.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Vakin er athygli á að samkvæmt lögum Alzheimersamtakanna hafa þeir einir rétt til að sitja aðalfund sem lokið hafa greiðslu árgjalds liðins árs.

Stjórnin

FVFÍ

Aðalfundur FVFÍ 2017
verður haldinn að Borgartúni 22
fimmtudaginn 27. apríl nk. kl.19:00.

Fundarefni:
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Lagabreytingar
3. Önnur mál

Veitingar að fundi loknum
Ársreikningur félagsins mun liggja frammi á skrifstofu FVFÍ alla virka daga milli kl. 10-15 vikuna fyrir fund.
Mætið vel og stundvíslega,

Stjórnin.

THERMOBALL™

POWERED BY PRIMALOFT®

EINN JAKKI FYRIR ALLAR AÐSTÆÐUR

Léttur og lipur. Fáanlegur bæði með og án hettu.

Hin byltingarkennda ***Thermoball*** einangrun er aðeins í North Face fötum.

Fáanlegur með bæði herra- og dömusniði.

Thermoball einangrun sem veitir einangrun sambærilega náttúrulegum dúni.

Helst hlýr þótt hann blotni, þökk sé ***Thermoball*** einangruninni.

Pakkast saman í eigin vasa. Þú trúir því ekki hversu fyrirferðarlítill hann verður fyrr en þú sérð það.

Við höfum leyft viðskiptavinum okkar að njóta tollalækkana og gengisstyrkingar, sem hafa skilað sér í lægra vöruverði.

VERÐ NÚ	VERÐ HAUST 2017	VERÐ HAUST 2016
25.990	**29.990**	**36.990**

THE NORTH FACE

NEVER STOP EXPLORING

NORTH FACE HEITIR EFTIR KÖLDUSTU HLIÐ FJALLS OG SEGIR ÞAÐ SITT UM GÆÐI FATNAÐARINS, SEM ER HANNAÐUR TIL AÐ VERJA ÞIG FYRIR HVERS KYNS VEÐRI.

ÚTILÍF

síðan 1974

KRINGLUNNI SMÁRALIND utilif.is

ÁRNASYNIR

Gömul aðferð til að selja og skemmta sér

Bókauppboð verður í Safnaðarheimili Grensáskirkju í dag. Þar verða ýmsir kjörgripir slegnir hæstbjóðanda af Bjarna Harðarsyni, bóksala á Selfossi.

Bjarni með fyrstu útgáfu af Ferðabók Eggerts og Bjarna á þýsku, frá 1774 og í forlagsbandi frá prentsmiðju. Á bak við Bjarna er Valdimar Tómasson skáld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Segja má að verið sé að endurvekja bókauppboð í borgarlífinu. Þau voru nokkuð reglulega á dagskrá á síðustu öld. Það er nauðsynlegt að rækta gömul raritet," segir Bjarni Harðarson bóksali þar sem hann er að raða upp bókum í Safnaðarheimili Grensáskirkju fyrir uppboð sem hefst klukkan 14 í dag.

„Við sem erum í gömlum bókum vitum að svona uppboð eru algerlega nauðsynleg til að markaður með gamlar bækur lifi. Hann deyr ef það er ekki eitthvert stuð í kringum hann. Því eru uppboð stór þáttur í því að við lifum af sem bókaþjóð," segir Bjarni og heldur áfram: „Við vitum líka að það að halda frjáls uppboð á lausamunum er mjög gömul aðferð á Íslandi til að selja og til að skemmta sér. Það skapast ákveðin stemning þegar hlutir eru boðnir upp." Bjarni er með eitt og annað í farteskinu úr eigin eigu og annarra. Bendir á eintök frá 18. og 19. öld, þar á meðal elstu prentun af Njálu, frá 1770, fágæta útgáfu af Passíusálmunum á kínversku og elstu prentanir af ljóðum Jónasar Hallgrímssonar, Eggerts Ólafssonar, Benedikts Gröndal og Kristjáns fjallaskálds.

„En við erum ekki bara þar," segir hann glaðlega. „Við erum líka að bjóða upp skemmtilegar kúríósur eins og Hróa hattarsögur sem voru prentaðar á Seyðisfirði fyrir mannsöldrum, hér eru fyrstu útgáfur af Tolkien á Íslandi sem voru myndasögubækur og við erum með Ástrík og Steinrík. Svo höldum við ekki bókauppboð þannig að við skiljum Jóhannes Birkiland útundan. Hann er auðvitað á sínum stað."

> **VIÐ SEM ERUM Í GÖMLUM BÓKUM VITUM AÐ SVONA UPPBOÐ ERU ALGERLEGA NAUÐSYNLEG TIL AÐ MARKAÐUR MEÐ GAMLAR BÆKUR LIFI.**

Uppboðið byrjar klukkan tvö en húsið verður opnað klukkan eitt svo fólki gefist tími til að skoða eintökin og handleika þau. „Við erum auðvitað að tala um notaða gripi og ástand þeirra er misjafnt en aðallega er um falleg eintök að ræða. Bæði eintök sem voru bundin inn aftur á 20. öld og þá í heilskinn og fallega gyllt og líka allmörg, eins og Njálan til dæmis, gömul Edduútgáfa og fleira, sem eru í upprunalegu samtímabandi en vel með farin. Einnig eru nokkur rit í upprunalegu prentsmiðjubandi sem er dálítið merkilegt. Það er semsagt eftir ýmsu að slægjast."

Sjálfur ætlar Bjarni að bjóða bækurnar upp. Honum til aðstoðar verður Valdimar Tómasson ljóðskáld og Ingibjörg Benediktsdóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, er regluvörður. **gun@frettabladid.is**

Tilkynning

Hrafnhildur Hjartardóttir löggiltur fótaðgerðafræðingur hefur hafið störf á ***Fegurð og Spa Ármúla 9***. Býð ég eldri sem nýja skjólstæðinga hjartanlega velkomna.
Tímapantanir í síma 595-7007
Bestu kveðjur Hrafnhildur

AÐALFUNDUR FLOKKS FÓLKSINS

Verður haldinn á skrifstofu flokksins að Hamraborg 10, Kópavogi, þann 29. apríl 2017 kl. 13.00.

Dagskrá:
- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar lögð fram
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Lagabreytingar
- Ákvörðun félagsgjalds
- Kosning stjórnar og endurskoðanda
- Önnur mál

Fundurinn er aðgengilegur félagsmönnum í Flokki Fólksins sem staðfest hafa félagsaðild sína með greiðslu félagsgjalds.

Tilkynna skal þátttöku á fundinn, með minnst viku fyrirvara með því að senda tilkynningu í gegnum heimasíðuna flokkurfolksins.is eða með því að hafa samband við skrifstofu í síma 555 0001 eða 863 6200.

Ef um framboð til stjórnar eða varastjórnar er að ræða þá skal skila þeim skriflega á skrifstofu flokksins fyrir kl. 14.00 miðvikudaginn 26. apríl n.k

Stjórnin

Karóki á djasstónleikum?

Tónlist
★★☆☆☆

Reykjavik Mambo Band (Jóhannes Þorleifsson, Agnar Már Magnússon, Gunnar Hrafnsson, Kristófer Rodriguez Svönuson, Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir og Alexandra Kjeld) kom fram í djassklúbbnum Múlanum.
Björtuloft í Hörpu
Miðvikudaginn 19. apríl

Á heimasíðu Hörpu stóð eftirfarandi um tónleika í djassklúbbnum Múlanum á miðvikudagskvöldið: „Reykjavik Mambo Band leikur sjóðheitar salsaútsetningar frá Kúbu, Kólumbíu og Puerto Rico. Tónlistin er í bland undir áhrifum mambóbanda Tito Puente og Benny Moré, ásamt jazzskotnari stefnum. Tónleikagestir Múlans fá hér ráðlagðan dagskammt af rúmbu og fara áreiðanlega dillandi heim á leið niður rúllustiga Hörpu."

Það var ekki alveg svo. Ekki vantaði þó fjörið, en enginn stóð upp til að dansa. Enda dansar enginn salsa bara einn, tveir og þrír. Salsadans nýtur vaxandi vinsælda hér, en það þarf að læra hann. Af þeim ástæðum eru salsanámskeið haldin hér reglulega og eru þau jafnan fjölsótt.

Sama mætti segja um sönginn sem oft tilheyrir svona tónlist. Maður hoppar ekkert si svona upp á svið og fer að syngja. Þrátt fyrir að salsa sé alþýðutónlist krefst hún raddbeitingar sem þarf að vera í lagi.

Á tónleikunum komu fram þau Jóhannes Þorleifsson á trompet,

„Agnar Már var þéttur og fókuseraður, hvort sem hann hristi salsariff fram úr erminni, eða galdraði fram djass," segir í dómnum.

Agnar Már Magnússon á píanó, Gunnar Hrafnsson á bassa, Kristófer Rodriguez Svönuson á slagverk og Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir á básúnu og fiðlu, en hún sá einnig um útsetningar. Alexandra Kjeld söng og Sigrún tók undir með henni af og til.

Hljómsveitin kallaði sig Reykjavik Mambo Band og munu þetta hafa verið fyrstu tónleikar hennar. Segjast verður eins og er að þeir voru ekki nægilega vel undirbúnir.

Hljómsveitin sem slík spilaði að vísu ágætlega. Agnar Már var þéttur og fókuseraður, hvort sem hann hristi salsariff fram úr erminni, eða galdraði fram djass. Það lék allt í höndunum á honum. Gunnar var líka með sitt á hreinu á bassanum, Jóhannes spilaði á trompetinn af miklu fjöri en jafnframt öryggi, Sigrún lék fallega á bæði hljóðfærin sín og Kristófer var pottþéttur á trommurnar.

Söngurinn var hins vegar ekki góður og það var hann sem skemmdi heildarmyndina. Alexandra söng stundum í míkrófóninn og stundum ekki. Þegar hún gerði það var fjarlægðin í hann mismunandi sem skilaði sér í ójöfnum tónstyrk. Það hefði líka mátt hafa smá bergmál í söngkerfinu, röddin var skraufþurr. Raddbeitingin sjálf var auk þess afar viðvaningsleg og því minnti útkoman helst á þriðja flokks karóki. Auðvitað getur söngurinn í salsatónlist verið hrár og e.t.v. var það hugmyndin hér, en fyrr má nú rota en dauðrota.

Styrkleikajafnvægið var ekki heldur nógu gott. Trompet er vissulega hvellur en básúnan mildari; munurinn á tónstyrk þessara tveggja hljóðfæra var samt sem áður allt of mikill. Svo drukknaði söngurinn gjarnan í hljóðfæraleiknum, sérstaklega þegar ekki var sungið í míkrófóninn.

Í það heila ollu tónleikarnir vonbrigðum, sem er synd, því latnesk alþýðutónlist er skemmtileg. Hljómsveitin er þó efnileg, en hún þarf að vanda betur til verka næst.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Góður hljóðfæraleikur en styrkleikajafnvægið var gallað og söngurinn var afleitur.

Ferðafélag barnanna ásamt höfundum
KOMDU ÚT bjóða í skemmtilega

útiveru og fuglaskoðun í dag.

Þátttaka ókeypis og allir velkomnir.
Brottför frá bílastæði Grafarvogskirkju kl. 11.

NÝ OG STÓRSKEMMTILEG ÚTIVISTARBÓK!

Höfundar bókarinnar hafa langa reynslu af gerð vinsæls barnaefnis fyrir útvarp og sjónvarp.

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

22. APRÍL

Tónlist

Hvað? Bræðralag
Hvenær? 14.00
Hvar? Íþróttahúsinu Strandgötu, Hafnarfirði
Tónleikar bræðranna Friðriks Dórs og Jón Jónssonar á Björtum dögum laugardaginn 22. apríl kl. 14 og 16. Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og Lækjarskóla auk Hafnarfjarðarbæjar. Þátttakendur eru: Sinfóníuhljómsveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, Lúðrasveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, Rytmaband úr Tónkvísl, Unglingakór Lækjarskóla, Danshópur úr Lækjarskóla, Forskóli 2 og nemendur úr Tónlistarskóla Garðabæjar. Flytjendur eru á annað hundrað á aldrinum 8 ára til rúmlega tvítugs. Flutt verða 11 lög þeirra bræðra í útsetningu kennara tónlistarskólans. Miðaverð fyrir 12 ára og yngri er 1.500 kr. og 2.500 kr. fyrir 13 ára og eldri.

Hvað? Churchhouse Creepers & Ottoman
Hvenær? 22.00
Hvar? Hard Rock Café, Lækjargötu
Churchhouse Creepers & Ottoman spila fyrir dansi á Hard Rock Café þetta fagra föstudagskvöld.

Hvað? Afmælistónleikar Stelpur rokka!
Hvenær? 14.00
Hvar? Kex hosteli, Skúlagötu
Stelpur rokka! eiga fimm ára afmæli og af því tilefni verður ýmislegt húllumhæ í boði í allan dag á Kex hosteli. Auðvitað verður dagurinn kórónaður með tónleikum frá böndum sem hafa komið úr starfi Stelpur rokka! Þarna spilar Hellidemba, Gróa, RuGl, Soffía Björg og Sóley.

Hvað? Bestu lög Björgvins
Hvenær? 22.00
Hvar? Hvíta húsiðnu, Selfossi
Bestu lög Björgvins verða í fyrsta sinn í Hvítahúsinu Selfossi í kvöld. Þar mun Björgvin Halldórsson og hljómsveit hans rifja upp einstakan feril eins ástsælasta söngvara okkar í gegnum tíðina í tónum og tali frá því að hann var kosinn poppstjarna íslands árið 1969 til dagsins í dag með viðkomu í lögum frá HLH, Brimkló, Lónlí blú bojs, Hljómum, Sléttuúlfunum, Íslandslögum og víðar.

Viðburðir

Hvað? Plié Listdansskóli
Hvenær? 11.00 og 14.00
Hvar? Borgarleikhúsinu
Nemendasýningar Plié Listdansskóla verða haldnar í Borgarleikhúsinu. Fyrri sýning dagsins er Hrein ímyndun – Það ótrúlega, Jazz&Modern deild og sú seinni er Hrein ímyndun – Það furðulega, Ballettdeild.

Hvað? Vísindaganga á Degi Jarðar í miðborg Reykjavíkur - Stöndum vörð um vísindin!
Hvenær? 13.00
Hvar? Skólavörðuholt
Vísindagangan (e. March for Science) fer fram í miðbæ Reykjavíkur á Degi Jarðar, í dag klukkan 13. Markmið göngunnar er að sýna vísindafólki samstöðu og um leið fagna vísindum sem mikilvægri stoð í lýðræðislegu samfélagi. Efnt verður til fundar í Iðnó að lokinni göngu þar sem rætt verður um þá hættu sem steðjar að vísindastarfi og vísindafólki.

Hvað? Meðvirkni– tengsl við óheilbrigð fjölskyldumynstur og úrlausnir
Hvenær? 09.00
Hvar? Heilsuborg, Faxafeni
Á heildina litið í samvinnu við þerapistann Chris John, býður upp á námskeið um meðvirkni – hvernig hún þróast í uppeldi vegna óheilbrigðra fjölskyldumynstra, heftir eðlilegan þroska okkar og hindrar okkur í að eiga heilbrigð samskipti við okkur sjálf og aðra. Chris sýnir okkur hvernig hið öfluga meðvirknimódel Piu Mellody gefur okkur innsýn í áhrif fjölskyldunnar á uppvöxtinn og líf okkar sem fullorðinna einstaklinga og hversu öflugt það er til úrlausna.

Hvað? Leiðsögn sýningarstjóra – Sigríður Sigurjónsdóttir
Hvenær? 14.00
Hvar? Kjarvalsstöðum
